

---

**STÖRF OG MENNTUN  
Í BJÖRGUN, ÖRYGGISÞJÓNUSTU  
OG LÖGGÆSLU Á ÍSLANDI**

Starfsgreinaráð um björgun, öryggisvörslu og löggæslu

Desember 2000

---

## Formáli

Með vísun til verksamnings SBÖL við menntamálaráðuneytið frá 15. mars 2000 hefur verið tekin saman eftirfarandi yfirlitsskýrsla um menntun og störf í björgun, öryggisþjónustu og löggæslu. Hefur starfsgreinaráðið starfað á árinu að þessari skýrslugerð samkvæmt verkáætlun í ofangreindum samningi og hafa verið haldnir 8 fundir í SBÖL auk þess sem ráðin var í verktöku Jóhanna Rós Arnardóttir til að annast þá gagnasöfnun og úrvinnslu sem hér liggur fyrir. Til verkefnisins var varið um 1000 vinnustundum utan þess vinnuframlags sem ráðsmenn lögðu fram við yfirlestur texta og gagna sem skýrslan byggir á. Jafnhliða þeirri gagnaöflun sem hér er birt hafa allar efnislegar upplýsingar um starfsgreinarnar, menntunarkröfur til þeirra, starfsmenntun og þjálfun verið færð í gagnagrunn sem byggður hefur verið upp af Eiríki Þorbjörnssyni, einum ráðsmanna, og starfsmanni ráðsins. Telur starfsgreinaráðið að með skýrslu þessari og þeim upplýsingum sem safnað hefur verið í gagnagrunninn sé búið að ná saman á einn stað nokkuð heilstæðri mynd af öllum þeim starfsgreinum sem koma að björgunarmálum, löggæslu og öryggisþjónustu í landinu.

Að mati starfsgreinaráðsins eru næstu skref sem vinna þarf í kjölfar þessa sem hér segir:

1. Vinna þarf að því að gera upplýsingar sem safnað hefur verið í gagnagrunninn betur samanburðarhæfar með því að skoða hvort og þá hvar heiti einstakra námsgreina eru ólík þótt sama eða svipað kennsluefni felist að baki.
2. Flokka þarf starfsgreinarnar í samleita hópa eftir föngum og fá forstöðumenn, fulltrúa starfsmanna og þeirra sem annast starfsmenntun og þjálfun innan þessara hópa til viðræðna um framtíðarsýn og heildarstefnu í starfsmenntun og þjálfun þeirra, og hugsanlegar leiðir til samræmingar.
3. Hefja þarf könnun, í samráði við hagsmunaaðila viðkomandi starfsgreinahópa eða starfsgreina, að leiðum til kjarnafræðslu á sviði björgunar-, löggæslu- og öryggisþjónustu.
4. Gera þarf tillögur til ráðuneytisins, á grundvelli framangreindrar vinnu, um starfsgreinanám og þjálfun samleitra hópa eða einstakra starfsgreina innan hugsanlegra hópa eða greina eftir atvikum, og um námskrár.

Það er mat starfsgreinaráðsins að rétt sé að hefja ofangreinda vinnu á því að boða til ráðstefnu með þeim hagsmunaaðilum sem að starfsmenntun björgunar- löggæslu- og öryggisþjónustu koma og stefnir starfsgreinaráðið að því að sú ráðstefna geti átt sér stað í endaðan febrúar eða byrjun mars 2001.

Guðjón Petersen  
Form. SBÖL

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
1 Yfirlit .....	7
2 Almannaþarnir .....	12
2.1 Störf.....	12
2.2 Menntun .....	14
2.3 Lög og reglugerðir.....	19
3 Björgunarbátar .....	21
3.1 Störf.....	21
3.2 Menntun .....	22
3.3 Lög og reglugerðir.....	22
4 Björgunarsveitir .....	24
4.1 Störf.....	24
4.2 Menntun .....	25
4.3 Lög og reglugerðir.....	27
5 Fangaverðir .....	29
5.1 Störf.....	29
5.2 Menntun .....	32
5.3 Lög og reglugerðir.....	35
6 Flugumferðarstjórn .....	36
6.1 Störf.....	36
6.2 Menntun .....	37
6.3 Lög og reglugerðir.....	39
7 Hafnarverðir.....	40
7.1 Störf.....	40
7.2 Menntun .....	41
8 Hafnsögumenn.....	42
8.1 Störf.....	42
8.2 Menntun .....	43
8.3 Lög og reglugerðir.....	44
9 Landhelgisgæsla.....	45
9.1 Störf.....	46
9.2 Menntun .....	49
9.3 Lög og reglugerðir.....	56
10 Lögreglumenn.....	60
10.1 Störf.....	60
10.2 Menntun .....	63
10.3 Lög og reglugerðir.....	68
11 Mengunarvarnir.....	72
11.1 Störf.....	73
11.2 Menntun .....	74
11.3 Lög og reglugerðir.....	76

12	Neyðarsímverðir .....	77
12.1	Störf.....	77
12.2	Menntun .....	78
12.3	Lög og reglugerðir.....	79
13	Siglingastofnun .....	80
13.1	Skipaefirlit.....	81
13.2	Vitaefirlit .....	82
13.3	Lög og reglugerðir.....	82
14	Sjúkraflutningamenn.....	84
14.1	Störf.....	84
14.2	Menntun .....	85
14.3	Lög og reglugerðir.....	89
15	Slökkviliðsmenn .....	91
15.1	Störf.....	91
15.2	Menntun .....	94
15.3	Lög og reglugerðir.....	99
16	Tilkynningarskylda .....	101
16.1	Störf.....	101
16.2	Menntun .....	102
16.3	Lög og reglugerðir.....	102
17	Tollverðir .....	103
17.1	Störf.....	103
17.2	Menntun .....	104
17.3	Lög og reglugerðir.....	106
18	Vinnuefirlitið .....	109
18.1	Störf.....	109
18.2	Menntun .....	110
18.3	Lög og reglugerðir.....	111
19	Öryggisþjónusta .....	113
19.1	Dyraverðir .....	113
19.2	Húsverðir .....	114
19.2.1	Störf.....	114
19.2.2	Menntun.....	116
19.2.3	Lög og reglugerðir .....	117
19.3	Laugarverðir.....	118
19.3.1	Störf.....	118
19.3.2	Menntun.....	118
19.3.3	Lög og reglugerðir .....	119
19.4	Lífverðir .....	119
19.5	Skipavaktmenn .....	120
19.6	Veggangaverðir .....	120
19.7	Öryggisverðir.....	120
19.7.1	Sjúkrastofnanir.....	120
19.7.2	Þjónustufyrirtæki .....	122
19.7.3	Rannsókn á störfum öryggisvarða .....	127
	Heimildir .....	129

# Inngangur

Með vísun til verksamnings SBÖL við menntamálaráðuneytið frá 15. mars 2000 hefur verið tekin saman eftirfarandi yfirlitsskýrsla um þær starfsgreinar sem ráðið hefur skilgreint sem umfjöllunarsvið sitt. Er með skýrslunni leitast við að varpa ljósi á þau störf sem innt eru af hendi innan viðkomandi starfsgreinar, þá almennu framhaldsmenntun sem nauðsynleg er til að koma til greina í starfið, starfsmenntun sem krafist er vegna starfsins, ýmist fyrir starf eða eftir að það er hafið, og þau lög og reglugerðir sem starfsmenntunin byggir á.

Starfsgreinar þær sem hér um ræðir eru flokkaðar í 18 höfuðflokka sem hver um sig hefur afmarkaða skírskotun til þeirra verka sem innan þeirra eru unnin, en einn þeirra “öryggisþjónusta” er brotinn niður í 7 undirgreinar til frekari aðgreiningar.

Til að meta umfang hvernar starfsgreinar var aflað upplýsinga um fjölda þeirra sem starfinu sinna og dreifingu þeirra eftir landshlutum, þar sem þær upplýsingar lágu fyrir. Með þeim hætti er hægt að ákvarða stærð greinarinnar og hvort hyggilegt sé að byggja upp námsbraut innan hennar. Sé um tiltölulega fámenna hópa að ræða verður e.t.v. frekar um námskeiðsform að ræða.

Aflað var upplýsinga um stöðu menntunar innan viðkomandi greina og reynt að meta hvaða undirstöðumenntun starfsfólkið þurfi að hafa til að uppfylla kröfur til starfsins. Einnig var safnað saman starfslýsingum innan þeirra greina þar sem þær lágu fyrir en í ljós kom að þær eru frekar fátíðar.

Áhersla var lögð á að safna upplýsingum um skipulag og tilhögun starfsmenntunar innan greinanna og kom í ljós að skipulag þessara mála á sviði björgunar, löggæslu og öryggisþjónustu er mjög mismunandi eða allt frá því að vera ekkert og upp í starfsemi rótgróinna starfsmenntaskóla. Til að nálgast heildarsýn yfir starfsmenntun í þeim greinum sem hér um ræðir var ákveðið að taka saman yfirlit yfir starfsnámið eftir lengd, námsefni, formi námsmats og inntökuskilyrðum. Fram kom í þeirri gagnasöfnun að námsefni liggur sjaldnast fyrir í námsskrám eða öðru skriflegu formi, enda oft “spilað af fingrum fram” í einstökum námskeiðum af viðkomandi leiðbeinendum. Þrátt fyrir það var leitast við að safna þeim gögnum sem tiltæk voru og skrá niður upplýsingar úr samtölum við leiðbeinendur þar sem það átti við.

Nauðsynlegt þótti að taka einnig saman upplýsingar um þau lög og reglugerðir sem í gildi eru um menntun og störf í viðkomandi starfsgreinum til að ljóst væri hvaða skyldur hvíldu á hverjum varðandi starfsmenntun innan einstakra greina og hvernig þær væru uppfylltar.

Samfara þessari gagnasöfnun var unnið með upplýsingarnar frekar og þær færðar inn í gagnagrunn. Þróun á gagnagrunninum er þó ekki lokið þó hann sé kominn vel á veg. Það verkefni sem eftir er að leysa er hvernig best er að skipuleggja uppbyggingu gagna með tilliti til samanburðarhæfni námsefnis og námskeiða og jafnvel ákveðna námskeiðspætti.

Auk þess er að framan greinir var safnað upplýsingum um önnur inntökuskilyrði eins og aldur, hvort krafist er sakavottorðs eða heilbrigðisvottorðs. Í gagnagrunninn eru

einnig upplýsingar um hvaða fræðsluaðili sér um námið og tilgreint er frá hvaða ári viðkomandi upplýsingar um menntun eru.

Rætt hefur verið við fjöldann allan af fólki sem kemur að því að skipuleggja nám innan þessara starfsgreina. Bæði hefur verið rætt við fólk í síma en einnig verið haldnir fundir. Haldnir hafa verið um 30 fundir með eftirtöldum aðilum:

- Tilkynningarskylda íslenskra skipa
- Háskóla Íslands um færnikröfur starfa, húsverðir, dyraverðir og öryggisverðir
- Landsspítalinn – háskólasjúkrahús, viðræður við öryggisfulltrúa og yfirmenn hans
- Lögregluskólinn, fundir með Gunnlaugi Snævarr v/grunnámsdeildar og Eirík v/framhaldsnámsdeildar
- Menntamálaráðuneytið, Reynir Karlsson v/laugarvarða
- Iðntækistofnun fundur með Þuríði fræðslustjóra
- Neyðarlínan heimsótt og rætt við Bergsvein Alfonsen
- Farið á ráðstefnu Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
- Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar með Þorsteini Þorkelssyni
- Securitas ehf. rætt við Árna Guðmundsson
- Farið á lögreglustöðina í Reykjavík rætt við Hörð Jóhannesson yfirlögregluþjón
- Slökkvistöð höfuðborgarsvæðisins fundur með skólanefnd
- Brunamálaskólinn fundur með Guðmundi Haraldssyni
- Sjúkraflutningaskólinn fundur með Svanhildi Þengilsdóttur skólastjóra og annar með Lárusi Petersen leiðbeinanda í Sjúkraflutningaskólanum og sjúkraflutningamanni
- Almannavarnir ríkisins, fundur með Hafþóri Jónssyni
- Rauði kross Íslands fundur með Helgu G. Halldórsdóttir v/flokksstjóra í fjöldahjálpi
- Landhelgisgæsla Íslands fundur með Magnúsi Gunnarssyni og Halldóri Nellet og fundur með Páli Halldórssyni yfirflugstjóra
- Vinnueftirlit ríkisins fundur með Þórunni Sveinsdóttur gæðastjóra og Ólafi Haukssyni eftirlitsmann
- Fjölbrotaskólinn í Breiðholti fundur með Magnúsi Ingvasyni
- Hallur Árnason hjá Reykjavíkurböfn v/mengunarvarna
- Ríkistollstjóri v/Tollskólans fundur með Karli Garðarssyni og Jóhanni Ólafssyni

Auk þessara funda er búið að ræða við fjöldann allan af fólki og hafa samskiptin þá verið símleiðis og í gegnum tölvupóst. Þetta eru m.a. fangelsismálastofnun vegna Fangavarðaskólans, Tollskólinn, Flugumferðastjórn, Siglingastofnun, Stýrimannaskólinn í Reykjavík, Öryggismiðstöð Íslands, Securitas á Akureyri, hafnarvörður í Ólafsvík, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Rauði kross Íslands vegna skyndihjálparnámskeiðanna, Hollustuvernd, Broadway v/dyravarða, lögreglan í Reykjavík v/eftirlits með vínveitingahúsum, framkvæmdarstjóri Árbæjarlauga v/menntunar laugarvarða, Hafnarsamband sveitarfélaga, Slysavarnaskóli sjómanna, Ríkisbókhald, Hagstofa Íslands og ýmis ráðuneyti s.s. dómsmálaráðuneyti v/leyfa öryggisþjónustufyrirtækja.

Athuga ber í þessu sambandi að fulltrúar í SBÖL eru tilnefndir frá helstu samtökum atvinnulífs og vinnumarkaðar á þessu svið og hafa allir tekið virkan þátt í þeirri vinnu sem hér er lögð fram.

## 1 Yfirlit

Hér verður gefið stutt yfirlit yfir stöðu menntunar meðal þeirra starfsgreina sem heyra undir SBÖL.

- **Almannavarnir**

Almannavarnir ríkisins sjá um skipulagningu á þjálfun fólks sem starfar að almannavörnum í landinu. Mismunandi er hvaða aðili sér um þjálfunina en almannavarnanefndir og vettvangsstjórar sækja námskeið hjá Almannavörnum ríkisins. Flokksstjórar í björgunar- og ruðningsstörfum og á skyndihjálpar- og sjúkraflutningasviði sækja námskeið hjá Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Flokksstjórar í fjölda- og félagshjálpar sækja námskeið hjá Rauða krossi Íslands. Námskeiðin eru mislög eða frá 2ja til 12 daga. Námið sem í boði er uppfyllir bæði lög og reglugerðir um menntun og þjálfun meðal fólks hjá almannavörnum. Þeir aðilar sem starfa í stjórnstöð hafa ekki sótt skipulögð námskeið en haldnar hafa verið æfingar til að þjálfa mannskapinn.

- **Björgunarbátar**

Á björgunarbátum eða björgunarskipum starfar fólk með viðeigandi grunnmenntun, eins og skipstjórnarréttindi eða vélstjórnarréttindi. Að auki sjá Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Stýrimannaskólinn í Reykjavík um frekari menntun og þjálfun. Áhafnanámskeið eru ætluð hásetum og vélstjórum.

- **Björgunarsveitir**

Í björgunarsveitum starfa sjálfboðaliðar eins og á björgunarbátum. Hjá Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar er boðið upp á mörg námskeið sem eru sérsniðin að því starfi sem viðkomandi björgunarsveitarmaður sinnir. Gefin er út námsskrá fyrir hvert skólaár þar sem náminu er m.a. lýst, lengd þess, kostnaði, innihaldi og í hvaða formi námsmat er. Í lögum eða reglugerðum er ekki kveðið á um störf eða menntun björgunarsveitamanna.

- **Fangaverðir**

Fangavarðaskóli ríkisins sér um menntun fangavarða. Námið tekur alls 9 mánuði og fara 2/3 hlutar þess fram í skólanum. Ekki liggur fyrir námsskrá eða námsefni. Alls voru 88 starfandi fangaverðir á landinu í maí 2000 og af þeim höfðu um 82% lokið fangavarðanámi. Í reglugerð nr. 304/2000 um menntun fangavarða og skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður er kveðið á um hvaða menntun og aðrar kröfur eru gerðar til umsækjenda um starf fangavarðar og fjallað um hlutverk Fangavarðaskólans, stjórn og starfslið hans.

- **Flugumferðarstjórn**

ATS-skóli Flugmálastjórnar sér um menntun flugumferðarstjóra. Námið er skv. staðli Alþjóða flugmálastofnunarinnar og tekur mislangan tíma eftir því hvar og hvaða starfi viðkomandi flugumferðarstjóri gegnir. Námskeiðið er breytilegt frá einu ári til hins næsta vegna þess hversu margar reglur geta breyst eða bæst við frá ári til árs. Í reglugerðum og lögum er kveðið á um hvaða menntun flugumferðarstjórar þurfa að hafa til að fá viðurkennd réttindi.

- **Hafnarverðir**

Áætlað er að hafnarverðir séu um 120 talsins á Íslandi. Ekki er kveðið á um menntun eða þjálfun þeirra í lögum eða reglugerðum. Slysavarnaskóli sjómanna hefur staðið fyrir námskeiði fyrir hafnarverði um hafnaröryggi. Mjög mismunandi er eftir höfnum og landssvæðum hvert starfssvið hafnarvarða er og koma þeir í sumum tilfellum einnig að mengunarvörnum í höfnum.

- **Hafnsögumenn**

Fáir starfa sem hafnsögumenn hér á landi. Til að starfa sem hafnsögumaður þarf viðkomandi að hafa lokið leiðsögumannanámskeiði, sem virðist ekki enn hafa verið haldið, þrátt fyrir ákvæði um það í lögum um leiðsögu skipa nr. 34 frá árinu 1993. Stýrimannaskólinn í Reykjavík hefur séð um námskeið fyrir hafnsögumenn.

- **Landhelgisgæsla**

Hjá Landhelgisgæslunni eru mismunandi störf sem heyra undir SBÖL. Þessi störf eru á varðskipum, í flugdeild, sprengisérfræðingar og starfsfólk í stjórnstöð. Almennu eru ákvæði um grunnmenntun í lögum eða reglugerðum um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi og flugmenn. Stýrimannaskólinn í Reykjavík sér um nám fyrir skipherra og stýrimenn á varðskipum (4. stig skipstjórnarréttinda). Mikið af því viðbótarnámi sem starfsfólk þarf að ljúka er í umsjón Landhelgisgæslunnar eða að starfsfólk er sent í nám erlendis.

- **Lögreglumenn**

Lögregluskóli ríkisins sér um grunnmenntun, framhaldsmenntun og símenntun lögreglumanna hér á landi. Grunnnámið tekur um eitt ár, en síðan eru einstök námskeið í boði til sérhæfðari starfa eins og fyrir rannsóknarlögreglumenn. Fast skipulag er á símenntun þó það sé ekki komið að fullu í framkvæmd. Skipulagt nám fyrir stjórnendur innan lögreglunnar er ekki í boði og hefur hingað til verið meira í formi einstakra námskeiða sem innlendir eða erlendir aðilar hafa séð um. Í lögreglulögum nr. 96/1997 með síðari breytingum og í reglugerð um Lögregluskóla ríkisins nr. 490/1997 er m.a. kveðið á um skipulag skólans og námsfyrirkomulag. Segja má að námið fylgi þeim lögum og reglugerðum sem kveðið er á um, nema hvað ekki hafa allir þættir komist í framkvæmd ennþá eins og símenntun og nám fyrir stjórnendur.

- **Mengunarvarnir**

Nám fyrir fólk sem starfar að mengunarvörnum hér á landi er einna helst í formi æfinga sem skipulagðar eru af viðkomandi svæðisráði og Hollustuvernd. Hjá Brunamálaskólanum og Lögregluskólanum hefur einna helst verið um einhverja menntun í mengunarvörnum að ræða. Hjá Brunamálaskólanum hefur námið einkum beinst að því að kenna meðhöndlun á hættulegum eiturefnum og rétt viðbrögð slökkviliðsmanna. Í reglugerð um bráðamengun í sjó nr. 465/1998 eru ákvæði um þjálfun vettvangsstjóra og umsjónarmanna mengunarvarnabúnaðar í höfnum. Fram til þessa hefur þessi þjálfun einkum verið í formi eins dags æfinga, sem hefjast á fyrirlestri fyrir hádegi og seinni partinn er síðan haldin æfing. Það var fyrst með lögum nr. 75/2000 um brunavarnir að slökkvilið og þar með slökkviliðsstjóri var gerður ábyrgur fyrir viðbrögðum við mengunaróhöppum í landi.

- **Neyðarsímverðir**

Sjúkraflutningaskólinn sér um vikulangt námskeið fyrir neyðarsímverði. Einnig fara þeir í 2-3 mánaða starfsþjálfun áður en þeir hefja störf sem felst í því að kynna sér starfsemi lögreglu, sjúkraflutninga, slökkviliðs, öryggisþjónustufyrirtækja og fleira. Auk þess eru haldin námskeið öðru hverju þar sem sérfræðingar eru fengnir til að kynna ákveðin málefni. Stuttlega er kveðið á um nám neyðarsímvarða í reglugerð nr. 570/1996 um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar og lengd þess en ekki hvað eigi að kenna og hvert skipulag námsins eigi að vera.

- **Siglingastofnun**

Hjá Siglingastofnun heyrir skipaefirlit og vitaefirlit undir SBÖL. Ekki er um skipulagt nám að ræða en krafist er undirstöðumenntunar í tæknigreinum við skipaefirlitið en nokkuð er misjafnt hvort það nám á að vera á farmhaldsskólastigi, þ.e. iðnnám, eða á háskólastigi, s.s. verkfræði. Við vitaefirlit starfa margir í litlu starfshlutfalli og er þetta gjarnan fólk sem býr skammt frá viðkomandi vita í sveitum landsins. Í lögum og reglugerðum er ekki sérstaklega kveðið á um menntun þessa fólks en þeir sem sinna skoðun á erlendum farþegaskipum og vöruflutningaskipum þurfa að uppfylla kröfur um menntun skv. reglugerð nr. 128/1997 um hafnarrikisefirlit.

- **Sjúkraflutningamenn**

Sjúkraflutningaskólinn sér um grunnmenntun, framhaldsmenntun og símenntun sjúkraflutningamanna. Grunnnámið er 110 klst. Þeir sem starfa í neyðarflutningum ljúka 317 klst. námi og að auki geta starfsmenn sótt eins árs viðbótarnám til Bandaríkjanna. Reglulega eru haldin endurmenntunarnámskeið þar sem farið er yfir grunnnámið og þurfa menn að ljúka því með prófi. Hér á landi er mikið um að slökkviliðsmenn sinni jafnframt sjúkraflutningum og því erfitt að segja að grunnþekkingin sé eingöngu fölgin í því námi sem sérstaklega er sniðið að sjúkraflutningum. Kveðið er á um nám sjúkraflutningamanna í reglugerð nr. 504/1986 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna.

- **Slökkviliðsmenn**

Brunamálaskólinn sér um menntun slökkviliðsmanna þ.m.t. slökkviliðsstjóra og eldvarnaefirlitsmanna. Námið skiptist í fjóra áfanga sem hverjum lýkur með ákveðnu starfsheiti sem er skilyrði til að halda áfram námi. Fyrstu tveir áfangarnir eru grunnnám en síðari áfangarnir framhaldsnám. Á milli þessara áfanga eru menn í vinnu sem lítið er á sem hluta af þjálfuninni. Kveðið er á um skipulag skólans og námsins í lögum um brunavarnir og brunamál nr. 41/1999 með síðari breytingum og reglugerð nr. 195/1994 um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna og reglugerð nr. 196/1994 um fræðslu og þjálfun í brunavörnum og slökkvistarfi á vegum einkaaðila.

- **Tilkynningaskylda**

Nám fyrir fólk sem vinnur hjá Tilkynningaskyldu íslenskra skipa er í formi einstakra námskeiða sem starfsfólk sækir. Fram til þessa hafa vinnubrögð verið kennd af reyndara starfsfólki, þó einstök námskeið hafi verið sótt eins og um tölvukerfið sem nýlega var tekið í notkun og fjarskiptanámskeið hjá Stýrimannaskólanum. Ekki er kveðið á um nám fyrir fólk hjá Tilkynningaskyldunni í lögum eða reglugerðum.

- **Tollverðir**

Tollskóli ríkisins sér um menntun og símenntun tollvarða. Námið tekur um eitt ár og eins og í öðrum starfsgreinum hér þá er það eingöngu ætlað starfsfólki sem þegar hefur verið ráðið til starfa. Í reglugerð nr. 85/1983 um Tollskóla ríkisins, veitingu í fastar tollstöður o.fl. með síðari breytingum, er kveðið á um menntun tollvarða og skipulag námsins. Ekki liggur fyrir námsvísir eða námsefni sem farið er yfir. Um 88 tollverðir voru starfandi á landinu í júní 2000. Um 18% þeirra höfðu ekki lokið námi, en þá er einnig talið með sumarafleysingafólk.

- **Vinnueftirlit**

Við vinnueftirlit starfar aðallega fólk sem hefur lokið tæknimenntun á framhaldsskóla- eða háskólastigi. Viðbótarmenntun er hjá Vinnueftirlitinu sjálfu í formi námskeiða sem vinnueftirlitsmenn ljúka hverju af öðru eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni. Því getur það tekið langan tíma frá því að starfsfólk er ráðið þar til það hefur lokið öllu því námi sem til þarf fyrir starfið. Ekki er kveðið á um nám vinnueftirlitsmanna í lögum eða reglugerðum.

- **Öryggisþjónusta**

Hjá SBÖL hafa dyraverðir, húsverðir, laugarverðir, skipavaktmenn, veggangaverðir og öryggisverðir verið flokkaðir undir þennan flokk.

Dyraverðir taka einstök námskeið sem í boði eru hverju sinni. Efling stéttarfélag hefur staðið að námskeiði fyrir dyraverði veitingahúsa en ekkert fast skipulag hefur verið á því og óljóst er hvert framhaldið verður. Ekki er kveðið á um menntun dyravarða í lögum eða reglugerðum.

Skipulagt nám, um 130 klst., og námsefni er til fyrir húsverði. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hafa þróað námsefni fyrir húsverði og hefur kennslan annað hvort farið fram hjá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti eða Iðntæknistofnun. Náminu er skipt í fimm 26 klst. hluta, þannig að hægt er að ljúka hverjum námsþætti fyrir sig. Fram til þessa hafa aðeins fyrstu fjórir hlutarnir verið kenndir. Fimmti hlutinn hefur verið skipulagður sem valáfangi sem væri þá sérsniðinn að starfi viðkomandi húsvarðar, s.s. í skóla eða við tölvukerfi. Ekki liggur fyrir hvert framhaldið verður á því. Ekki er kveðið á um menntun húsvarða í lögum eða reglugerðum.

Skipulagt nám og námsefni er til fyrir laugarverði. Í reglugerð nr. 7/1998 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er kveðið á um að laugarverðir þurfi að ljúka skyndihjálparnámskeiði og sundprófi. Rauði kross Íslands sér um kennslu í skyndihjálpar. Ekki er kveðið á um grunnmenntun og símenntun laugarvarða.

Ekki er neitt skipulagt nám fyrir skipavaktmenn. Nokkuð skiptar skoðanir eru á því hvort hér sé um deyjandi stétt að ræða eða ekki. Starfið felst fyrst og fremst í að vakta skip á nóttunni.

Veggangaverðir taka einstök námskeið sem viðkomandi fyrirtæki telur æskilegt að starfsfólk sæki hverju sinni. Ekki er kveðið á um í lögum eða reglugerðum um menntun veggangavarða.

Meðal öryggisvarða þá er það mjög háð viðkomandi stofnun eða fyrirtæki sem hefur öryggisverði í vinnu hvaða nám þeir fá. Í reglugerð nr. 340/1997 um öryggisþjónustu er aðeins kveðið á um að fyrirtæki sjái öryggisvörðum fyrir nauðsynlegri fræðslu og viðeigandi fræðslu í hjálp í viðlögum en ekki í hverju það nám á að vera fólgið eða hvert skipulagið á að vera.

## 2 Almanna- varnir

Almanna- varnir heyra undir dómsmálaráðherra. Þær voru stofnaðar hér á landi 29. desember 1962. Hlutverk þeirra samkvæmt lögum nr. 30/1967 er m.a. að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eignatjóni af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða af annarri v. Almanna- varnir eiga einnig að veita aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkvæmt lögum.

Almanna- varnir ríkisins eiga einnig að sjá um samræmda þjálfun hjálparliða og að til sé sérhæfður björgunarbúnaður á landsvísu. Um er að ræða búnað, mannafla og tæki þegar viðkomandi svæði getur ekki sinnt almennu björgunarstarfi af björgunar- sveitum, Rauða krossi Íslands, lögreglu eða slökkviliði.

Dómsmálaráðherra skipar almanna- varnarráð sem stýrir starfsemi almanna- varna og er til ráðuneytis um framkvæmd laga um almanna- varnir. Fimm fulltrúar sitja í almanna- varnarráði, það eru forstjóri Landhelgisgæslunnar, forstjóri Landssímans hf., landlæknir, ríkislögreglustjóri og vegamálastjóri. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja ára í senn. Í 6. gr. laga nr. 94/1962 um almanna- varnir með síðari breytingum er fjallað um almanna- varnaráð. Almanna- varnaráð sér m.a. um heildarskipulagningu almanna- varna í landinu, fylgist með og stuðlar að athugunum vegna hættu t.d. á eldgosum og snjóflóðum, á að fylgjast með og samræma ráðastafanir sem miða að því að draga úr líkum á heilsu- og eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri v.

Kveðið er á um hlutverk almanna- varnanefnda í 9. gr. laga nr. 94/1962 um almanna- varnir með síðari breytingum, en almanna- varnanefndir eiga m.a. að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur vegna hernaðaráttaka, náttúruhamfara eða af annarri v.

Innan starfsgreinaráðsins hefur starfi almanna- varna verið skipt í fjórar undirgreinar:

- Almanna- varnanefndir
- Vettvangsstjórar almanna- varna
- Flokksstjórar almanna- varna
- Stjórnstöð

### 2.1 Störf

Lögreglustjórar fara með stjórn almanna- varna hver í sínu umdæmi. Í hverju lög- sagnarumdæmi skal vera *almanna- varnanefnd*. Nefndin kys sér sjálf formann og varaformann. Í dag eru starfandi 43 almanna- varnanefndir á landinu. Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn almanna- varnanefnd, en í sýslum lögreglustjóri.

- Í Reykjavík hafa fjórar almanna- varnanefndir sameinast, þ.e. Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes. Í nefndinni eiga sæti borgarstjóri sem jafnframt er formaður nefndarinnar, bæjarstjórar Mosfells- og Seltjarnarnesbæja,

oddviti Kjósarhrepps og tveir kjörnir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Auk þess sitja í nefndinni lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri sem jafnframt er framkvæmdastjóri nefndarinnar og sér um daglegan rekstur hennar. Tvær undirnefndir heyra undir almannavarnir KMRS, þ.e. framkvæmdaráð og aðgerðastjórn. Í framkvæmdaráði sitja borgarstjóri, bæjarstjórn og oddviti Kjósarhrepps, auk slökkviliðsstjóra og lögreglustjóra. Aðgerðastjórn er skipuð fulltrúum lögreglu og slökkviliðs, einum fulltrúa björgunarsveita og einum fulltrúa Rauða kross Íslands. Auk þess eiga þar sæti borgar- eða bæjarverkfræðingur, héraðslæknirinn í Reykjavík og einn fulltrúi kemur frá hverju hinna sveitarfélaganna. Varamenn eru einnig skipaðir í aðgerðastjórn. (Samningur dagsettur 18. maí 1998 um skipan sameiginlegrar almannavarnanefndar og aðgerðastjórnar í Reykjavík, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Kjósarhreppi.)

- Í öðrum kaupstöðum skal almannavarnanefnd skipuð lögreglustjóra, bæjarstjóra, bæjarverkfræðingi eða bæjartækni-fræðingi, slökkviliðsstjóra og héraðs- eða heilsugæslulækni og tveimur mönnum er bæjarstjórn velur. Í sýslum á almannavarnanefnd að vera skipuð lögreglustjóra, byggingarfulltrúa, héraðs- eða heilsugæslulækni og slökkviliðsstjóra, sem sýslumaður tilnefni og þremur mönnum tilnefndum af hreppsnefndum í þremur fjölmennustu hreppum sýslunnar sem koma gjarnan frá Rauða krossi Íslands og Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

**Vettvangsstjórnar** koma úr röðum lögreglu, slökkviliða, björgunarsveita eða frá aðilum innan sjúkraþjónustunnar. (Munnleg heimild: Hafþór Jónsson hjá Almannavörnum ríkisins.)

Þegar hættuástand varir stjórnar vettvangsstjóri samræmdum aðgerðum á vettvangi í umboði lögreglustjóra. **Flokksstjórnar** sjá um að stjórna einstökum málaflokkum og hafa umsjón með almennum liðsmönnum.

Starf flokksstjóra er tvenns konar:

- Að upplýsa, fræða og þjálfa almenna liðsmenn í sínu umdæmi. Með námskeiðum sem flokksstjórnar sækja fá þeir réttindi til að þjálfa almenna liðsmenn.
- Einnig stjórna þeir einstökum verkþáttum á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Í 3. kafla samkomulags um heildarskipulag hjálparliðs almannavarna er kveðið á um hlutverkaskiptingu í starfi. Þar er tekið fram að flokksstjóri stjórnir hverjum hjálparliðaflokki björgunarsveita, en hjálparliðar Rauðakrossdeildar eru flokksstjórnar í fjöldahjálparstöðvum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Rauði kross Íslands skipuleggja starf sitt sem hjálparlið í samvinnu við almannavarnarnefnd. Störfum þeirra er skipt á eftirfarandi hátt samkvæmt heildarskipulagi almannavarna (Almannavarnir ríkisins, 1994):

- *Björgunar- og ruðningssvið.* Í því felst að leita að týndu fólki innan hættusvæða, bjarga fólki úr rústum, byggingum og af hættulegum svæðum og bjarga fólki úr einangrun og gildrum. Bjarga lausum verðmætum af hættusvæðum. Aðstoða við að styrkja og brjóta niður hættuleg mannvirki. Aðstoða við eldvarnir og slökkvistörf. Aðstoða við að binda eða eyða mengandi efnum.
- *Sérhæft skyndihjálpar- og sjúkraflutningasvið.* Í því felst sérhæfð skyndihjálpar á vettvangi. Uppsetning og starfræksla á söfnunarsvæðum slasaðra í samvinnu við greiningarlækna. Skipulag og framkvæmd sjúkraflutninga í samvinnu við

stjórnendur sjúkraflutninga í héraði. Aðstoð við uppsetningu og rekstur vara-sjúkrahúsa.

- *Verndunar-, gæslu- og fjarskiptasvið.* Í því felst vernd starfssvæða, lokun þeirra og merking. Skipulag og starfræksla vettvangsstjórnstöðvar, biðsvæða, geymslu-svæða, lendingasvæða fyrir þyrlur og eftirlit með starfsemi innan þeirra. Fjarskipti og merkjagjöf. Aðstoð við löggæslu og umferðarstjórn. Aðstoð við gæslu á óvörðum verðmætum.
- *Fjölda- og félagshjálparsvið.* Það felst í móttöku og skráningu þeirra sem þurfa að yfirgefa heimili sín á hættutímum og nauðsynlegri aðhlyningu við þá. Aðstoð við að útvega heimilislásum húsaskjól, úrvinnslu á skráningu á dvalarstað fólks, hjálp við að sameina fjölskyldur sem hafa sundrast og félagslegri uppbyggingu eftir því sem unnt er í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir ríkis og sveitarfélaga.

Innra starfi *samræmingarstöðvar Almannavarna ríkisins* er skipt í fjóra meginþætti, sem eru: Stjórnun, áætlanir, bjargir og framkvæmdir. Í stjórnstöð Almannavarna ríkisins starfa fulltrúar frá eftirtöldum aðilum. (Munnleg heimild: Hafþór Jónsson):

- Landssíminn hf. sér um að manna símaborð.
- Vegagerðin sér um að manna verkþáttinn samgöngur og flutninga.
- Rauði kross Íslands sér um að manna verkþáttinn fjölda- og félagshjálparstarf.
- Landlæknir / Landsspítalinn sér um að manna verkþáttinn sjúkraþjónusta / áfallahjálp.
- Ríkislögreglustjóri sér um að manna verkþáttinn löggæsla og umönnun látinna.
- Flugmálastjórn sér um að manna verkþáttinn flug og flutningar með flugi.
- Landsstjórn björgunarsveita sér um að manna verkþáttinn leit og björgun.
- Radíóamatorar sjá um fjarskipta- og sambandsmál. Þetta eru áhugamenn í Félagi íslenskra radíóamatora.

## **2.2 Menntun**

Almannavarnir ríkisins sjá um þjálfun almannavarnanefnda og vettvangsstjóra. Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar sér um þjálfun flokksstjóra í björgunar- og ruðningsstörfum, á skyndihjálpar- og sjúkraflutningasviði og einnig fyrir flokksstjóra á verndunar-, gæslu- og fjarskiptasviði. Rauði kross Íslands sér um þjálfun flokksstjóra á fjölda- og félagshjálparsviði.

Í töflu 1 er að sjá fjölda þeirra sem hafa verið þjálfaðir á vegum Almannavarna ríkisins í febrúar árið 1998. Alls höfðu 156 manns lokið vettvangsstjórnarnámskeiði og 723 flokksstjóranámskeiðum.

**Tafla 1. Fjöldi þjálfara aðila innan hinna ýmsu starfseininga Almanna- varna í febrúar árið 1998.**

	Alls	Vettvangs- stjórar	Flokksstjórar þjörgunar- og ruðningsstörf	Flokksstjórar í fjöldahjálpi	Flokksstjórar í fyrstuhjálpi
<i>Alls</i>	<i>879</i>	<i>156</i>	<i>141</i>	<i>459</i>	<i>123</i>
Reykjavík	170	29	36	59	46
Önnur sveitarfélög á höfuðb. svæðinu	125	30	23	48	24
Suðurnes	59	17	10	23	9
Vesturland	56	6	10	31	9
Vestfirðir	62	9	5	45	3
Norðurland vestra	73	12	12	46	3
Norðurland eystra	121	26	12	64	19
Austurland	70	10	10	48	2
Suðurland	143	17	23	95	8

Heimild: Almanna- varnir ríkisins (1998). Enginn hefur lokið flokksstjóranámskeiði á verndunar-, gæslu- og fjarskiptasviði.

### **Inntökuskilyrði:**

Í almanna- varnarnefndum sitja fulltrúar í ákveðnum embættum eins og fram hefur komið, svo sem lögreglustjóri, bæjarstjóri, bæjarverkfræðingur/tæknifræðingur, slökkviliðsstjóri og héraðs- eða heilsugæslulæknir á viðkomandi svæði.

Ekki er krafist sérstakrar formlegrar menntunar (grunnskóla eða framhaldsskóla) af vettvangsstjórum eða flokksstjórum. Hins vegar hefur starfsreglan verið sú að vettvangsstjórar koma úr röðum lögreglu, slökkviliða, þjörgunarsveita eða frá aðilum innan sjúkrahúsa og hafi viðtæka starfsreynslu sem slíkir. Einnig hefur sú almenna regla verið að fólk sé ekki yngra en 20 ára þó það komi hvergi formlega fram. (Munnleg heimild: Hafþór Jónsson.)

### **Námið:**

Námskeið sem haldin eru samkvæmt námsskrá þurfa að vera samþykkt af Almanna- vörnum ríkisins.

*Almanna- varnarnefndir* eiga kost á að sækja eins dags námsstefnu einu sinni á ári. (Munnleg heimild: Hafþór Jónsson.) Námsstefnurnar eru haldnar í ákveðnum landshlutum þar sem farið er yfir afmörkuð málefni er snúa að öryggis-, þjálfunar- og birgðamálum almanna- varna.

*Vettvangsstjórar* sækja vikulangt námskeið sem tekur alls 35 klukkustundir, eða 46 kennslustundir sé miðað við 45 mínútna kennslustund.

Samkvæmt námsgögnum fyrir mars árið 2000 þá var farið yfir eftirtalið námsefni: Námskeiðið kynnt og farið í hugtök og skilgreiningar (1 klst.); Stjórnskipulag (1 klst.); Skilgreina tegund vettvangsstjórnar (40 mín.); Viðbrögð á vettvangi (40 mín.); Lögreglulið (1 klst.); Slökkvilið (1 klst.); Verkbættir almanna- varna (50 mín.); Verkefni 3 (70 mín.); Fjarskipti (40 mín.); Landhelgisgæslan, kynning og heimsókn (40 mín.); Slökkvilið, erindi og umræður (100 mín.); Hópstarf, stjórnun, verkefni

(bak-í bak) (1 klst.); Slökkvilið heimsótt (40 mín.); Rauði kross Íslands, heimsókn og erindi (40 mín.); Fjöldahjálparstöð heimsótt og erindi (40 mín.); Verkþættir slys (70 mín.); Verkefni 4 (40 mín.); Hefja aðgerð, stýra henni og ljúka (1 klst.); Verkefni 7 og verkefni raunhæf dæmi (100 mín.); Greiningarsveitir heimsóttar og erindi (80 mín.); Almannaþing ríkisins heimsóttar (40 mín.); Neyðarlínan heimsótt og erindi (40 mín.); Búnaður sýndur (50 mín.); Náttúruvá, afleiðingar (10 mín.); Kortatákn (20 mín.); Rannsóknir á vettvangi (40 mín.); Fjölmíðlar (40 mín.); Erlend aðstoð (40 mín.); Ferli á vettvangi (40 mín.); Verkefni (1 klst.); Eigin undirbúningur vettvangsstjóra og verkefni (100 mín.); Veðurstofa Íslands heimsótt og erindi (40 mín.); Afallahjálpar (40 mín.); Verkefni (100 mín.); Samantekt námskeiðsins (40 mín.); Lokaverkefni (3 klst.); Umsögn um námskeiðið og námskeiðsslit (1 klst.).

Nemendur ljúka náminu og fá það metið með lokaverkefnum sem felst í að leysa raunhæf verkefni sem vettvangsstjórar þurfa að geta tekist á við á vettvangi.

**Flokksstjórar** sækja mismunandi námskeið eftir því á hvaða sérsviði þeir starfa.

Á björgunar- og ruðningssviði hófst þjálfun flokksstjóra árið 1991. Fyrst var boðið upp á þrjú námskeið á ári, síðan tvö og loks eitt.

Um tvö meginnámskeið er að ræða. Annars vegar framhaldsnámskeið í björgunar- og ruðningsstörfum og hins vegar fagnámskeið í björgunar- og ruðningsstörfum, alls 70 klst. Framhaldsnámskeiðið gefur þátttakendum rétt til að starfa sem sérhæfðir björgunar- og ruðningismenn. Til að hafa rétt til að starfa sem flokksstjóri í björgunar- og ruðningsstörfum þarf einnig að bæta við sig fagnámskeiðinu og halda a.m.k. eitt námskeið í sinni heimasveit.

Rétt til þátttöku á framhaldsnámskeiðið hafa þeir sem starfað hafa í a.m.k. tvö ár í björgunarsveit og eru eldri en 20 ára. Þátttakendur þurfa að hafa lokið grunnnámskeiði í björgunar- og ruðningsstörfum. Þessi sömu skilyrði eru fyrir þátttöku í fagnámskeiðinu en auk þess þurfa þátttakendur að hafa lokið framhaldsnámskeiðinu.

Í námsvísi Björgunarskólans fyrir veturinn 2000-2001 kemur fram að námið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga.

- Framhaldsnámskeið í björgunar og ruðningsstörfum tekur 50 klst. Þar er farið yfir eftirtalið efni: Rústir, húsagerðir, burðarþol, byggingarefni, burðarvirki, innviði, lagnakerfi, eld, reykköfun, eiturefni, leit í rústum, sérhæfð leitartæki, sjúkrahjálpar í rústum, björgun, stöðir og hífingar, kranavinnu, línuvinnu, eftirlit með rústum, áhrif jarðskjálfta, snjóflóða og sprenginga, hópefli, samvinnu á vettvangi, öryggisfulltrúa, búnað rústahóps, krana og aðfenginn búnað.
- Fagnámskeið í björgunar- og ruðningsstörfum tekur 20 klst. Þar er farið yfir eftirtalið efni: Lífslíkur í rústum, áhrif á samfélagið, ábyrgð stjórnenda, ábyrgð öryggisfulltrúa, forkönnun rústa, könnunarhópa, samskipti við aðra viðbragðs-aðila, samvinnu á vettvangi, samskipti við vettvangsstjóra, stjórnun, erlendar björgunarsveitir og búnað stjórnenda.

Námsmat í báðum námskeiðum er umsögn leiðbeinenda um frammistöðu í verklegum æfingum og skriflegum verkefnum.

Eins og fram kom í töflu 1 þá voru alls 141 með þessi flokksstjóraréttindi árið 1998.

Á *skyndihjálpar- og sjúkraflutningasviði* er 10-12 daga námskeið hjá Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í þessu námskeiði þurfa að hafa lokið grunnþjálfun björgunarsveitarmanna, hafa starfað í björgunarsveit í a.m.k. tvö ár, vera 20 ára eða eldri og hafa lokið námskeiðinu Skyndihjálp 3 sem kennt er hjá Björgunarskólanum.

Í námsvísi Björgunarskólans fyrir veturinn 2000-2001 kemur fram að námið er í formi fyrirlestra, verklegra æfinga og æfingakennslu, þar sem þátttakendur kenna hluta úr Skyndihjálp 1 og 2.

Farið er yfir eftirtalið námsefni: Nemendur sem kennarar; kennslutækni; kennsluskrá Björgunarskólans; kennsluskrá Rauða kross Íslands; undirbúning verklegrar slysaæfingar; endurlífgun; líffærafræði; starfsemi sjúkraflokka; almannavarnir - flokksstjórar og stjórnun; greiningarstöðvar og viðbrögð við hópslysum; notkun og hreinsun á brúðum; réttindi; próf og prófagerð; kynningar á myndböndum og fleira.

Námskeiðinu lýkur með skriflegum og verklegum prófum. Prófnefnd metur öll prófin, en hún er skipuð fulltrúum Almannavarna ríkisins, Rauða kross Íslands og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Námskeiðið veitir flokksstjóraréttindi en auk þess þá veitir það þátttakendum sem útskrifast rétt til að kenna almenningi og björgunarsveitarmönnum skyndihjálp.

Á *verndunar-, gæslu- og fjarskiptasviði* hefur enginn lokið flokksstjóranámi. Þó hafa nokkrir aðilar lokið þremur námskeiðum eða fyrri hluta námsins. (Munnleg heimild: Hafþór Jónsson.) Enginn er því starfandi sem flokkstjóri verndunar- og gæslusviðs í dag. Ekkert skipulagt námskeið hefur verið í boði sem veitir réttindi til að starfa sem flokksstjóri á þessu sviði. (Munnleg heimild: Þorsteinn Þorkelsson.)

Á *fjölda- og félagshjálparsviði* er kennt 15 klst. langt námskeið um neyðarvarnir. Fjallað er m.a. um Rauða krossinn og markmið hans, skipulag almannavarna, gerð neyðaráætlana fyrir deildir Rauða kross Íslands og uppsetningu fjöldahjálparstöðva og verkþættir annarra hjálparliða en Rauða krossins kynntir stuttlega. (Rauði kross Íslands, bæklingur um námskeið sem lá fyrir í júní 2000; Rauði kross Íslands námsefni um neyðarvarnir, fjöldahjálp.)

Námskeið á fjölda- og félagshjálparsviði eru haldin víðs vegar um land í samvinnu við deildir Rauða krossins og svæðisskrifstofur. Haldin eru 10-15 námskeið að jafnaði á ári, þátttakendur eru frá sjö til tólf talsins og fjórir til fimm leiðbeinendur koma að hverju námskeiði.

Frá maí 1999 til maí 2000 sóttu 118 manns neyðarvarnanámskeið og var fjöldi námskeiða 10. (Munnleg heimild: Helga Halldórsdóttir hjá RKÍ.)

Upprifjun flokksstjóra hefur verið í formi æfinga og sumir hafa tekið hluta af neyðarvarnanámskeiði til að halda sér við. (Munnleg heimild: Helga Halldórsdóttir hjá RKÍ.)

Eins og fram kemur í töflu 2 þá voru 533 menn hjá Rauða krossi Íslands með virk flokksstjóraskírteini í fjölda- og félagshjálpi í júlí 2000. Hlutfallslega flestir flokksstjórar eru á Suðurlandi eða um 21% af heildarfjölda, um 15% eru á höfuðborgarsvæðinu og um 14% á Suðurnesjum. Aðeins um 7% flokksstjóra eru á Vesturlandi eða Norðurlandi vestra.

**Tafla 2. Fjöldi flokksstjóra í fjölda- og félagshjálpi með virk skírteini hjá Rauða krossi Íslands í júlí 2000, skipt eftir landssvæðum.**

	Hlutfall	Fjöldi
<i>Alls</i>	<i>100</i>	<i>533</i>
Höfuðborgarsvæðið	15	78
Suðurnes	14	77
Vesturland	7	37
Vestfirðir	13	70
Norðurland vestra	7	38
Norðurland eystra	11	56
Austurland	13	67
Suðurland	21	110

Munnleg heimild: Helga Halldórsdóttir hjá RKÍ.

Þeir sem vinna í *stjórnstöð* þurfa að hafa starfsþekkingu á viðkomandi sviði og þekkja almannavarnakerfið vel. Meginþjálfun er í formi æfinga sem haldnar hafa verið.

Um tvenns konar æfingar er að ræða. Annars vegar stjórnstöðvaræfingar og hins vegar vettvangsæfingar. Á stjórnstöðvaræfingum æfa Almannavarnir ríkisins með almannavarnanefndum (einni eða fleiri) og er þá settur upp atburður sem leystur er á pappír. Stjórnstöðvar eru virkjaðar og samvinna er milli allra aðila við að leysa tiltekið verkefni. Á vettvangsæfingum eru lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir, Rauði kross Íslands o.fl. virkjaðir til starfa á vettvangi undir stjórn lögreglustjóra/ almannavarnanefndar og vettvangsstjóra.

Frá árinu 1973 hafa verið haldnar 85 æfingar sem samsvarar um þremur æfingum á ári að jafnaði. (Gögn frá Almannavörnum ríkisins um æfingar sem haldnar eru að tilhlutan Almannavarna ríkisins eða með þátttöku þeirra.) Hér er um að ræða æfingar sem snúa að viðbrögðum við hópshlysum eða náttúruvá, svo sem hópshlysaæfingar og jarðskjálfta- og snjóflóðaæfingar. (Munnleg heimild: Hafþór Jónsson.)

### **Símenntun:**

Gildistími skírteina fyrir vettvangsstjóra og flokksstjóra Almannavarna er fimm ár og til að fá endurnýjun þarf að sýna fram á virkni sína í starfi á þessu fimm ára tímabili. Sem dæmi þá þarf flokksstjóri í björgunar- og ruðningsstörfum að sýna fram á að hafa haldið námskeið fyrir almenna liðsmenn í björgunar- og ruðningsstörfum, fjölda æfinga sem hann hefur tekið þátt í og hvaða námskeið hann hefur sótt.

### **Samstarf við aðra fræðsluaðila:**

Eins og fram hefur komið þá hafa Almannavarnir ríkisins samstarf við Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar um námskeið fyrir flokksstjóra á sviði björgunar- og ruðningssviðs; skyndihjálpar- og sjúkraflutningasviðs og verndunar-, gæslu- og fjarskiptasviðs. Almannavarnir hafa einnig samstarf við Rauða kross Íslands um þjálfun flokksstjóra á fjölda- og félagshjálparsviði.

### **2.3 Lög og reglugerðir**

Samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 94/1962 þriðji kafli, þá er það borgaraleg skylda fólks á aldrinum 18-65 ára að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna. Einnig má sá sem er á aldrinum 16-18 ára eða yfir 65 ára starfa ef hann óskar þess sjálfur.

Í 12. gr. laganna segir að þeir sem starfa í hjálparliðum eigi að taka þátt í námskeiðum og æfingum sem þeir hafa verið kvaddir til. Samkvæmt 14. gr. ákveður dómsmálaráðherra hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

Í reglugerð nr. 107/1969 um skipan hjálparliðs almannavarna segir að almannavarnanefndir fari með skipulagningu hjálparliðs almannavarna. Lögreglustjóri skipar í hjálparlið að fengnum tillögum almannavarnanefndar.

Almannavarnanefnd á að sjá um þjálfun hjálparliðs í sínu umdæmi. Almannavarnir ríkisins eiga að halda námskeið fyrir yfirmenn og leiðbeinendur í hjálparliði. Í 6. gr. segir að hjálparlið almannavarna eigi að aðstoða við eldvarnir, björgun og sjúkraflutninga, ruðningsstarf, hjálparstarf vegna tjóns af völdum geislavirkni, sýkla eða eiturefna, löggæslu, fjarskiptaþjónustu og félagslegt hjálparstarf.

Í 8. gr. er kveðið á um stærð hjálparsvéitar sem á að vera eftirfarandi:

- Í umdæmi með allt að 3.500 íbúa eiga að vera 35 í hjálparliði,
- í umdæmi með 3.500-6.000 íbúa ekki færri en 60 í hjálparliði,
- í umdæmi með 6.000-10.000 íbúa ekki færri en 100 í hjálparliði,
- og síðan 100 manna hjálparlið á hverja 10.000 íbúa.

Í 10. gr. segir að almannavarnanefnd sé heimilt að semja við starfandi björgunarsveitir áhugamanna um að annast ákveðin verkefni á sviði almannavarna.

Í samkomulagi um heildarskipulag hjálparliðs almannavarna frá 30. desember 1994 er kveðið á um þjálfun í 5. kafla. Þar segir m.a. að Almannavarnir ríkisins annist kennslu yfirmanna almannavarna í héraði og annist kennslu vettvangsstjóra í samvinnu við almannavarnanefndir. Þar kemur einnig fram að Landsbjörg sjái um þjálfun á sérhæfðu skyndihjálparsviði og sjúkraflutningasviði annars vegar og á verndunar-, gæslu- og fjarskiptasviði hins vegar. Rauði kross Íslands annast þjálfun á félags- og fjöldahjálparsviði. Sú þjálfun sem fer fram þarf að vera viðurkennd af almanna-vörnum.

Í kafla 5.6 er sérstaklega kveðið á um að Rauði kross Íslands eigi að hafa forystu um kennslu í skyndihjálp, endurnýja námskerfi og koma upp nauðsynlegu kennaraliði á landinu.

### 3 Björgunarbátar

Björgunarbátar á Íslandi eru reknir af Slysavarnafélaginu Landsbjörg með styrk frá ríkinu. Björgunarbátar heyra undir samgönguráðuneytið. Störfum á björgunarbátum hefur verið skipt í þrjú megin svið innan starfsgreinaráðsins, sem eru eftirfarandi:

- Umsjónarmenn
- Skipstjórar
- Stýrimenn
- Vélstjórar
- Hásetar

#### 3.1 Störf

Björgunarskip eru níu talsins á landinu. Þau eru 10-30 ára og allt frá 20 til 80 tonn. Þau eru staðsett í Reykjavík, Sandgerði, Grindavík, Vestmannaeyjum, Neskaupstað, Raufarhöfn, Siglufirði, Ísafirði og Hellissandi. Áhafnarhópur hvers skips samanstendur af 10-15 mönnum en að jafnaði fara 5-6 þeirra í hvert útkall fyrir sig. Skipstjórnarmenn og vélstjórar með tilskilin réttindi fara ávallt með bátunum í útköll og aðrar ferðir þeirra. (Heimild: Einar Örn Jónsson og Ásgrímur L. Ásgrímsson, skipstjórnendur og verkefnisstjórar hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.)

Um 30 harðbotnabátar eru til staðar. Til að stjórna slíkum bátum er krafist 30 tonna skipstjórnarréttinda og viðeigandi siglingatíma. Einnig er krafist viðeigandi vélarvarðarréttinda.

- Umsjónarmenn sem eru í flestum tilfellum vélstjóramenntaðir, eru í hlutastarfi og sinna viðhaldi á bátunum og sjá um að þeir séu til reiðu ef útkall kemur. Þeir eru á launum hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.
- Skipstjórar hafa viðeigandi skipstjórnarmenntun og eru í flestum tilvikum félagar í björgunarsveit viðkomandi staðar.
- Stýrimenn hafa viðeigandi skipstjórnarmenntun og eru í flestum tilvikum félagar í björgunarsveit viðkomandi staðar.
- Vélstjórar hafa viðeigandi vélstjórnarmenntun og eru í flestum tilvikum félagar í björgunarsveit viðkomandi staðar.
- Hásetar eru einnig í flestum tilvikum félagar í björgunarsveit viðkomandi staðar og er krafist að þeir hafi tekið grunnnámskeið (A01) í Slysavarnaskóla sjómanna. Ekki er krafist formlegrar menntunar.

Allir sem starfa á björgunarskipum vinna í sjálfbóðaliðavinnu og er mjög breytilegur fjöldi frá ári til árs. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda sjálfbóðaliða sem sinna björgunarstarfi á sjó. (Munnleg heimild: Þorsteinn Þorkelsson, skólastjóri Björgunar-skóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar.)

### 3.2 Menntun

Bátstjórnarnámskeið eru haldin í samvinnu við Stýrimannaskólann í Reykjavík fyrir skipstjóramenntaða björgunarsveitarmenn sem starfa við björgunarbáta. Þannig fer hluti af bátstjórnarnámskeiðinu fram í stjórnstöð leitar- og björgunar á hafinu (Slysavarnafélagsins Landsbjargar). Fjarskiptahluti námskeiðsins fer fram hjá Stýrimannaskólanum.

Björgunarnámskeið, í stjórnstöð leitar- og björgunar á hafinu, tekur 60 klst. Í námskrá Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar kemur fram að markmiðið með bátstjórnarnámskeiðinu sé að gera bátstjóra hæfari til að stjórna bát og mannskap í leitar- og björgunaraðgerðum. Námskeiðið veitir réttindi til að stjórna björgunarbát allt að 30 tonnum, en þeir sem hafa rétt til þátttöku eru starfandi bátstjórar sem hafa lokið bóklega hlutanum í 30 tonna réttindum.

Á námskeiðinu er farið yfir eftirtalin atriði: Samlíkir - þjálfun í siglingu, sem tengd er leit og björgun (SAR) og aðgerðarstjórn meðfram Íslandsströndum (alls 9 klst., sem skiptist í grunnþjálfun og kynningu á tækjabúnaði samlíkisins (3 klst.), hefðbundna siglingu meðfram ströndum (3 klst.) og lokaverkefni sem er stjórnun leitar- og björgunaraðgerðar í samlíki (3 klst.); fjarskiptanám, takmarkað talstöðvarskírteini (RROC); leit og björgun - siglingafræði og kortavinnu; búnað og öryggi björgunarbáta - bóklegt og verklegt nám í meðferð og notkun björgunarbáta.

Námsmat er í formi hæfnismats, m.a. í hermi.

Vélstjórar þurfa að hafa tilskilin réttindi og þeir þurfa að ljúka áhafnanámskeiði björgunarskipa sem er 16 klst. Þar er m.a. farið yfir: sjúkraflutninga, umgengni um kafara, línubýssur, samskipti við aðra björgunaraðila, rekstur björgunarbáta og vinnureglur. Námsmat er í formi tímasóknar. Markmið námskeiðsins er að útskrifa fullgilda áhafnameðlimi fyrir stór björgunarskip.

Hásetar þurfa að hafa lokið grunnnámskeiði (A01) í Slysavarnaskóla sjómanna. Þeir þurfa einnig að taka áhafnanámskeið björgunarskipa, það sama og vélstjórar.

### 3.3 Lög og reglugerðir

Engin lög eru til staðar um réttindi eða skyldur fólks á björgunarbátum, fyrir utan almenn lög og reglugerðir um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna.

Í reglum nr. 207/1990 um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu við strendur Íslands kemur fram að Slysavarnafélag Íslands [nú Slysavarnafélagið Landsbjörg] annast aðgerðastjórn meðfram strönd landsins og á svæðinu næst henni en stjórnstöð Landhelgisgæslunnar annast aðgerðastjórn á hafinu þar fyrir utan. Þar kemur einnig fram að nán tengsl eiga að vera milli þessara tveggja aðila og stjórnstöðvar Flugmálastjórnar fyrir leit og björgun loftfara, og við fjarskiptastöðina í Gufunesi og annarra strandarstöðva sem hafa á hendi stjórn fjarskipta.

Í yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu eiga sæti þrjár fulltrúar, einn tilnefndur af Landhelgisgæslu Íslands, einn af Póst- og símamálastofnun [nú Landssímanum hf.] og einn af Slysavarnafélagi Íslands [nú Slysavarnafélaginu Landsbjörg]. Fulltrúar gegna formennsku til skiptis til eins árs í senn eða samkvæmt nánari samkomulagi.

Í reglugerð nr. 119/1995 um breytingu á reglum um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands, nr. 207/1990 segir að yfirstjórn eigi árlega að efna til fundar með fulltrúum þeirra aðila sem veita aðstoð við leit og björgun eða öðrum aðilum sem fara með öryggismál á sjó. Þar á m.a. að fjalla um helstu björgunaraðgerðir og hvaða lærdóm megi af þeim draga með það að markmiði að auka öryggi á sjó og hvort ástæða sé til að breyta núgildandi reglum.

Lög um atvinnuréttindi vélstjórnar eiga við um umsjónarmenn björgunarbáta og um atvinnuréttindi skipstjórnar um skipstjóra.

Krafist er að allir sjómenn hafi tekið grunnnámskeið (A01) í Slysavarnaskóla sjómanna samanber lög nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna með síðari breytingum.

Í reglugerð nr. 207/1998 um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna segir að atvinnuskírteini skipstjórnar á skipum stærri en 30 rúmlestir og atvinnuskírteini vélstjórnar skuli endurnýjuð til fimm ára í senn. Jafnframt eiga umsækjendur að sýna fram á siglingatíma að minnsta kosti í eitt ár á síðastliðnum fimm árum eða að hafa innt af hendi störf sem teljast sambærileg að mati ráðuneytisins eða hafa staðist viðurkennt próf eða lokið með fullnægjandi hætti viðurkenndu námskeiði eða hafa lokið viðurkenndum siglingatíma þar sem sinnt var starfi í lægri stöðu en upprunalegt skírteini segir til um, í að minnsta kosti þrjá mánuði.

Í reglugerð nr. 385/1999 og nr. 304/1993 er kveðið á um heilsufar skipstjórnar- og vélstjórnarmanna.

## 4 Björgunarsveitir

Björgunarsveitir sjá um að leita að fólki bæði á landi og við strendur Íslands. Þegar um leit á landi er að ræða felur lögregla björgunarsveit að hefja leit. Um leit við strendur Íslands sjá kafla 3 um björgunarbáta.

Björgunarsveitir heyra því bæði undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið vegna starfa fyrir lögreglu og almannavarnir og einnig undir samgönguráðuneytið vegna björgunarbáta.

Á Íslandi hefur verið starfræktur sérstakur skóli til að sinna þjálfun björgunarsveitarmanna frá árinu 1977 með stofnun Björgunarskóla LHS. Frá 1. október 1999 hefur Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar verið starfræktur eða frá sameiningu Landsbjargar og Slysavarnafélags Íslands. Þar fer þjálfun björgunarsveitarmanna fram að stærstum hluta í dag.

Slysavarnafélagið Landsbjörg rekur einnig Tilkynningaskyldu íslenskra skipa og Slysavarnaskóla sjómanna með styrk frá stjórnvöldum.

### 4.1 Störf

Landsstjórn björgunarsveita stjórnar og samræmir leitaraðgerðir á vegum björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar hér á landi. Undir hana heyra 18 svæðisstjórnir sem stýra leitaraðgerðum á sínu svæði undir stjórn lögreglu. Ná leitarsvæði yfir fleiri en eitt svæði eða ef svæðisstjórn getur ekki undir einhverjum kringumstæðum stjórnað leit þá sér Landsstjórn um það. Við leit á flugvélum er Landsstjórn þátttakandi í stjórn aðgerða með fulltrúum Flugmálastjórnar. (Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar, 1999.)

Í svæðisstjórn er vettvangsstjóri/stjórnandi og síðan koma þrír millistjórnendur. Einn sér um bjargir, annar um framkvæmdir og sá þriðji um áætlanir. Í stærri aðgerðum getur þurft að útnefna tengilið við fjölmiðla.

Hlutverk vettvangsstjóra er samkvæmt handbók um leitarstjórnun (Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar, 1999) í meginatriðum eftirfarandi:

- að stjórna af öryggi og festu, taka ákvarðanir um framkvæmd, að velja rétta fólkið í rétt hlutverk og dreifa verkefnum og ábyrgð,
- að stjórna með árangur í huga, sem felst í að nota mannskap og tæki á sem bestan hátt og ná árangri í aðgerðum,
- að skipuleggja, samræma og hafa eftirlit með starfi leitarmanna og stuðningsliðs,
- að koma upp vinnuumhverfi þar sem fólk getur unnið saman af öryggi og nákvæmni þannig að allir viti hvað þeir eiga að gera, hvernig þeir eiga að gera það og hver stjórnar þeim,
- að hafa samráð við aðra aðila, m.a. yfirvöld og Landsstjórn varðandi meiriháttar ákvarðanir eins og ef fjölga þarf leitarmönnum, kalla þarf á aðstoð og að ákveða að hætta leit.

Um þrjá millistjórnendur er að ræða og er starfssvið þeirra þrískipt:

- Þeir sem sjá um að hlutirnir séu framkvæmdir og sjá til þess að markmiðum og aðferðum sé beitt í samræmi við áætlanir, það er að leitarhópar og tæki séu rétt notuð.
- Þeir sem sjá um að áætlanir gangi eftir m.a. með því að ná saman upplýsingum um hvað gerst hefur, hvað er að gerast á hverjum tíma og hvað ætla megi að gerist næst.
- Þeir sem sjá um bjargir sem felast m.a. í að útvega búnað, björgunarmenn, mat, húsnæði og annað sem til þarf.

Skipta má störfum björgunarsveitarmanna eftir sérsviðum í átta meginflokka;

- skyndihjálp, fyrsta hjálp, sjúkraflutningar slasaðra
- rústabjörgun
- sjóbjörgun (sjá nánar í kafla 3)
- fjallamennska
- fjarskipti
- stjórnun björgunaraðgerða
- snjóflóð
- stjórnendur (þ.e. lands- og svæðisstjórnarmenn)

## **4.2 Menntun**

Björgunarskólinn er farskóli og eru námskeið haldin víða um land. Þjálfunarbúðir eru í Gufuskálum á Snæfellsnesi, þar sem eru haldin námskeið, ráðstefnur og fundir.

Björgunarskólinn er rekinn fyrir um 20 milljónir á ári, samtökin leggja um 12 milljónir í starfsemina og þátttökugjöld eru um 5 milljónir. Um 2.500 manns sækja að jafnaði námskeið skólans á hverju starfsári. (Munnleg heimild: Þorsteinn Þorkelsson, skólastjóri Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar.)

### **Námið:**

Gefin er út námsskrá árlega þar sem námskeiðum sem eru í boði er lýst, s.s. uppbyggingu, innihaldi náms, kostnaði, markmiði og hvaða réttindi námið veitir. Í þessari skýrslu er eingöngu fjallað um meginflokka námskeiða en vísað í námsskrána ef óskað er eftir frekari upplýsingum um þau.

Björgunarsveitamenn fá þjálfun á sínu sérsviði. Í meginatriðum má segja að um grunnnám sé að ræða, sem síðan er hægt að bæta við með framhaldsnámskeiði sem er þá á sérsviði viðkomandi björgunarsveitarmanns og síðan eru sérstök fagnámskeið, einnig á sérsviði. Við þetta bætast leiðbeinendanámskeið sem björgunarsveitamenn þurfa að taka til að öðlast rétt til að kenna öðrum björgunarsveitamönnum.

Björgunarsveitir kenna almennum björgunarsveitamönnum grunnnámskeiðin sem eru skylda (sjá námsskrá). Nægilegt er að leiðbeinendur hafi tekið fagnámskeið á

viðkomandi sviði til að kenna eingöngu í sinni sveit. Leiðbeinendanámskeið sem haldið er af Björgunarskólanum er annars skylda að taka áður en fólk starfar sem leiðbeinendur undir nafni skólans/samtakanna.

*Grunnnámskeið skylda* er haldið af björgunarsveitunum sjálfum og er ætlað nýliðum. Eins og nafnið gefur til kynna þá er það skylda að björgunarsveitamenn taki þessi námskeið en ekkert eftirlit er með því, sérstaklega á landsbyggðinni. Um níu námskeið er að ræða: Almenna ferðamennsku; Rötun; Leitartækni; Fjarskipti 1; Skyndihjálp 1; Skyndihjálp 2; Fjallamennsku 1; Snjóflóðaleit; Fluglínutæki 1 (sveitir SVFÍ).

*Grunnnámskeið val* fer síðan eftir hvaða starfi innan björgunarsveitar viðkomandi gegnir.

*Framhaldsnámskeið:*

Eftirtalin námskeið tilheyra eingöngu björgunarskipum, sjá nánari umfjöllun í kafla 3 hér að framan.

- Áhafnanámskeið björgunarskipa, námsefni kemur frá RLI (Royal National Lifeboat Institution) í Bretlandi og er ætlað áhafnameðlimum á björgunarskipum (16 klst.).
- Bátstjórnarnámskeið (60 klst.).
- Stjórnun björgunaraðgerða á sjó (16 klst.).

Önnur framhaldsnámskeið eru einnig í boði skv. námsvísi Björgunarskólans fyrir veturinn 2000-2001.

- Aðkoma að flugslysi (3-4 klst.)
- Áfallahjálp - stuðningsfélagsnámskeið
- Bifreiðastjóranámskeið (1 dagur)
- Björgunar- og ruðningsstörf (16 klst.)
- Björgunarmenn í aðgerðum (2-3 klst.)
- Félagabjörgun í fjallamennsku (eitt kvöld og einn dagur)
- Fjallabjörgun 1 (kvöld og 2 dagar)
- Fjallamennska 2 (eitt kvöld og 2 dagar)
- Fjallaskíðun
- Fluglínutæki 2
- Flutningshylki kafara
- Flutningur slasaðra (3-4 klst.)
- Framhaldsnámskeið í björgunar- og ruðningsstörfum (50 klst.)
- Klettaklifur 2 (eitt kvöld og 2 dagar)
- Köfun 2 (8-10 dagar)
- Köfun 3 (6 dagar)
- Leit með vélsleðum (eitt kvöld og einn dagur)
- Mat á snjóflóðahættu 2 (2 kvöld og 2 dagar)
- Rekstur og stjórnun björgunarsveita
- Rústaskyndihjálp (3-4 klst.)
- Skyndihjálp 3 (72 klst.)
- Slöngubátar 2 (20 klst.)
- Slysaförðun

- Straumvatnsbjörgun 1 (10-12 klst.)
- Stuðningsfélaganámskeið (eitt kvöld og 2 dagar)
- Svæðisstjórn/stjórnun björgunaraðgerða - kynning (16 klst.)
- Uppsetning og rekstur greiningarstöðvar (2-3 klst.)
- Útivist og ofkæling (2-3 klst.)
- Veðurfræði 2 (6-8 klst.)
- Verndunar- og gæslustörf (3-4 klst.)

#### *Fagnámskeið:*

- Í björgunar- og ruðningsstörfum.
- Í fjallamennsku eru fagnámskeið í ferðamennsku, fjallabjörgun, fjallamennsku, leitartækni og snjóflóð.
- Í svæðisstjórn/stjórnun björgunaraðgerða.

#### *Leiðbeinendanámskeið:*

- Leiðbeinendanámskeið í kennslutækni.
- Leiðbeinenda og flokksstjóranámskeið í skyndihjálpi.
- Leiðbeinendanámskeið í fjallamennsku.

#### **Starfslið:**

Við Björgunarskólann vinnur auk skólastjóra einn starfsmaður með starfsheitið námskeiðsstjóri. 11 verkefnastjórar eru verktakar við skólann og kenna fagnámskeið á sínu sviði. Yfirstjórn er í höndum skólastjórnar sem skipuð er fjórum mönnum. (Munnleg heimild: Þorsteinn Þorkelsson.).

#### **Samráð við aðra fræðsluaðila:**

Björgunarskólinn heldur námskeið fyrir ýmsa aðila. Þar má nefna flokksstjóranámskeið fyrir Almannaáhrif ríkisins og hjá Leiðsöguskólanum er m.a. kennd fjallamennska og skyndihjálpi. Starfsfólk á varðskipum hefur sótt námskeið um snjóflóðaleit og ýmis fyrirtæki skyndihjálparnámskeið.

### **4.3 Lög og reglugerðir**

Í reglugerð nr. 107/1969 um skipan hjálparliðs almannaáhrifa segir í 10. gr. að almannaáhrifanefnd sé heimilt að semja við starfandi björgunarsveitir áhugamanna um að annast ákveðin verkefni á sviði almannaáhrifa.

Í reglugerð nr. 116/1996 fyrir almannaáhrifaáráð segir í 3. gr. að Landsbjörg, Rauði kross Íslands og Slysavarnafélag Íslands skuli eiga einn sameiginlegan áheyrnarfulltrúa á fundum almannaáhrifaáráðs sem skipaður er af dómsmálaráðherra til tveggja ára í senn. Áheyrnarfulltrúi á að vera forseti/formaður eða framkvæmdastjóri hlutaðeigandi samtaka. Varamaður er skipaður með sama hætti. Í 4. gr. segir að áheyrnarfulltrúi hafi málfrelsi og tillögurétt á fundum almannaáhrifaáráðs en ekki atkvæðarétt.

Nefnd skipuð árið 1997 af dómsmálaráðherra er að vinna að lagasetningu þar sem réttarstaða björgunarsveitanna er talin óljós. Starfandi björgunarsveitarmenn hafa þó slysa- og örorkutryggingu sem Slysavarnafélagið Landsbjörg greiðir.

Í samkomulagi um heildarskipulag hjálparliðs almannavarna er kveðið á um hlutverkaskiptingu í starfi. Þar kemur fram að hverjum 10 manna hjálparliðaflokki björgunarsveita er skipt þannig niður að fimm menn eru kunnáttumenn á björgunar- og ruðningssviði, þrír á skyndihjálpar- og sjúkraflutningasviði og tveir á verndunar-, gæslu- og fjarskiptasviði. Formenn björgunarsveita skipuleggja starf sitt sem hjálparlið í samvinnu við almannavarnanefnd.

Í 5. kafla samkomulagsins segir að Slysavarnafélag Íslands annist þjálfun á björgunar- og ruðningssviði en Landsbjörg á sérhæfðu skyndihjálparsviði og verndunar-, gæslu- og fjarskiptasviði. Með sameiningu samtakanna sér Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar um þessa þjálfun. Verið er að endurskoða heildarskipulag almannavarna er snýr að Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

## 5 Fangaverðir

Nám fangavarða fer fram hjá Fangavarðaskóla ríkisins sem heyrir undir Fangelsismálastofnun ríkisins. Skipulögð kennsla fyrir fangaverði hófst hér á landi árið 1983. (Guðmundur Gíslason, 2000.)

Fangelsismálastofnun heyrir undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Á Íslandi eru fimm fangelsi. Hegningarhúsið í Reykjavík sem tekur 16 fanga, kvennafangelsið í Kópavogi sem tekur 12 fanga, Litla-Hraun á Suðurlandi sem tekur 87 fanga, Kvíabryggja á Snæfellsnesi sem tekur 14 fanga og á Akureyri er deild sem tekur 9 fanga.

### 5.1 Störf

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun (bréf frá Svanhildi Sverrisdóttur dagssett 30.06.2000 til SBÖL) þá er meginhlutverk fangavarða meðal annars að gæta almannahagsmuna með daglegri gæslu fanga og veita föngum nauðsynlega þjónustu og aðhlyningu og gæta öryggis þeirra. Þessi starfslýsing er almenns eðlis en hvert fangelsi skilgreinir nánar verksvið fangavarða eftir þörfum og eðli viðkomandi fangelsis og eru slíkar upplýsingar ekki birtar utan fangelsanna.

Fangaverðir eru ýmist skipaðir eða settir í starf. Þeir sem eru skipaðir þurfa að hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins en þeir sem eru settir í starf eru ýmist í starfi tímabundið eða hafa ekki lokið prófi.

Starfsheiti þeirra sem starfa við fangavörslu skiptist í fangaverði, aðstoðarvarðstjóra, varðstjóra og deildarstjóra. Nám frá Fangavarðaskólanum er forsenda fyrir skipun í embætti.

Í töflu 3 má sjá fjölda fangavarða eftir kyni og landssvæðum. Í maí 2000 voru 88 starfandi fangaverðir, karlar voru 76 en konur 12. Flestir starfa á Suðurlandi eða um 63% fangavarða, um 26% fangavarða starfa í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu en færri eru á Vesturlandi og Norðurlandi.

**Tafla 3. Fjöldi fangavarða í maí 2000 eftir landssvæðum.**

	Hlutfall	Alls	Karlar	Konur
<i>Alls</i>	<i>100</i>	<i>88</i>	<i>76</i>	<i>12</i>
Höfuðborgarsvæði	26	23	20	3
Suðurland	63	55	48	7
Vesturland	7	6	5	1
Norðurland	5	4	3	1

Heimild: Fangelsismálastofnun ríkisins bréf dags. 30.06.2000 til SBÖL.

Í töflu 4 má sjá fjölda fangavarða eftir kyni, ráðningarformi, starfsheiti og menntun. Langflestir starfandi fangaverðir eru skipaðir og hafa því lokið prófi frá Fangavarðaskólanum, eða um 82% af heildarfjölda fangavarða sem voru starfandi í

maí síðastliðnum. Um 54% starfa sem almennir fangaverðir, um 32% starfa sem aðstoðarvarðstjórar, um 8% sem varðstjórar og um 6% sem deildarstjórar. Um 18% starfandi fangavarða hafa aðeins lokið grunnskólanámi (ISCED2), um 68% framhaldsskólanámi (ISCED3) og aðrir hafa meiri menntun.

**Tafla 4. Fjöldi fangavarða í maí 2000 eftir kyni, ráðningarformi, starfsheiti og menntun.**

	Hlutfall	Alls	Karlar	Konur
<i>Alls</i>	<b>100</b>	<b>88</b>	<b>76</b>	<b>12</b>
<b>Ráðningarform</b>				
Skipaðir	82	72	64	8
Settir	18	16	12	4
<b>Starfsheiti skipaðra</b>				
Fangaverðir	54	39	34	5
Aðstoðarvarðstjórar	32	23	21	2
Varðstjórar	8	6	5	1
Deildarstjórar	6	4	4	0
<b>Menntun</b>				
<i>Allir:</i>				
Grunnskólapróf	18	16	10	6
Framhaldsskólapróf	68	60	54	6
Nám eftir framhaldsskóla	14	12	12	0
<i>Skipaðir:</i>				
Grunnskólanám	15	11	7	4
Framhaldsskólanám	71	51	47	4
Nám eftir framhaldsskóla	14	10	10	0
<i>Settir:</i>				
Grunnskólanám	31	5	3	2
Framhaldsskólanám	56	9	7	2
Nám eftir framhaldsskóla	13	2	2	0

Heimild: Fangelsismálastofnun ríkisins bréf dags. 30.06.2000 til SBÖL.

Endurnýjun í stéttinni er um 5-6% á ári. (Munnleg heimild: Jón Friðrik Sigurðsson, umsjónarmaður Fangavarðaskólans.)

Í gögnum sem SBÖL bárust frá Guðmundi Gíslasyni (2000) segir að mikilvægt sé að leggja áherslu á menntun og endurmenntun fangavarða með áherslu á faglega þróun starfsins og manngildi. Hann bendir á að fangavarðastarfið hafi breyst, þar sem áherslan í starfi sé í meira mæli „að sinna aðgæslu og samskiptum“ í stað þess að vera „á verði“. Guðmundur vísar máli sínu til stuðnings m.a. í samnorrænar síðareglur sem fangavarðafélög á Norðurlöndum standa sameiginlega að og þar stendur meðal annars: „Starfið felst fyrst og fremst í gæslu og umönnun fanga og skulu félagar í

starfi sínu leggja áherslu á mannúð í mannlegum samskiptum. Félagar verða því að viðhalda kunnáttu sinni, leitast við að auka hana og hafa ætíð að leiðarljósi að bæta við þekkingu sína".

### **Rannsókn á störfum fangavarða:**

Samkvæmt rannsókninni færnikröfur starfa (Gerður G. Óskarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 2000) þá vinna fangaverðir á vöktum við að gæta fanga, bera ábyrgð á öryggi og heilsu þeirra og sjá um að umgengnis- og öryggisreglum stofnunar sé framfylgt. Þetta felst í eftirfarandi:

- lesa dagbók vaktar og fara yfir dagskrá vinnudags með samstarfsmönnum og/eða fráfarandi vakt;
- taka á móti nýjum föngum, ræða við þá og skrá niður nöfn aðstandenda og aðrar mikilvægar upplýsingar eins og t.d. notkun lyfja, leita í fatnaði og farangri að vopnum, fíkniefnum og öðrum bönnuðum varningi, s.s. gleri, áldósum eða myndavélum, framkvæma líkamsleit, kynna þeim umgengnis- og öryggisreglur stofnunarinnar, sýna aðstæður og vísa til vistarvera; gera úttekt á klefum, þ.e. ganga úr skugga um að húsgögn og hlutir séu tilbúnir til frekari notkunar;
- opna vistarverur að morgni dags og vekja vistmenn ef við á, læsa aftur að kvöldi eftir að vistmenn eru komnir í ró;
- hafa til mat og/eða taka á móti matarbökkum fyrir vistmenn á matmálstímum, koma matarbökkum inn á deildir og fylgjast með að vistmenn nærast; gefa vistmönnum lyfin sín og fylgjast með að þeir taki þau inn;
- sjá til þess að vistmenn vinni þau verk sem þeim eru ætluð, t.d. að þrifa herbergi sín og ganga frá fatnaði, fylgjast með að vistmenn séu snyrtilegir og hreinir og fari eftir reglum;
- hafa eftirlit með samskiptum vistmanna vegna mögulegs ágreinings milli þeirra, s.s. áfloga, árása og rifrilda, fylgjast einnig með vistmönnum til að koma í veg fyrir strokutilraunir;
- fylgjast með skjám eftirlitsmyndavéla og fara í eftirlitsferðir um fangelsið og umhverfi þess til að athuga hvort öryggisatriðum sé fylgt, s.s. að hurðir séu læstar, rimlar og gaddavír í lagi og ekki brotin gler á brunaboðum; líta inn í svefnklefa og leita í þeim, leggja hald á ólöglega hluti sem finnast; framkvæma líkamsleit ef talin er þörf á því;
- fylgjast með föngum í útivist og ganga um útivistarsvæði;
- stjórna umferð fanga um fangelsið og lóð þess, opna hurðir frá stjórnborði eða með lykli og læsa aftur, tilkynna í talstöð um ferðir vistmanna;
- tala við fanga um hversdagsleg málefni, t.d. fréttir, tómsundur og vinnu; ræða einnig við þá um persónuleg vandamál þeirra, s.s. fjölskyldu-, drykkju-, fíkniefna- og hegðunarvandamál, leiðbeina þeim og/eða vísa áfram til sérfræðings;
- ræða við aðstandendur, t.d. reyna að róa þá ef þeir hafa áhyggjur;
- taka við pöntunum frá fanga um heimsóknir, láta fanga vita um afgreiðslu heimsókna, þ.e. hvort og hvenær af heimsókn verður; fylgja gestum í heimsóknarherbergi og vísa út að lokinni heimsókn, leita í öllum sendingum og gjöfum; taka við umsóknum frá vistmönnum vegna tækja eða muna sem ekki eru leyfðir að jafnaði;
- fylgjast með heilsufari fanga, bæði andlegri og líkamlegri líðan þeirra, skrá á lista ef þörf er á lækniástoð eða kalla strax til lækni; geta þurft að fylgjast sérstaklega

vel með ákveðnum einstaklingum ef hættu er á að þeir skaði sig og/eða aðra; taka við sýnum frá föngum vegna lyfjaprófa og setja sýni í gegnum lyfjamæli;

- hemja einstaklinga ef kemur til óláta t.d. með því að setja þá í handjárn og færa burt frá öðrum til að koma í veg fyrir að slys eða tjón hljóti af;
- vera viðbúnir öllum stundum til að takast á við aðstæður sem geta komið upp t.d. slagsmál, árásir, slys, veikindi, eldsvoði o.fl;
- skrá skýrslur um hvers kyns uppkomur og brot á reglum t.d. slagsmál, skemmdarverk og þegar lyfjapróf eru tekin, einnig ef ólögleg efni eða hlutir finnast;

*í sumum tilfellum:*

- skipuleggja starf vistmanna, t.d. með því að leita eftir vinnu fyrir þá eða með því að hafa yfirumsjón með fastri vinnu þeirra; leiðbeina föngum um hvernig á að vinna ákveðin verkefni, stjórna vinnu þeirra og fylgjast með að rétt sé unnið, reikna út laun og borga þau út; sjá til þess að nægilegt hráefni sé til á lager, koma vörum til viðskiptavina og ganga frá mánaðarlegu uppgjöri;
- skipuleggja íþrótta- og tómstundastarf fanga, t.d. með því að koma á íþrótta-keppnum og/eða skemmtunum;
- líta reglulega eftir föngum sem eru í gæsluvarðhaldi og einangrun, færa þeim mat og annað, t.d. bækur og lyf, hafa eftirlit með föngum í útivist, heimsóknnum og símatíma.

## **5.2 Menntun**

Fangavarðaskóli ríkisins heyrir undir fræðsludeild innan Fangelsismálastofnunar og er starfræktur til að mennta fangaverði. Ekki liggur fyrir föst námsskrá sem unnið hefur verið eftir heldur eru til drög að námsskrá.

Í heild hafa 96 einstaklingar lokið námi frá Fangavarðaskólanum. Fyrir árið 1996 tók nám fangavarða 10-12 vikur sem hófst yfirleitt í september og lauk í desember sama ár og var aðeins um svonefnt grunnnám að ræða. Frá árinu 1997 hefur námið tekið tvær annir í skóla, grunnnám á fyrri önn og framhaldsnám á seinni önn. Milli þessara áfanga starfa nemendur í fangelsum í a.m.k. þrjá mánuði. Með endurskoðun á reglugerð frá 1996 um menntun fangavarða nr. 304/2000 var námið gert samfelldara. (Guðmundur Gíslason, 2000.)

Um 8-10 nemendur hafa stundað nám við skólann á ári en taka skal fram að ekki hefur verið um samfelldan tíma að ræða. Skólaárið 1999-2000 var fjölmennara þar sem 15 manns voru í framhaldsnáminu sem kennt var í beinu framhaldi af grunnnáminu sem hófst síðastliðið haust. (Munnleg heimild: Jón Friðrik Sigurðsson, umsjónarmaður Fangavarðaskólans.)

## **Inntökuskilyrði:**

Samkvæmt reglugerð nr. 304/2000 um menntun fangavarda og skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður er kveðið á um hvaða skilyrði fólk þarf að uppfylla til að geta sótt um starf fangavarda.

- að vera á aldrinum 20-40 ára,
- hafa ekki hlotið refsiviðurlög skv. almennum hegningarlögum,
- að geta sýnt fram á að vera andlega og líkamlega heilbrigður og standast læknisskoðun og þrekpróf,
- hafa lokið að minnsta kosti tveggja ára framhaldsskólanámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri,
- hafa gott vald á íslensku.

Skólanefnd Fangavardaskólans metur umsóknir um fangavardastörf og getur krafist þess að umsækjandi taki inntökupróf eða önnur próf til að meta hæfni hans.

## **Námið:**

Nýliðum er skylt að taka vikunámskeið í fangavardafræðum hjá skólanum áður en þeir hefja störf sem fangaverðir. Þar er lögð áhersla á að kenna nýliðum fangelsisfræði, samskipti, skyndihjálp og öryggismál.

Fangavardanámið er þrískipt og tekur um níu mánuði í heild. Nemendur sækja 3ja mánaða grunnnám í Fangavardaskólanum, síðan 3ja mánaða starfsþjálfun í fangelsi og að því loknu fara nemendur í 3ja mánaða framhaldsnám.

Árið 2000 er í þriðja skipti sem framhaldsnámið er kennt. Forstöðumaður viðkomandi fangelsis hefur eftirlit með starfsþjálfuninni og metur hæfni nemenda að lokinni starfsþjálfun og er mat hans sent til skólanefndar. Hafir nemandi starfað sem fangavörður lengur en sex mánuði er hann undanþeginn starfsþjálfuninni að fenginni umsögn frá forstöðumanni viðkomandi fangelsis.

Í drögum að námsskrá Fangavardaskólans kemur fram tímafjöldi hvers námskeiðs/námsþáttar, markmið námskeiðsins, lesefni og innihaldslýsing. Farið er yfir eftirtalið námsefni:

- *Grunnnám* tekur 3 mánuði. Farið er í eftirtalið námsefni: Afbrotafræði (24 tímar); Enska I (34 tímar); Fangelsismálefni I (30 tímar); Fíkniefni í fangelsum (24 tímar); Framkvæmd refsinga (8 tímar); Heilsufræði (4 tímar); Íslenska - málnotkun (30 tímar); Íslenska - réttitun (40 tímar); Líkamleg þjálfun I (40 tímar); Lögfræði I (24 tímar); Mannleg samskipti (8 tímar); Sálfræði (36 tímar); Siðfræði (14 tímar); Skyndihjálp (8 tímar); Skýrslugerð (20 tímar); Tölvunotkun (24 tímar); Öryggismál I (40 tímar).
- *Framhaldsnám* tekur 3 mánuði. Farið er í eftirtalið námsefni: Afbrotafræði II (26 tímar); Enska II (30 tímar); Fangelsismálefni II (26 tímar); Félagsleg aðstoð við fanga (6 tímar); Líkamleg þjálfun II (50 tímar); Lögfræði II (26 tímar); Mannleg samskipti II (12 tímar); Mannréttindi í fangelsum (20 tímar); Sálfræði II (36

tímar); Sjálfstætt verkefni (20 tímar); Skrifleg tjáning (28 tímar); Tölvunotkun II (22 tímar); Öryggismál II (42 tímar).

### **Námsmat:**

Nemendum er skylt að ljúka námi með prófi. Til þess að standast próf þarf lágmarkseinkunnina 5 og er heimilt að endurtaka próf í tveimur námsgreinum hafi nemandi ekki staðist próf. Standist hann ekki þrjú próf er hann fallinn á önninni. Nemandi sem ekki hlýtur tilskilda lágmarkseinkunn getur ekki lengur starfað sem fangavörður.

### **Starfslið:**

Við Fangavarðaskólann á að starfa umsjónarmaður sem sér um daglegan rekstur skólans skv. reglugerð nr. 304/2000. Hins vegar hefur því fyrirkomulagi ekki enn verið komið á. Aðrir starfsmenn sem aðallega eru kennarar við skólann eru um 10 talsins og eru annað hvort á tímakaupi eða starfa sem verktakar. (Munnleg heimild: Jón Friðrik Sigurðsson, umsjónarmaður Fangavarðaskólans.)

Í 4. gr. reglugerðar nr. 304/2000 um menntun fangavarda og skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður segir að umsjónarmaður, sem Fangelsismálastofnun ræður, annist daglega stjórn skólans. Skólanefnd er stofnuninni til ráðgjafar um fagleg málefni skólans, innra skipulag hans og inntöku nemenda.

Í skólanefnd sitja fjórir aðilar. Forstjóri Fangelsismálastofnunar eða fulltrúi hans, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, fulltrúi Fangavarðafélags Íslands og umsjónarmaður en hann hefur ekki atkvæðisrétt heldur eingöngu tillögurétt og málfrelsi.

### **Símenntun:**

Við Fangavarðaskólann eru einnig ýmis námskeið í boði á ári hverju þar sem farið er í ákveðna sérhæfða þætti eins og reykjöfun eða öryggismál.

Nám við Fangavarðaskólann er að fyrirmynd frá Norðurlöndum auk þess sem starfsfólk skólans vinnur í samstarfi við aðra sérfræðinga á þessu sviði á Norðurlöndunum. Sem dæmi þá er með reglulegum hætti haldinn fundur meðal norrænna skólastjóra. Einnig hafa fangaverðir sótt námskeið sem sérstaklega er ætlað fyrir fangaverði á Norðurlöndunum, en þar eru ákveðnir þættir í starfssviðinu teknir fyrir. (Munnleg heimild: Jón Friðrik Sigurðsson, umsjónarmaður Fangavarðaskólans.)

### **Rannsókn á viðhorfi fangavarda og yfirmanna þeirra á menntun:**

Í rannsókninni um færnikröfur starfa (Gerður G. Óskarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 2000) kemur fram að um 65% fangavarda sem rætt var við töldu að þjálfun í upphafi starfs hafi verið of lítil sem er óvenjuhátt hlutfall sé miðað við aðrar starfsstéttir sem þær hafa rætt við. Fangaverðir og yfirmenn voru einnig spurðir um áhuga og þörf á frekari námskeiðum og í skýrslunni kemur orðrétt fram:

„Spurt var um námskeið sem fangaverðir hefðu mestan áhuga á að sækja í tengslum við starf sitt. Þá nefndu þeir tölvunámskeið, samskiptanámskeið, fræðslu

um fíkniefnavarnir, líkamshjálfun og sjálfsvörn en einnig var óskað eftir námskeiði í skyndihjálp og brunavörnum. Þegar yfirmenn voru spurðir hvaða námskeið þeir vildu senda starfsmennina á var helst nefnt sálfræðinámskeið og samskiptanámskeið, siðfræði, skyndihjálp, fíkniefnafræðsla og líkamleg hjálfun svo óskir starfsmanna og yfirmanna fara hér nokkuð saman.

Flestir yfirmenn mátu það svo að þeir myndu fela nýjum starfsmönnum sömu verkefni en þó var nefnt að sérhæfing eða verkaskipting gæti átt sér stað t.d. í að finna vinnu fyrir skjólstæðinga og aðstoða þá við framkvæmd hennar. Þegar spurt var um kröfur til nýrra starfsmanna þá var færni í samskiptum nefnd sem og andlegt og líkamlegt jafnvægi. Nokkrir yfirmenn óskuðu að næsti starfsmaður hefði lokið a.m.k. tveimur árum í framhaldsskóla eða væri eldri en 25 ára."

### **5.3 Lög og reglugerðir**

Skv. lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 með síðari breytingum á forstjóri Fangelsismálastofnunar að vera lögfræðingur. Í 5. gr. er kveðið á um að ráðherra skipi forstöðumann fangelsis og skuli fremur ráða mann er hefur lokið viðurkenndu lokaprófi frá háskóla.

Í 6. gr. er sagt að áður en fangavörður er skipaður til starfa skuli hann hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins.

Í reglugerð nr. 304/2000 um menntun fangavarda og skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður er kveðið á um hvaða menntun og aðrar kröfur eru gerðar til umsækjenda um starf fangavarda. Þar er fjallað um hlutverk Fangavarðaskólans, stjórn og starfslið hans.

Hlutverk Fangavarðaskólans er að veita fangavörðum almenna menntun er lýtur að hlutverki og starfsemi fangelsa, fullnustu refsinga svo og endur- og sérmenntun í hinum ýmsu greinum fangavörslu.

Í 8. gr. reglugerðarinnar eru kveðið á um meginnámsgreinar sem þarf að kenna og markmiðið með því námi. Þessar námsgreinar eru afbrotafræði, enska, fangelsisfræði, félagsleg aðstoð við fanga, fíkniefni í fangelsum, heilsufræði og skyndihjálp, íslenska, líkamleg hjálfun, lögfræði, mannréttindi og siðfræði, sálfræði, skýrslugerð, tölvu-notkun og öryggismál.

Í 9. gr. segir að fangavörðum beri að viðhalda þekkingu sinni svo sem með þátttöku í námskeiðum sem haldin eru og varða starf þeirra á einn eða annan hátt.

Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum teljast fangaverðir vera embættismenn.

## 6 Flugumferðarstjórn

Flugumferðarstjórn heyrir undir samgönguráðherra. Flugmálastjórn Íslands rekur skóla flugmálastjórnar, ATS-skóla. Skólinn hefur verið starfræktur frá árinu 1955 og hefur séð um alla menntun og endurmenntun flugumferðarstjóra sem og aðstoðarmanna (FDS) í flugstjórnarmiðstöð og flugvallarvarða og flugradiómanna úti á landi. Námið hefur ýmist farið fram hér á landi eða erlendis. Undanfarin ár hefur ATS-skólinn séð um grunnám fyrir flugumferðarstjóra en nú árið 2000 munu nemendur stunda námið erlendis.

Á Íslandi starfa flugumferðarstjórnar í Reykjavík, Keflavík, Akureyri og Vestmannaeyjum. Á öðrum flugvöllum er ekki flugumferðarstjórn heldur upplýsingaþjónusta og þar starfa flugvallarverðir eða flugradiómenn.

Íslenska flugstjórnarsvæðið er í heild u.þ.b. 5,8 milljónir ferkílómetrar að stærð. Ýmsir aðilar auk flugumferðarstjóra stuðla að því að tryggja öryggi flugvéla sem ferðast um svæðið og má þar nefna Veðurstofu og Fjarskiptastöðina í Gufunesi. (Flugmálastjórn Íslands. ATS-skóli, 2000.)

Samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 stjórnar Flugmálastjórn aðgerðum þegar loftfars er saknað fram til þess að það finnst, en þá tekur lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi við ábyrgð á vettvangsstjórn ef um slys er að ræða.

### 6.1 Störf

Í lögum um loftferðir nr. 60/1998 í 6. gr. segir að samgönguráðherra skipi flugmálastjóra til fimm ára í senn. Ráðherra ræður framkvæmdastjóra einstakra sviða stofnunarinnar að fenginni umsögn flugmálastjóra. Flugmálastjóri ræður hins vegar annað starfsfólk stofnunarinnar.

Samtals eru um 100 flugumferðarstjórnar á Íslandi. Þeir vinna við þrens konar flugumferðarstjórn; flugturnsþjónustu, aðflug og svæðisflugstjórn. Hvert flug sem farið er byggist á fjórum þáttum: Flugtaki og brottflugi, leiðarflugi, aðflugi og landingu og þarf starfsréttindi fyrir hvern þessara þátta. (Flugmálastjórn Íslands. ATS-skóli, 2000.)

Flugumferðarstjóri stjórnar flugumferð og leiðbeinir flugvélum milli staða, allt frá flugtaki til landingar. Hann á að sjá um að flugumferðin gangi fyrir sig á skipulegan, öruggan og fljótvirkan hátt. Hann sér einnig um viðbúnaðar-, leitar- og björgunarþjónustu ef með þarf. Til þess notar hann fjarskiptatæki og ratsjár ásamt ýmsum öðrum búnaði. (Flugmálastjórn Íslands. ATS-skóli, 2000.)

Flugumferðarstjórnar vinna eftir reglum Alþjóða flugmálastofnunarinnar (ICAO) og Flugmálastjórnar. Þeir stjórna flugumferð milli staða innanlands, til og frá löndum innan þeirra stjórnsvæðis (Grænland, Færeyjar og Ísland) og milli Ameríku, Asíu annars vegar og Evrópu hins vegar. (Flugmálastjórn Íslands. ATS skóli, 2000.)

## 6.2 Menntun

Menntun flugumferðarstjóra fer bæði fram hér á landi og þá í skóla Flugmálastjórnar og einnig erlendis ef þarf. Námið í heild getur tekið allt að fimm ár en fyrstu réttindum flugumferðarstjóra er þó yfirleitt náð innan 18-20 mánaða frá upphafi náms. (Flugmálastjórn Íslands. ATS-skóli, 2000.)

Ekki er fastákveðinn námstími fyrir hverja námsbraut. Reglur um flugumferðarstjórn breytast ört þannig að fara þarf yfir námsefnið í hvert sinn áður en kennsla hefst. Því getur námstíminn einnig breyst vegna þess. Sagt er að grunnnámið taki fjóra til sex mánuði. Þegar það er kennt hér á landi tekur það jafnan fjóra mánuði en oft sex mánuði þegar það er kennt erlendis. (Munnleg heimild: Elías Gissurarson, skólastjóri ATS-skóla.)

Stuðst er við námsefni frá Alþjóða flugmálastofnuninni og Euro-Control auk þess sem námsefni er fengið frá fleirum aðilum.

### Inntökuskilyrði:

Þeir sem stunda nám í flugumferðarstjórn þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði skv. bréfi Flugmálastjórnar Íslands til umsækjenda vorið 2000:

- að hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun,
- að hafa hreint sakavottorð sem á ekki að vera eldra en 2ja mánaða,
- að vera íslenskur ríkisborgari eða eiga lögheimili á Íslandi,
- að skila augnlæknisvottorði í samræmi við reglugerð um skirteini útgefinni af Flugmálastjórn,
- að skila inn ljósmynd.

Ef umsókn er tekin til greina þurfa umsækjendur að fara í gegnum eftirfarandi ferli:

- ATScreen sem er próf í ýmsum þáttum er varða persónuleika, minni og viðbragðsflýti. Prófið er tekið á tölvu, er á ensku og tekur um 3 klukkustundir.
- Prófun í skilningi á töluðu máli, lesmáli og getu til að tala ensku. Enskuskólinn sér nú um framkvæmd þessa.
- TAXI Test sem er próf í einbeitingu, skipulagningu og vinnu undir álagi. Prófið tekur eina klst. og einn nemandi er prófaður í einu. Einn starfsmaður kynnir, prófdómarar eru þrír og fjórir „flugmenn“ eru viðstaddir.
- Kynningu á starfsemi Flugmálastjórnar og vinnustöðum flugumferðarstjóra.
- Mat á samstarfshæfni.
- Einstaklingsviðtöl sem taka frá 30-90 mínútum. Þrír til fimm starfsmenn sjá um þessi viðtöl.
- Fara í almenna heilbrigðisskoðun fyrir flugumferðarstjóra.

Valnefnd sker síðan úr um hverjir innritast í námið.

## Námið:

Í öllum tilfellum eru fyrstu réttindi flugumferðarstjóra flugturnsþjónusta eða svæðisflugstjórn. Svæðisflugstjórn er hægt að skipta í þrjú megin svið. Innanlandsdeild, norður/vestur svæði og suður/austur svæði. Þetta nám er misjafnt að lengd og forkröfur einnig mismunandi. Áður en nemendur veljast á sérsvið þurfa þeir að ljúka 4-6 mánaða grunnþjálfun (Flugmálastjórn Íslands. ATS skóli, 2000), sjá eftirfarandi:

- 1) *Grunnnám* tekur 4-6 mánuði.
- 2) *Flugturnsþjónusta*. Flugturn stjórnar sjónflugsumferð í nágrenni flugvalla (5-10 sjómílu) sem og umferð á flugvellingum sjálfum. Flugturnar stjórna einnig blindflugsumferð á fyrstu stigum brottfarar og síðustu stigum landingar. Nám fyrir þetta stig tekur u.þ.b. eitt ár. Nemi verður að hafa lokið grunnnámi áður en hann byrjar námið.
- 3) *Aðflugsstjórn* stjórnar flugumferð í blindflugi frá flugtaki og þar til hún kemst inn á fyrirhugaða flugleið. Eins sér aðflug um stjórnun flugvéla þar sem þær koma til landinga. Aðflugsstjórnin hefur afmarkað svæði sem hún sér um stjórn á. Hér á landi nær þetta svæði allt að 40 sjómílu frá flugvelli. Námstími er nálægt 40 vikur og er ratsjárnám tekið með aðflugsnámi. Nemi verður að hafa lokið flugturnsréttindum áður en hann hefur námið.
- 4) *Svæðisflugstjórn* stjórnar stærstu svæðunum.
  - Þau eru *innanlandssvæðið* sem er yfir öllu Íslandi og nær upp í 24.500 fet. Nám í innanlandsdeild tekur 30-50 vikur. Ratsjárnám fylgir innanlandsdeild.
  - Úthafssvæðið nær frá vesturströnd Noregs að austurströnd Kanada og frá 200 sjómílum suður af Íslandi allt til Norðurpólsins. Efri hæðarmörk eru engin. Úthafssvæðinu er skipt í fjögur minni svæði til að auðvelda stjórnun flugumferðarinnar. Tvö af þessum svæðum, suður og austursvæðin, eru að hluta ratsjárnvædd en norður og vestursvæðin ekki.
  - Eftir grunnám er hægt að hefja nám í *norður/vestur svæðum* eða innanlandsdeild. Námstími er 30-50 vikur.
  - Í framhaldi af norður/vestur deildum og innanlandsdeild er hægt að fara í nám í *suður/austur svæðum*, námið er um 30-40 vikur.

Síðan fer það eftir því hvar flugumferðarstjórar vinna hvaða nám þeir þurfa að taka, en það er eftirfarandi:

Á Akureyri og í Keflavík þurfa þeir að ljúka auk grunnnámsins (4-6 mán.) flugturnsþjónustu (1 ár með 3ja mánaða starfsþjálfun) og aðflugsstjórn (40 vikur).

Í flugturninum í Reykjavík er nægilegt að ljúka eingöngu flugturnsstjórn. Því er hér um stysta námið að ræða, þ.e. 4-6 mán. grunnám og eitt ár um flugturnsþjónustu.

Þeir sem vinna í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík taka bæði innanlands- og úthafssvæði. Tekið er 4-6 mánaða grunnám, innanlandsdeild (30-50 vikur) og norður/vestur svæðið (30-50 vikur) og í framhaldi af því suður/austur svæðið (30-40 vikur).

Þeir sem taka innanlandsdeild verða einnig að taka norður/vestur svæðið.

Til að taka aðflugsstjórn þarf annað hvort að ljúka flugturnsþjónustu eða innanlandsdeild.

### 6.3 Lög og reglugerðir

Í lögum um loftferðir nr. 60/1998 er kveðið á um stjórn flugmála í öðrum kafla og í fimmta kafla um aðstoð og björgun.

Reglugerð um skirteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands nr. 418/1999 er gefin út samkvæmt heimild í 45 gr., sbr. 31., 73. og 74. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og tók gildi 1. júlí 1999. Í 6. kafla er fjallað um heilbrigði vegna útgáfu skirteina.

Í fjórða kafla eru ákvæði um skirteini flugumferðarstjóra. Þar eru einnig sérstakar reglur um þá reynslu sem umsækjandi þarf að hafa áður en hann fær skirteini sem er eftirfarandi:

- 1) Hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámi með fullnægjandi árangri.
- 2) Hafa undir eftirliti flugumferðarstjóra með viðeigandi áritun annast á fullnægjandi hátt:
  - a) vegna áritunar fyrir flugturnsþjónustu: flugturnsþjónustu eigi skemur en 90 klst. eða einn mánuð, hvort heldur er lengra, við þá flugstjórnardeild sem sótt er um áritun fyrir,
  - b) vegna áritunar fyrir aðflugstjórn, ratsjáraðflugsstjórn, flugstjórnarsvæðisþjónustu eða flugstjórnarsvæðisstjórn með ratsjá: þá flugstjórnarþjónustu sem sótt er um áritun fyrir eigi skemur en í 180 klst. eða þrjá mánuði, hvort heldur er lengra, við þá flugstjórnardeild sem hann sækir um áritun fyrir,
  - c) vegna áritunar fyrir nákvæmnisaðflugsstjórn: eigi minna en 200 nákvæmnisaðflug og skal að hámarki 100 þeirra stjórnað í ratsjárhermi sem Flugmálastjórn viðurkennir í því skyni. Eigi minna en 50 þessara nákvæmnisaðfluga skulu leyst af hendi við þá flugstjórnardeild og með þeim tækjum sem sótt er um áritun fyrir.
- 3) Ef réttindi vegna áritunar fyrir ratsjáraðflugsstjórn ná einnig til starfa við stefningaraðflug skal reynslan einnig fela í sér minnst 25 aðflug með hringratsjá (PPI) af þeirri gerð kögunartækja sem notuð eru við þá flugstjórnardeild sem sótt er um áritun fyrir og undir eftirliti flugumferðarstjóra með viðeigandi ratsjárrettindi.

Í reglugerð um starfsemi Flugmálastjórnar Íslands nr. 441/1997 6. gr. er kveðið á um þjálfun. Þar segir að Flugmálastjórn skuli viðhalda og auka hæfni starfsmanna sinna með endurmenntun og þjálfun. Stofnunin starfrækir skóla til að þjálfa flugumferðarstjóra, aðstoðarmenn í flugumferðarstjórn og flugradíómenn. Jafnframt sinnir stofnunin þjálfun starfsmanna sem annast rekstur flugvalla, svo og annarra starfsmanna, sem stunda sérhæfð þjónustustörf í þágu flugöryggis og flugsamgangna.

## 7 Hafnarverðir

Hafnarverðir eru starfandi á 43 höfnum á landinu samkvæmt upplýsingum frá Hafnarsambandi sveitarfélaga.

### 7.1 Störf

Áætla má að um 120 hafnarverðir séu á landinu ef reiknað er með þremur hafnarvörðum að meðaltali í þeim 43 höfnum sem þeir starfa á.

Starfsgreinaráðið fór þess á leit við Gerði G. Óskarsdóttur og Hildi Björk Svavarsdóttur (2000) að vinna starfslýsingu yfir hafnarverði en þau gögn lágu þegar fyrir. Þar kemur fram að hafnarverðir sinna þjónustu við skip og báta í höfn og hafa almennt eftirlit með hafnarsvæði, en þetta felst í eftirfarandi:

- raða bátum og skipum í höfn með hliðsjón af stærð og gerð þeirra og hversu lengi þau eru í höfn;
- taka á móti togurum og flutningaskipum og binda þau við bryggju;
- tilkynna komur erlendra skipa eða fiskibáta til tollgæslu ef höfnin er fyrsta viðkomuhöfn í landinu;
- afgreiða vatn til skipa og sjá um að vatnskerfi hafnar sé í lagi;
- vera háseti og í sumum tilfellum skipstjóri á dráttarbátum með hafnsögumanni;
- hafa eftirlit með þrífnaði á hafnarsvæði, spúla það ef þörf er á en láta viðkomandi aðila vita ef frekari þrifa er þörf;
- sjá til þess að björgunartæki hafnar séu í lagi;
- fylgjast með og tilkynna um bilun á opinberum sjómerkjum;
- sleppa landfestum þegar togarar og flutningaskip leggja úr höfn;
- láta yfirmann vita ef tjón verður af völdum skipa eða báta;
- fylgjast með hafnarsvæði fótgangandi, akandi eða á báti;
- nota símbref, tölvu, farsíma og talstöðvar;
- hafa samskipti við bryggjuverði, hafnarstjóra, hafnsögumenn, slippmenn, umboðsmenn skipa og þjónustu- og viðgerðaraðila hafnarinnar;

*sinna í sumum tilfellum starfi vigtarmanns:*

- líta eftir að hafnarvogir séu rétt stilltar og að starfsfólk hafi löggilt vigtarpróf;
- vigta flutningsbíla og lyftara fyrir og eftir að þeir hafa verið fermdir;
- nota tölvu við skráningu vigtar;
- senda eftirlitsstofnun upplýsingar um landanir skipa.

*Í smærri höfnum er starf hafnarvarðar ekki eins sérhæft og sinnir hann gjarnan eftirfarandi störfum:*

- sér um viðhald hafnarinnar, t.d. skiptir um dekk sem hanga á bryggjuköntum, málur bryggjupolla og smyr löndunarkrana;
- afgreiðir rafmagn um borð, gætir þess að rafmagn fari á réttan bát og fylgist með hversu miklu rafmagni hver hefur eytt; les reglulega af rafmagnsmælum sem staðsettir eru víðsvegar um höfnina;

- veitir sjófarendum, aðstandendum þeirra, eftirlitsaðilum, fjölmiðlum og öðrum upplýsingar um flóð- og ölduhæð, skipaferðir og afla;
- fjarlægir sorp úr skipum og kemur því í gám;
- heldur dagbók yfir skipa- og bátakomur, sem og dvalar- og brottfarartíma;
- gegnir jafnframt starfi hafnsögumans og vigtarmanns.

## 7.2 Menntun

Í lögum er ekki kveðið á um lágmarks grunnmenntun hafnarvarða. Þeim er þó skylt að sjá um aflaskráningarkerfið „Lóðsinn“ sem heldur utan um kvótakerfið sem tengist Fiskistofu og er skylda í öllum höfnum á landinu að nota þetta kerfi. Sú menntun sem hafnarverðir hafa fengið er að mestu tengd því að læra að nota þetta aflaskráningarkerfi. (Munnleg heimild hjá starfandi hafnarverði.)

Hjá Slysavarnaskóla sjómanna er í boði 8 klst. námskeið sem er ætlað starfsmönnum í og við hafnir, þ.á.m. hafnarvörðum. Það heitir hafnaröryggi. Bæði er um bóklega og verklega kennslu að ræða. Farið er m.a. yfir öryggismál hafna, mann í sjó, ofkælingu, endurlífgun, búnað í höfnum og búnað til aukins öryggis. (Slysavarnaskóli sjómanna, námskeiðslýsing um námskeiðið Hafnaröryggi.)

Í rannsókninni færnikröfur starfa (Gerður G. Óskarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 2000) kom fram að allir hafnarverðir töldu sig fá fullnægjandi þjálfun í upphafi starfs. Mestan áhuga höfðu hafnarverðir á að sækja tölvunámskeið í samræmi við tölvuvæðingu í starfinu, tungumálanámskeið og svo námskeið tengd sérhæfðum þáttum sem ekki eru skilgreindir frekar.

Yfirmenn hafnarvarða voru sérstaklega spurðir nokkurra spurninga er varðar menntun og þjálfun hafnarvarða. Orðrétt kemur fram í skýrslunni:

„Þegar yfirmenn voru spurðir hvers konar námskeið þeir vildu senda starfsmenn sína á þá voru þau nokkuð samhljóða óskum starfsmannanna sjálfra, s.s. um tölvur og tungumál en yfirmenn minntust auk þess á námskeið í samskiptum og öryggismálum.

Nær allir yfirmenn hafnarvarða sem rætt var við mátu það svo að þeir myndu fela nýjum starfsmanni sömu verkefni og áður en einn vildi að hafnarverðir sinntu meira og flóknara viðhaldi við hafnirnar. Þegar spurt var um kröfur til nýrra starfsmanna vildu sumir yfirmenn gera meiri kröfur um tölvukunnáttu sem er í samræmi við fyrri niðurstöður um aukna tölvuvæðingu starfsins.

Aðeins einn yfirmaður hafnarvarða sá fyrir sér að innan næstu 5 ára myndi starf af þessu tagi krefjast meiri menntunar en hingað til hefur tíðkast, en meirihluti yfirmanna taldi það þó æskilegt að starfið krefðist sérhæfðrar menntunar.“

## 8 Hafnsögumenn

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn leiðsögumála. Hafnsögumenn heyra undir Siglingastofnun Íslands og starfa m.a. samkvæmt lögum um leiðsögu skipa nr. 34/1993. Í reglugerðum viðkomandi hafna kemur fram hvort um hafnsöguskyldu er að ræða. Almennt er svo í stærstu höfnum landsins, s.s. Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Ísafirði, Akureyri og Vestmannaeyjum.

Almennt geta skip óskað eftir hafnsögumanni. Erlend skip eru almennt skyldug til að hafa hafnsögumann þegar þau fara í eða úr höfn. Íslensk skip sem flytja mikið magn af hættulegum varningi eða flutningaskip eða fiskiskip sem eru að ákveðinni stærð (slíkt fer þó eftir um hvaða höfn er að ræða) þurfa að hafa hafnsögumann nema hafnarstjórn hafi veitt skipstjóra slíks skips hafnsöguréttindi eða ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

### 8.1 Störf

Í höfnum sem hafnsögumenn eru starfandi á eru frá einum og upp í nokkra starfsmenn. (Munnleg heimild: Jón Leví Hilmarsson, yfirmaður hafnarviðs Siglingastofnunar Íslands.) Reykjavíkurböfn er stærsta höfnin. Þar starfa fjórir hafnsögumenn á vöktum og einn er yfirmaður. Áætla má að um 20-30 hafnsögumenn séu starfandi á landinu.

Í lögum um leiðsögu skipa nr. 34/1993 er leiðsögumaður sá sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið svæði. Hafnsögumaður er leiðsögumaður sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið hafnar­svæði eða við ákveðnar aðstæður. Samkvæmt þessum lögum þarf hafnsögumaður að uppfylla öll þau skilyrði sem leiðsögumenn þurfa að uppfylla.

Í 3ju grein er kveðið á um hvaða skilyrði leiðsögumenn þurfa að uppfylla til að fá löggildingu sem gildir fyrir ákveðið svæði til allt að fimm ára í senn. Skilyrðin eru eftirfarandi:

- vera 25-65 ára,
- hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð,
- hafa lokið 2. stigs skipstjórnarnámi eða samsvarandi námi,
- hafa siglt sem skipstjóri eða stýrimaður á skipi um svæði sem löggilding á að ná til og vera nákunnugur siglingaleiðum á svæðinu,
- hafa lokið námskeiði til að vera leiðsögumaður.

Í gögnum sem SBÖL hefur undir höndum er starfslýsing fyrir hafnsögumenn eftirfarandi: Hafnsögumenn starfa við að leiðbeina skipum og bátum í og úr höfn, úthluta þeim legurými og stjórna umferð um hafnir. (Heimild: efling/starfsmenntaráð).

Þetta starf hafnsögumanns má skilgreina ítarlega á eftirfarandi hátt:

- Hann tekur á móti boðum og beiðnum sem berast frá skipum, umboðsmönnum og skipafélögum um hafnsögu, legurými, vatn eða rafmagn.
- Hann metur með hvaða hætti skuli leiðbeina skipi í höfn, m.a. samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um stærð þess, djúpristu og útbúnað og fer um borð eða notar fjarskiptasamband við að færa það til hafnar í samvinnu við skipstjóra.
- Hann hefur til umráða hafnsögubát eða dráttarbát sem notaður er til að vísa skipum leið, draga þau til hafnar ef með þarf, eða færa þau til í höfninni.
- Hann hefur eftirlit með siglingamerkjum, þ.e. baujum og vitum innan hafnar, fylgist með að þau logi og sýni rétt merki og gerir viðhlítandi ráðstafanir ef svo er ekki.
- Hann fylgist með dýpi hafnar og gerir viðvart ef einhvers staðar grynningar um of.
- Hann gætir að mengun og gerir ráðstafanir ef óhapp verður, t.d. ef olía rennur í sjóinn.
- Hann hefur eftirlit með löndun á öllum afla, sér um að hann sé vigtaður og að upplýsingar berist Fiskistofu.
- Hann gefur töllyfivöldum upplýsingar um komur skipa, veitir almennar upplýsingar um skipaferðir, auk þess að veita áhöfnum ýmiss konar upplýsingar og þjónustu.
- Hann sér um tölvuskráningu á legustað innan hafnar, farmi og öðru sem við kemur skipum.
- Hann er fulltrúi hafnarstjóra við framangreind störf.
- Hann leiðbeinir skipstjórum og hásetum á hafnsögubátum og er yfirmaður hafnarvarða og vigtarmanna.
- Hann hefur samstarf við skipstjóra, starfsmenn töllyfirvalda og olíu- og skipafélaga.

## **8.2 Menntun**

Hafnsögumenn þurfa að hafa lokið leiðsögumannanámskeiði sbr. lög nr. 34/1993 um leiðsögu skipa. Einnig þurfa þeir að hafa lokið 2. stigi skipstjórnarréttinda, eins og fyrr hefur komið fram.

Hjá Stýrimannaskólanum í Reykjavík er boðið upp á Hafnsögumannanámskeið. Þetta er 24 klst. námskeið þar sem námsefnið er eftirfarandi: ARPA (Automatic Radar Plotting Aids), uppbygging og notkun; Ratsjársgling; Hafnsögumaður og sigling með lóðs um borð í vaktreglum IMO; Hafnsögumaður í brúnni og skyldur hans, lóðsstigi o.fl.; Þröngar leiðir og skipaskurðir (sqat, suction, bank effect); Skipulag og vinnulag í brú/óhöpp; Lög um leiðsögu nr. 34/1993 - Leiðsögusvæði; Hættulegur farmur um borð; Mengun sjávar frá skipum - MARPOL kynnt; Ábyrgð hafnaryfirvalda vegna villandi merkja eða upplýsinga; Stjórn skipa, notkun véla, skrófu, stýris og bógskrófu. Snúningshringur og stöðvunarvegalegd; Notkun dráttarbáta. (Gögn frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 31.03.2000.)

### **8.3 Lög og reglugerðir**

Hafnsögumenn starfa eftir lögum um leiðsögu skipa nr. 34/1993 (sbr. lög nr. 62/1993 og nr. 7/1996). Þar segir í annarri grein að hafnsögumaður er leiðsögumaður sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið hafnarsvæði og að hafnsögumaður er ráðinn af viðkomandi hafnarstjórn.

Í þriðju grein er kveðið á um löggildingu og skilyrði leiðsögumanna. Löggilding gildir í fimm ár í senn yfir ákveðið svæði og er nánari ákvæði um hana í reglugerð. Til að fá löggildingu sem leiðsögumaður þarf viðkomandi að vera á aldrinum 25-65 ára, hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð, hafa lokið 2. stigs skipstjórnarnámi eða samsvarandi námi og hafa siglt sem skipstjóri eða stýrimaður á skipi um svæði sem löggilding á að ná til og vera nákunnugur siglingaleiðum á svæðinu. Viðkomandi þarf einnig að hafa lokið leiðsögumannanámskeiði eftir því sem nánar segir í reglugerð.

Í 7. grein kemur fram að öll skip, sem flytja hættuleg efni í meira magni en tiltekið er í reglugerð, skuli ætíð nota hafnsögumann við siglingu um hafnarsvæði. Hafnarstjórn er heimilt að veita kunnugum skipstjórum undanþágu frá hafnsöguskyldu.

## 9 Landhelgisgæsla

Stofndagur Landhelgisgæslu Íslands miðast við 1. júlí 1926, þegar stofnunin hóf rekstur varðskipsins Þórs. Landhelgisgæslan heyrir undir dómsmálaráðherra.

Meginhlutverki Landhelgisgæslunnar er lýst í 1. gr. laga nr. 25 frá 1967 um Landhelgisgæslu Íslands. Þar segir að „Landhelgisgæslan er ríkisstofnun með varnarþing í Reykjavík, og er markmið hennar:

- a) Að hafa með höndum almenna löggæslu á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi.
- b) Að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, svo og að annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnarfélag Íslands [nú Slysavarnarfélagið Landsbjörg] eða aðra aðila, sem að björgunarstörfum vinna.
- c) Að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað.
- d) Að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp eða aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast af ófyrirsjáanlegum orsökum, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða annarra náttúruhamfara.
- e) Að sjá um sjómælingar og taka þátt í hafrannsóknnum, fiskirannsóknnum, botnrannsóknnum, svo og öðrum vísindastörfum, eftir því sem ákveðið kann að verða hverju sinni.
- f) Að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hættu af.
- g) Að aðstoða við framkvæmd almannaþinga, almennrar löggæslu, lækna-, toll- og vitapjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega.
- h) Að tilkynna tafarlaust Skipaskoðun ríkisins, ef vart verður við, að brotin eru lög um eftirlit með skipum eða brotnar reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, eða telji hún ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært".

Í 4. gr. laganna segir að „forstjóri ræður starfslið Landhelgisgæslunnar og ákveður starfssvið þeirra í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi. Dómsmálaráðherra setur nánari fyrirmæli um ráðningu starfsliðs að fengum tillögum forstjóra".

Skipta má störfum innan Landhelgisgæslunnar á eftirfarandi hátt eftir þeim starfssviðum er tengjast SBÖL:

- Skipmenn
- Stýrimenn
- Vélstjórar
- Hásetar
- Kafarar
- Flugmenn
- Flugvirkjar
- Sprengisérfræðingar
- Stjórnstöðvarmenn

## 9.1 Störf

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar eru um 130 talsins. Á skrifstofu yfirstjórnar eru 6 manns, 7 í stjórnstöð, 27 í flugdeild, 54 á varðskipum, 5 í varðskýli, 12 við sjómælingar, 2 á lager og 5 í tæknideild.

Þau störf sem snúa að SBÖL eru í flugdeild, í stjórnstöð, á varðskipunum og sprengieyðingar. Í þessum störfum voru samtals 90 starfsmenn í nóvember árið 2000. Á þylum og aðstoðarmenn flugs 16 manns, á flugvél og aðstoðarmenn flugs 14 manns, á varðskipum 48, í stjórnstöð 8 og 4 sprengisérfræðingar. Sjá töflu 5.

**Tafla 5. Fjöldi starfsfólks á varðskipum, flugvél, þylum, sprengieyðingum og í stjórnstöð hjá Landhelgisgæslunni í nóvember 2000.**

	Alls	Varðskip	Flugvél	Þylur	Stjórnstöð
<i>Alls</i>	<b>90</b>	<b>48</b>	<b>14</b>	<b>16</b>	<b>8</b>
Skipmenn	4	3			1
Stýrimenn	16	9	3*	3	1
Vélstjórar	10	10			
Hásetar	20	20			
Brytar	3	3			
Smyrjarar	3	3			
Flugstjórar	8		3	5	
Flugmenn	3			3	
Flugvirkjar	10-11		6	4	
Aðstoðarmenn flugs	3		2	1	
Sprengisérfr.	4				
Stjórnstöð	6				6
Alls í hverri áhöfn		18	4-5	5	1-4 á vakt

Á hverju varðskipi þurfa að vera 3 starfsmenn með kafararéttindi; \*sjá um siglingafræði og fjarskipti; fjöldi á þylum miðast við tvær þylur; á varðskipum miðað við þrjú varðskip; flugvirkjar eru einnig spilmenn á þylum og sinna einnig öðrum störfum á flugvélum Landhelgisgæslunnar; stýrimenn eru jafnframt sigmenn á þylum. (Heimild: Landhelgisgæsla Íslands.)

### Varðskipin:

Hjá Landhelgisgæslunni eru þrjú varðskip: Óðinn, Ægir og Týr. Óðinn var smíðaður 1959, er 839 brúttórumlestir og nær 18 sjómílna hraða á klukkustund. Ægir var smíðaður 1968 og Týr 1975. Bæði þessi skip eru 927 brúttórumlestir og ná 19 sjómílna hraða á klukkustund. Skipin eru sérstaklega styrkt til siglinga í ís.

Í skipunum er ein Bofors 40 mm fallbyssá ásamt handvopnum, öflugur slökkvi-búnaður til þess að fást við eldsvoða um borð í skipum á rúmsjó, s.s. þrýstidælur, birgðir af slökkvifroðu og léttvatni, barkar og blásarar til reyklosunar. Í hverju skipi eru sex sett af reykköfunartækjum og eldheldur klæðnaður fyrir skipverja. Þrjár gerðir

gúmbáta eru í hverju varðskipi. Þeir eru m.a. notaðir til að fara á milli skipa á rúmsjó og til landingar í fjörum.

Tvær færarlegar rafstöðvar eru í hverju skipi og neyðarljósabúnaður sem hægt er að setja upp á slysstað á landi eða um borð í löskuðum skipum. Sérstakar sogdælur eru notaðar til að dæla úr lekum skipum og er afkastageta þeirra um 250 tonn. Sjúkrastofa er í hverju skipi með tilheyrandi búnaði og áhöldum, ásamt búnaði til sjúkraflutninga. Einnig eru rafstýrð radartæki af gerðinni Sperry Rascar 3400 M (sem er þá ekki með mótora, drif og gíra) og Immarsat C fjarskiptatæki í skipunum. Tækin eru tengd fjarskiptatölvu skipanna og gefur það möguleika á telexfjarskiptum. Þessi tæki tryggja fjarskiptasamband til og frá varðskipunum, óháð fjarlægðum og radióskilyrðum.

Hluta úr ári gegnir Óðinn hlutverki vitaskips þar sem séð er um þjónustu og viðhald á vitum og ljósduflum við strendur landsins. Baldur sinnir sjómælingum en ekki landhelgisgæslu.

Á varðskipunum starfa 54 menn. Í áhöfn skipanna eru átján starfsmenn, skipherra, þrjú stýrimenn, sex hásetar, þrjú vélstjórar, einn bryti, tveir viðvaningar (sem eru þá í starfsþjálfun fyrir háseta eða til að starfa sem aðstoðarmenn bryta) og tveir smyrtjarar sem eru aðstoðarmenn vélstjóra. (Munnleg heimild: Magnús Gunnarsson, starfsmannastjóri Landhelgisgæslunnar.) Rými er um borð fyrir 65-70 manns.

Tveir til þrjú kafarar eru á hverju varðskipi og gegna þeir jafnframt öðrum störfum. Allir þeir sem starfa um borð í varðskipum hafa rétt til að sækja um að starfa einnig sem kafarar, svo sem stýrimenn, vélstjórar eða hásetar. Umsækjendur ganga undir læknisskoðun og þrekpröfun.

### **Flugdeild:**

Landhelgisgæslan hefur umráð yfir tveimur þyrlum og einni flugvél. Flugvélin, TF-SYN (F-27) flýgur reglulega til landhelgisgæslu, hafískönnunar og mengunareftirlits. Auk þess nýtist hún til leitar- og björgunarstarfa og sjúkraflugs. Í áhöfn vélarinnar eru að jafnaði 4-5 menn, flugstjóri, flugmaður og 3 siglingafræðingar sem sjá um siglingafræði og fjarskipti. Einn þeirra er leiðangurstjóri. Þrjú síðastnefndu eru allir menntaðir stýrimenn.

Þyrlur Landhelgisgæslunnar eru tilbúnar til flugtaks frá flugvelli að meðaltali 20-60 mínútum eftir útkall. Auk landhelgisgæslu nýtast þyrlurnar í fleiri verkefni, s.s. sjúkraflutninga, bæði til sjós og lands, leit og björgun og ýmis hífingaverkefni. Í áhöfn eru að jafnaði 5 menn, flugstjóri, flugmaður, stýrimaður (sem jafnframt er leiðangurstjóri, sigmaður og menntaður sjúkraflutningamaður), flugvirki (sem er jafnframt er spilmaður) og læknir. Landspítalinn Fossvogi hefur umsjón og stjórn þyrluvaktar lækna og tryggir sólarhringsvakt sérþjálfaðra lækna fyrir sjúkra- og björgunarflug með þyrlum Landhelgisgæslunnar. Að jafnaði starfa 9-10 flugmenn, 3-5 stýrimenn, 10-11 flugvirkjar og 2-3 aðstoðarmenn í flugdeild. Unnið er frá 8-16 alla virka daga. Alltaf eru 6 starfsmenn tilbúnir á þyrluvakt.

## **Sprengisérfræðingar:**

Til eru skýrslur hjá Landhelgisgæslunni um á þriðja þúsund dufl sem Íslendingar hafa fundið frá síðari heimsstyrjöld. Árlega berast tilkynningar um fimm til sex dufl sem sjófarendur finna.

Sprengisérfræðingar fræða sjómenn um hættuna af tundurduflum og hefur handbók sem þeir hafa samið um meðferð þeirra verið dreift í öll íslensk fiskiskip. Haldnir eru fyrirlestrar í Lögregluskólanum, Slysavarnaskóla sjómanna og víðar um meðhöndlun sprengiefna. Ef slys verða vegna meðferðar á sprengiefni er dómstólum veitt ráðgjöf við úrlausn viðkomandi mála. Sprengisérfræðingar Landhelgisgæslunnar starfa einnig í öryggisgæslu í flugstöðinni á Keflavíkflugvelli. Hjá Landhelgisgæslunni eru starfandi fjórir sprengisérfræðingar. Einn hefur starfað sem slíkur hjá breska hernum í um 20 ár, aðrir eru símvirki, rafvirki og vélstjóri.

## **Stjórnstöð:**

Starfsmenn stjórnstöðvar eru átta talsins. Yfirmaður gæsluframkvæmda er þar æðsti yfirmaður. Undir hans stjórn starfa aðalvarðstjóri og fimm varðstjórar sem ganga vaktir allan sólarhringinn árið um kring. Öll tæki Landhelgisgæslunnar, þ.m.t. þyrlur, eru undir stjórn forstjóra Landhelgisgæslunnar sem framselur daglega stjórnun í hendur yfirmanns gæsluframkvæmda. Vakthafandi varðstjóri hefur umboð forstjóra til að kalla út þyrlur í neyðartilvikum eins og aðstæður krefjast. Varðstjórnir afgreiða árlega yfir eitt þúsund atvik sem varða öryggi fólks. (Heimild: Hjalti Sæmundsson, aðalvarðstjóri hjá Landhelgisgæslunni.)

Í stjórnstöð er vinnuaðstaða fyrir a.m.k. 3-4 menn í einu. Að staðaldri vinna 2-3 menn í og við stöðina að deginum til og einn eða tveir á nóttunni, en vegna aukinna verkefna og mikilvægis þeirra er stefnt að því að ávallt verði 2 menn á vakt í einu.

Verkefni stöðvarinnar er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar fjarskiptamiðstöð fyrir varðskip og gæsluflugvélar og hins vegar björgunarstjórnstöð og hlekkur í hinu almenna öryggiskerfi. Helstu verkefni stjórnstöðvarinnar eru eftirfarandi (heimild: Hjalti Sæmundsson, aðalvarðstjóri hjá Landhelgisgæslunni):

- Fjarskiptamiðstöð sem tekur á móti og dreifir upplýsingum milli gæslueininga.
- Björgunarstjórnstöð sem tekur á móti beiðnum um aðstoð og setur í gang aðgerðir eftir eðli máls hverju sinni, samræmir aðgerðir og er alþjóðlegur sambandsaðili sjóbjörgunarstöðva.
- Tilkynningaskylda erlendra skipa sem tekur á móti og skráir tilkynningar og fylgist með staðsetningum erlendra fiskiskipa sem leyfi hafa til að veiða innan efnahagslögsögunnar. Tekur á móti og skráir tilkynningar og fylgist með staðsetningum erlendra rannsóknarskipa sem leyfi hafa til rannsókna innan efnahagslögsögunnar.
- Sambandsaðili vegna mengunarmála sem tekur á móti tilkynningum um mengunarmál fyrir hönd Hollustuverndar ríkisins utan skrifstofutíma og tekur á móti tilkynningum erlendis frá vegna geislamengunar fyrir hönd Geislavarna ríkisins utan skrifstofutíma.
- Sambandsaðili vegna björgunarsveitar varnarliðsins. Að ósk varnarliðsins fara allar beiðnir um leit og björgun eða æfingar á því sviði í gegnum stjórnstöð

Landhelgisgæslunnar. Veitir leyfi fyrir æfingum björgunarsveitar varnarliðsins á sjó og landi fyrir hönd Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins samkvæmt sérstökum samningi.

- Rekur fiskveiðieftirlitskerfi á vegum NEAFC og NAFO, sinnir tilkynningaskyldu vegna reglna sem gilda um veiðar íslenskra skipa innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu og erlendra skipa með leyfi til veiða eða að vera á ferð innan lögsögunnar.
- Tölvuskráir upplýsingar frá öllum erlendum fiskiskipum í og á leið um íslenska efnahagslögsögu og mun á næstunni taka við upplýsingum um alla skipaumferð til og frá landinu á vegum Shengen og miðla þeim.
- Svarar fyrirspurnum vegna veiðisvæða og veiðileyfa, um svæðatakmarkanir vegna veiða, umbúnað veiðarfæra og annað er varðar fiskveiðar.

## 9.2 Menntun

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar þurfa að hafa lokið viðeigandi prófi eftir því hvaða störfum þeir gegna, s.s. hafa skipstjórnarréttindi, atvinnuflugmannspróf eða flugvirkjun. Síðan tekur við þjálfun hjá Landhelgisgæslunni í formi æfinga, bóklegs náms og verklegrar þjálfunar. Einnig er starfsfólk sent í nám erlendis, s.s. til að ljúka viðeigandi prófi á flugvélum eða í sprengjueyðingum. Nokkuð er um að störf séu þess eðlis að starfsfólk þurfi að sækja reglulega endurmenntun og ljúka prófi til að viðhalda réttindum sínum.

Hér verður umfjöllun um menntun skipt eftir starfsfólki á varðskipum, á flugvélum, sprengisérfræðingar og stjórnstöð.

### Varðskipin:

Skipherrar þurfa að hafa lokið 4. stigi skipstjórnarréttinda og stýrimenn a.m.k. 3. stigi skipstjórnarréttinda. Til að starfa sem 2. eða 3. stýrimaður er þó nægilegt að hafa lokið 2. stigi skipstjórnarnáms.

### *Skipstjórnarnám til skipstjórnarréttinda á varðskipum*

Hér verður fjallað um 4. stig skipstjórnarnáms sem m.a. er ætlað skipherrum á varðskipum. Stýrimannaskólinn í Reykjavík, sem er skóli á framhaldsskólastigi, er eini skólinn á landinu sem býður þetta nám og er það gert í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands.

Frá árinu 1953 til 1988 hafa 85 manns lokið 4. stigi skipstjórnarréttinda (Einar S. Arnalds, 1993). Aðeins hafa 15 manns stundað námið frá árinu 1975. Síðast var það kennt árið 1993 en þá voru 7 nemendur, árið 1987 voru 5 nemendur og árið 1976 voru 3 nemendur. Til samanburðar þá hafa 386 stundað skipstjórnarnám til 3. stigs frá árinu 1975. (Hagstofa Íslands, nemendaskrá.)

Inntökuskilyrði: Til að stunda nám á 4. stigi skipstjórnarnáms þurfa umsækjendur, samkvæmt námsvísi Stýrimannaskólans í Reykjavík fyrir skólaárið 1997-1998, að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- hafa lokið skipstjórnarprófi 3. stigi með fyrstu einkunn,
- hafa fullnægjandi framhaldseinkunn skv. 6 gr. prófreglugerðar frá 15.03.91,
- hafa fyrstu einkunn í siglingafræði, stærðfræði og ensku,
- taka próf í einstökum greinum, áður en þeir hefja nám, ef námsefni hefur verið breytt eða ef nýjar námsgreinar hafa verið teknar upp á undanfarandi stigum síðan þeir voru þar við nám,
- leggja fram augnvottorð, vottorð um litskyggni og óskert sjónsvið,
- leggja fram almennt heilbrigðisvottorð.

Námið: Nám til 4. stigs skipstjórnarréttinda var síðast kennt árið 1993. Samkvæmt viðtali við áfangastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík var námið í því formi sem hér er lýst eingöngu kennt árið 1993 og er ekki reiknað með að námið verði kennt aftur á þennan hátt.

Á haustönn voru kenndar 12 vikur og á vorönn 8 vikur, samtals 20 vikur. Námið í heild í skólanum tók því um 820 kennslustundir.

Samkvæmt námsvísi Stýrimannaskólans 1997-1998 þá voru eftirtaldar námsgreinar kenndar: Eðlisfræði (100 stundir); Efnafræði (100 stundir); Enska (120 stundir); Íslenska, tjáning og ritgerðir (40 stundir); Norðurlandamál, þ.e. danska, lesnir textar á norsku og sænsku (60 stundir); Siglingasamlíkir (40 stundir); Leit og björgun (40 stundir); Siglingafræði, mælingar s.s. sjómælingar, hafnarmælingar (80 stundir); Siglingareglur, skýrslugerð o.fl. (40 stundir); Stærðfræði (120 stundir); Þjóðarréttur, reglur um landhelgi og fiskveiðar (80 stundir).

Í viðtali við Hafstein Hafsteinsson, forstjóra Landhelgisgæslunnar, kom fram að auka þyrfti tungumálanám, íslenskukunnáttu og kenna vel skýrslugerð í skipstjórnarnáminu. Landhelgisgæslan, Stýrimannaskólinn og menntamálaráðuneytið hafa kannað hvaða fyrirkomulag er best í svona menntun. Hugur þeirra stefnir til þess að námstímanum verði breytt og honum skipt upp í 2-3 tímabil, þar sem hvert tímabil taki 3 mánuði í stað 6-9 mánaða tímabils eins og er í núverandi fyrirkomulagi.

Nemendur sem ljúka námi eiga rétt á að hefja nám við iðnrekstrarfræði við Tækniskóla Íslands eða annað sambærilegt nám á háskólastigi.

Námsmat: Nemendur í skipstjórnarnámi 4. stigs eru prófaðir í öllum námsgreinum og þurfa að jafnaði að ná lágmarkseinkunninni 5,0 til að ljúka viðkomandi grein, en ein undantekning er þar á þar sem nemendur þurfa að ljúka námsgreininni, siglingareglur skýrslugerð o.fl. með lágmarkseinkunninni 6,0. Nemendur sem falla á prófi eiga rétt á að þreyta sama prófið þrisvar.

## ***Annað nám á varðskipum***

Hér verður fjallað um annað nám starfsmanna á varðskipum en 4. stig skipstjórnarréttinda.

*Skipherrar og stýrimenn* hafa sótt námskeið hjá Lögregluskóla ríkisins, svo sem um meðferð opinbera mála og skotnámskeið. Einnig taka þeir þátt í lögregluæfingum, s.s. að handjárna menn. Hásetar hafa einnig verið sendir á þessar æfingar. Stefnan er að stýrimenn ljúki grunnnámi í sjúkraflutningum og sæki endurmenntun á því sviði.

Til að teljast fullgildir *vélstjórar* á skipum Landhelgisgæslunnar þurfa starfsmenn að hafa lokið 4. stigi vélstjórnar. Þó er nægilegt að hafa lokið 2. stigi til að starfa sem undirvélstjórar.

Almennt er ekki krafist formlegrar menntunar (grunnskólapróf eða framhaldsskólapróf) af *hásetum, smyrjurum eða öðrum aðstoðarmönnum um borð í varðskipum*. Samkvæmt lögum nr. 28/1999 um breytingu á lögum nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum þá þurfa þeir að ljúka almennu grunnnámskeiði innan sex mánaða eftir að þeir hefja störf. Landhelgisgæslan sér um grunnþjálfunina. Þar er farið yfir ýmis atriði sem varða björgunarmál og fleira, svo sem eldvarnir. Sjá hér að neðan.

Starfandi brytar um borð í varðskipum hafa allir lokið viðurkenndum prófum sem matreiðslumenn.

Landhelgisgæslan stendur að *grunnþjálfun fyrir alla skipverja* á varðskipum og er miðað við að skipverjar hafi tekið öll þessi námskeið á fyrstu sex mánuðunum í starfi. Hafi þeir lokið námskeiði hjá Slysavarnaskóla sjómanna taka þeir eingöngu hluta af þessum námskeiðum. Eftirfarandi námskeið eru í boði skv. gögnum frá Landhelgisgæslunni 11. ágúst árið 2000 og taka þau um 50 klst. í heild:

Nýliðafræðsla (1 klst.), áhafnarmedlimi er kynnt skipið, neyðaráætlun, öryggisbúnaður, hættur um borð og skipsreglur; Björgunarbátar og flotbúningar (6 klst.); Maður fyrir borð (1 klst.); Eldvarnir bókleg (4 klst.); Eldvarnir verkleg (2 klst.) æfð viðbrögð við eldi samkvæmt neyðaráætlun; Handslökkvitæki (2-3 klst.); Reykköfun (6 klst.); Skyndihjálp, ofkæling og endurlífgun (8 klst.); Umgengni við sprengjur (2 klst.); Hafnaröryggi (1 klst) skipverja kynntar hættur í höfnum og öryggisbúnað sem þar er að finna; Þyrlubjörgun bókleg (2 klst.); Þyrlubjörgun verkleg (1-2 klst.) skipverji tekur á móti sigmanni og börum, er svo hífður úr sjó eða bát; Léttbátar (5 klst.); Björgunardælur, skipverja kennt að ræsa og umgangast allar lensidælur og rafstöðvar skipsins, setja upp vinnuljós og tengja slöngur/barka; Björgunarstóll (3 klst.); Línubyssur (2 klst.).

Í grunnnámskeiðum fer bókleg kennsla fram með glærum, myndböndum og fyrirlestrum og er oftast í umsjón stýrimanna skipsins. Námskeið er snerta eldvarnir og reykköfun hafa í auknum mæli verið haldin hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Þau námskeið og æfingar eru viðbót við þjálfun sem haldin er af starfsmönnum Landhelgisgæslunnar. Eingöngu er krafist tímasóknar og gefur Landhelgisgæslan út skírteini til handa starfsmönnum sínum.

Tvisvar á ári fer öll áhöfnin einnig á námskeið hjá slökkviliði svo sem í eldvörnum.

*Stýrimenn og hásetar* taka eftirtalin námskeið og æfingar eftir því sem tími leyfir skv. gögnum frá Landhelgisgæslunni 11. ágúst 2000:

- Léttbátar (4 klst.), nýliðar vinna í nokkurn tíma með vanari mönnum.
- Veiðarfæri og eftirlit í skip.
- Aðstoðarmenn kafara.
- Valdbeiting, námskeið haldið hjá Lögregluskólanum.
- Björgunardætur, haldið einu sinni í mánuði.
- Reykköfun, haldið einu sinni í mánuði.
- Skotæfing á fallbyssu.
- Sjúkraflutningar.
- Þjónustusiðir.
- Skotvopn, haldið tvisvar á ári hjá Lögregluskólanum.

13 kafarar vinna hjá Landhelgisgæslunni, einn starfsmaður er ráðinn sem kafari og með það starfsheiti, hinir 12 sinna jafnframt öðrum störfum á varðskipunum. (Munnleg heimild: Mikael Ólafsson hjá Landhelgisgæslunni.) Köfun er lögverndað starfsheiti samkvæmt lögum um köfun nr. 31/1996 og reglugerð nr. 88/1989 um kafarastörf.

Fjögur mismunandi atvinnuskírteini kafara eru veitt:

- A-skírteini, heimilar mettunarköfun á ótakmarkað dýpi. Námið tekur um 6 vikur.
- B-skírteini, heimilar köfun með allan búnað niður á 50 metra dýpi. Námið tekur um 12 vikur.
- C-skírteini, heimilar froskköfun („SCUBA“) niður á 30 metra dýpi án afþrýstibúnaðar. Námið tekur um 4 vikur.
- D-skírteini, fyrir nema í köfun.

Ekki eru til kennararéttindi vegna köfunar. Til að stunda atvinnuköfun þarf viðkomandi að vera a.m.k. 20 ára, standast strangar heilbrigðiskröfur, uppfylla menntunar- og hæfniskröfur og hafa gilt atvinnuköfunarskírteini.

Siglingastofnun Íslands gefur út köfunarskírteini og gilda þau til fimm ára í senn samkvæmt lögum nr. 31/1996 um köfun.

Samkvæmt viðtali við Mikael Ólafsson hjá Landhelgisgæslunni eru haldin námskeið hjá Landhelgisgæslunni sem veita réttindi til froskköfunar eða C-skírteini. Námskeiðið tekur 4 vikur. Bóklegur hluti er 30% og verklegur 70%. Haldið er próf í umsjón prófanefndar í atvinnuköfun. Nefndin er skipuð af samgönguráðuneyti en formaður er frá Siglingastofnun. Ekki eru ákvæði um endurmenntun til að halda við réttindum. Kafarar Landhelgisgæslunnar fá greitt fyrir tvær æfingakafanir í mánuði, sem þeim er skylt að framkvæma.

## **Flugdeild:**

*Flugmenn* þurfa að hafa atvinnuflugmannspróf í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til að stjórna viðkomandi flugvél eða þyrlupróf fyrir þyrlu. Til að hefja atvinnuflugmannsnám hér á landi þurfa umsækjendur að hafa lokið einkaflugmannsprófi, vera 18 ára, ganga undir strangt læknispróf og taka inntökupróf. Námið gildir í flestum Evrópulöndum þar sem það byggir á evrópska staðlinum JAR-FCL. Námið tekur 10 mánuði og ljúka þarf 200 flugtímum. (Munnleg heimild: Flugskóli Íslands.) Landhelgisgæslan þarf síðan að þjálfa flugmenn og veita þeim tilskilda menntun til að fljúga flugvélum Landhelgisgæslunnar.

Námið er mismunandi eftir því á hvaða flugvél eða þyrlu viðkomandi starfar á. (Munnleg heimild: Páll Halldórsson, yfirflugstjóri hjá Landhelgisgæslunni.)

Nám á minni þyrluna er kennt hjá Landhelgisgæslunni. Bóklegur hluti námsins tekur 2 vikur þar sem farið er í kerfi vélarinnar. Í upphafi fljúga menn í 20-30 tíma með öðrum flugmönnum og síðan tekur við um 10 tíma æfingaflug með flugstjóra. Námsmat er í formi prófs.

Nám á stærri þyrluna fer fram í Frakklandi eða Noregi. Grunnþjálfunin tekur um einn mánuð, það er bóklegur hluti námsins og æfingar í flughermi. Æfingaflugið fer síðan fram hjá Landhelgisgæslunni sem eru um 1,5 til 2 tímar. Námsmat er í formi prófs.

Grunnnám á flugvélinu tekur um einn mánuð og fer fram hjá Landhelgisgæslunni. Sérfræðingar erlendis frá eða sérfræðingar frá Flugfélaginu sjá um bóklegan hluta námsins. Flugþjálfun er sinnt af Landhelgisgæslunni, þar sem flugstjóri þjálfar nemanda í flughermi í Hollandi og síðan tekur við 1,5 - 2 tíma æfingaflug á Íslandi. Námsmat er próf.

Til að viðhalda réttindum á þyrlunum eða á flugvél þurfa starfsmenn að taka hæfnispróf á sex mánaða fresti sem fer fram í flughermi í Noregi. Þyrluáhafnir fara annað hvort ár til Skotlands á svokallaða HUET-æfingu (Helicopter underwater escape training) sem felst í að æfa að komast út úr þyrlu sem hefur lent í sjó. Í undirbúningi er að halda bóklegt upprifjunarnámskeið fyrir flugmenn á hálfis árs fresti til undirbúnings bóklegu hæfnisprófi sem koma þarf á til að uppfylla reglur JAR prófsins. (Munnleg heimild: Páll Halldórsson, yfirflugstjóri hjá Landhelgisgæslunni.)

*Sigmenn á þyrlum* eru stýrimenn sem lokið hafa 3. eða 4. stigi skipstjórnarréttinda, hafa lokið sjúkraflytninganámskeiði og hafa starfað á varðskipum í nokkurn tíma. (Heimild: Auðunn Kristinsson hjá Landhelgisgæslunni.) Landhelgisgæslan sér sjálf um námskeið þar sem reyndasti starfsmaðurinn sér um þjálfunina. Sigmannaþjálfunin tekur um 4-6 mánuði og fara nemendur í útköll með vanari mönnum á tímanum. Um 90% þjálfunarinnar er verkleg. Til að starfa sem sigmaður þarf viðkomandi að hafa góða líkamlega burði. Alls eru starfandi fimm þjálfaðir sigmenn þar sem þrír þeirra starfa í einu sem sigmenn og tveir eru á sjó.

Í bóklegum hluta námsins sem tekur 20-25 tíma er farið yfir eftirtalin atriði: Bókleg kynning land og sjóbjörgun; Hlutverk stýrimanns á þyrluvakt; Myndband um björgun með þyrlu; Kynning á stöðluðum aðferðum við æfingar; Kynning á öryggisbúnaði

þyrlla, hættur, aðkoma, varsla o.fl.; Kynning á skipum og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar; Kynning á lækningabúnaði; Kynning á fjarskiptum, útkalls og þyrlla; Kynning á búnaði þyrlla; Hengja upp börur; Kynning á leitaradferðum.

Í verklegum hluta er farið yfir eftirtalin atriði: Sléttlendi í B-lykkju; Sléttlendi í DHL; Sléttlendi standard "A"; Fjalllendi standard "A"; Þyrlupalli VS. í DHL með T-línu; Af stefni í DHL með skipsmann og T-línu; BB. miðsíðu standard "A"; Úr sjó með skipsmann; Úr björgunarbát með tvo skipsmenn með T-línu; Úr björgunarbát með skipsmann án T-línu; Úr björgunarbát með skipsmann og T-línu á cabin control; Næturæfing BB. miðsíða st "A"; Næturhífing úr björgunarbát með skipsmann; Næturhífing úr sjó með skipsmann; Grapling með cabin control; Flare drop MK-24 og MK-25; Leitarferlar; Flir leit.

Fjórir þjálfaðir *spilmenn* starfa hjá Landhelgisgæslunni. Þeir eru allir menntaðir sem flugvirkjar með tegundarréttindi á öll flugför Landhelgisgæslunnar. Þjálfun þeirra fer fram hjá Landhelgisgæslunni og tekur um 4-6 mánuði og fara þeir í útköll á meðan á þjálfuninni stendur. Bóklegur hluti er um 20-25 tímar. (Heimild: Jón Pálsson hjá Landhelgisgæslunni.)

Í bóklegum hluta námsins er farið yfir eftirtalin atriði: Bókleg kynning land og sjóbjörgun; Hlutverk flugvirkja á þyrluvakt; Myndband um björgun með þyrllu; Kynning á stöðluðum aðferðum við æfingar; Kynning á öryggisbúnaði þyrlla, hættur, aðkoma, varsla o.fl.; Kynning á skipum og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar; Kynning á lækningabúnaði; Kynning á fjarskiptum, útkalls og þyrlla; Kynning á búnaði þyrlla; Uppsetning þyrlla, extra tank, flir, krókur, stell, hengja upp börur; stutt kynning á leitaradferðum; Eldsneytistaka frá skipi, hotfueing.

Í verklegum hluta er farið yfir eftirtalin atriði: Sléttlendi með belg; Sléttlendi standard "A"; Fjalllendi standard "A"; Þyrlupalli VS. í með belg; Af stefni í DHL með skipsmann og T-línu; BB. miðsíðu með belg og tengilínu; BB. miðsíðu standard "A"; Úr sjó með sigmann og skipsmann; Úr björgunarbát með björgunarlykkju og tvo skipsmenn; Úr björgunarbát með skipsmann í björgunarlykkju og tengilínu; Úr björgunarbát með sigmann og skipsmann; Næturæfing BB. miðsíða st "A"; Næturhífing úr björgunarbát með sigmanni; Næturhífing úr sjó með sigmanni; Grapling; Grapling með cabin control; Flare drop MK-24 og MK-25; Flir leit.

Grunnnám *flugvirkja* fer fram erlendis og er það nám að jafnaði metið til fimm ára iðnnáms. Að loknu námi er tekið sveinspróf og getur flugvirki sem hefur setið tegundarnámskeið (sjá lýsingu hér að neðan) þá sótt um skírteini flugvéltækni hjá Flugmálastjórn, sem veitir útskriftarréttindi á viðkomandi tegund flugvélar.

Tegundanámskeið taka oftast 4-7 vikur og eru haldin af framleiðanda vélarinnar eða öðrum viðurkenndum aðila. Á minni þyrllu (TF-SIF) Landhelgisgæslunnar og Fokker (TF-SYN) flugvél hafa verið fengnir viðurkenndir kennarar til landsins sem haldið hafa námskeið sem hefur síðan lokið með prófi. Á stærri þyrluna (TF-LIF) hafa flugvirkjar verið sendir til framleiðandans í Frakkalandi, en einnig eru viðurkennd námskeið haldin í Noregi og Bretlandi. Námskeiðin skiptast yfirleitt öll í 60% bóklegt nám og 40% verklegt nám og lýkur með prófi. Til að standast próf er krafist 80% lágmarkseinkunnar.

Flugvirkjar fara að jafnaði á endurmenntunarnámskeið á 2ja ára fresti á viðeigandi tegundir flugvéla. Slík námskeið eru oftast 2-5 daga löng og eru oftast kennarar frá Noregi fengnir til að halda námskeiðin hér á landi, en einnig geta flugvirkjar verið sendir til Frakklands, Noregs eða Bretlands á slík námskeið. (Heimild: Jón Pálsson hjá Landhelgisgæslunni.)

### **Sprengisérfræðingar:**

Fjórir *sprengisérfræðingar* eru starfandi hjá Landhelgisgæslunni. Samkvæmt viðtali við Ingvar Kristjánsson í ágúst 2000 er menntun sprengisérfræðinga hjá Landhelgisgæslunni eftirfarandi, frá því að starfsmaður er ráðinn þar til hann hefur öðlast full réttindi:

- Starfandi sprengisérfræðingar hjá Landhelgisgæslunni velja viðkomandi starfsmann. Ekki er um formleg inntökuskilyrði að ræða, en talið er æskilegt að þeir hafi lokið einhverju tækninámi og þá helst á véla- eða rafmagnssviði og að þeir séu ekki yngri en 25 ára.
- Eftir sex mánaða *starfsþjálfun* er tekin ákvörðun um hvort viðkomandi starfsmaður fari í frekari þjálfun.
- Við tekur 6 mánaða *grunnám* hjá danska sjóhernum sem skiptist nokkurn veginn í 50% verklegt og 50% bóklegt nám. Námi er lokið með prófi, þar sem hafa þarf a.m.k. 80% rétt í bóklegum hluta og verklegur hluti er metinn af prófnefnd. Námið veitir réttindi til eyðingar á hefðbundnum sprengjum (hernaðarsprengjum).
- Eftir grunnnámið er viðkomandi starfsmaður í *starfsþjálfun* eða vinnu í a.m.k. eitt ár.
- *Framhaldsnám* tekur einn mánuð hjá breska landhernum. Miklar kröfur eru gerðar til námsárangurs. Um 2/3 hluti námsins er verklegur og geri nemandi mistök í verklegu prófi fellur hann á því. Krafist er 90% árangurs í bóklega náminu. Námið veitir réttindi til að eiga við hermdarverkasprengjur (heimatilbúnaðsprengjur).
- Til að *halda við réttindum til eyðingar á hefðbundnum sprengjum* þarf starfsmaður að fara í endurmenntun á fimm ára fresti. Námið tekur einn mánuð hjá danska sjóhernum og lýkur með prófi.
- Til að *viðhalda réttindum til að eiga við hermdarverkasprengjur* þurfa starfsmenn að fara í annað hvort tveggja vikna endurmenntun hjá danska sjóhernum eða í þriggja vikna endurmenntun á Bretlandi. Náminu lýkur með prófi.

Til að stunda þetta nám þurfa starfsmenn að vera vel að sér í ensku og helst dönsku. Danski sjóherinn hefur þó hliðrað til ef menn hafa ekki verið sleipir í dönsku.

Að meðaltali eru 40-50 útköll á ári. Þeir hafa þurft að halda sér við sjálfir fyrir utan þá endurmenntun sem fyrr er greint frá. Í viðtali við Ingvar kom fram að hann telur æskilegt að sprengisérfræðingar hefðu aðgang að æfingum hjá öðrum þjóðum, þar sem þeir færu í æfingaferðir og einnig gætu aðrir komið hingað til lands. Í viðtalinu kom einnig fram að Ingvar telur æskilegt að endurmenntun fyrir hefðbundnar sprengjur væri á 3ja ára fresti en fyrir hermdarverkasprengjur á 2ja ára fresti.

## **Stjórnstöð:**

Við ráðningu starfsmanna stjórnstöðvar er sérstök áhersla lögð á reynslu af störfum á sjó, staðkunnáttu, menntun, þekkingu og reynslu af fjarskipum, leitar- og björgunarstörfum, tæknikunnáttu, siglingakunnáttu og góða tungumálakunnáttu, sérstaklega í ensku.

Varðstjórar hafa allir hlotið sérmenntun á sviði leitar og björgunar á sjó. Haldin hafa verið nokkur námskeið á vegum bandarísku strandgæslunnar, yfirmanns björgunarmiðstöðvarinnar í Gautaborg, auk námskeiða á vegum Landhelgisgæslunnar. Námskeiðin hafa staðið frá nokkrum dögum og upp í þrjár vikur.

Fimm varðstjórar hafa m.a. loftskeytamenntun og einn skipstjórnarmenntun 3. stigs auk annars. Nýir starfsmenn gangast undir starfsþjálfun undir stjórn eldri varðstjóra og aðalvarðstjóra, og eftir atvikum sækja námskeið í leitar- og björgunarstörfum. Starfsaldur í stjórnstöð er mjög langur. Viðhaldsmenntun varðstjóra er talin æskileg. (Heimild: Hjalti Sæmundsson, aðalvarðstjóri hjá Landhelgisgæslunni.)

### **9.3 Lög og reglugerðir**

Landhelgisgæsla Íslands starfar eftir lögum nr. 25/1967. Í 4. gr. segir að forstjóri Landhelgisgæslunnar ræður yfirmenn svo og aðra starfsmenn í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi. Dómsmálaráðherra setur nánari fyrirmæli um ráðningu starfsfólks að fengnum tillögum forstjóra.

Í 6. gr. segir að réttindi starfsmanna til ákveðinna starfa fari eftir lögum og reglugerðum sem um þau efni fjalla, s.s. atvinnuréttindi skipherra, stýrimanna, vélstjóra og flugstjóra.

Áhafnir varðskipa og gæsluflugvéla fara með lögregluvald þegar þær annast eða aðstoða við löggæslu skv. lögreglulögum nr. 90/1996 með síðari breytingum.

Í reglum nr. 207/1990 um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu við strendur Íslands kemur fram að í yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu eiga sæti þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Landhelgisgæslu Íslands, einn af Póst- og símamálastofnun [nú Landssímanum hf.] og einn af Slysavarnafélagi Íslands [nú Slysavarnafélaginu Landsbjörg]. Fulltrúar gegna formennsku til skiptis til eins árs í senn eða samkvæmt nánari samkomulagi. Yfirstjórn á að hafa aðsetur hjá Landhelgisgæslunni og sé hún ekki sammála um hvernig staðið skuli að aðferðum sker fulltrúi Landhelgisgæslunnar úr ágreiningi.

Í 4. gr. segir að yfirstjórn skuli sjá um að samdar séu nánari reglur um skipulagningu leitar og björgunar á hafinu og við strendur landsins, þ.á.m. um meðferð neyðartilkyppinga, í samræmi við ákvæði alþjóðasamningsins um leit og björgun á hafinu og önnur tilmæli Alþjóða siglingamálastofnunarinnar.

Í reglunum kemur einnig fram að Slysavarnafélag Íslands [nú Slysavarnafélagið Landsbjörg] annast aðgerðastjórn meðfram strönd landsins og á svæðinu næst henni

en stjórnstöð Landhelgisgæslunnar annast aðgerðastjórn á hafinu þar fyrir utan. Náin tengsl eiga að vera milli þessara tveggja aðila og stjórnstöðvar Flugmálastjórnar fyrir leit og björgun loftfara, og við fjarskiptastöðina í Gufunesi og annarra strandarstöðva sem hafa á hendi stjórn fjarskipta.

Í reglugerð nr. 119/1995 um breytingu á reglum um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands, nr. 207/1990 segir að yfirstjórn eigi árlega að efna til fundar með fulltrúum þeirra aðila sem veita aðstoð við leit og björgun eða öðrum aðilum sem fara með öryggismál á sjó. Þar á m.a. að fjalla um helstu björgunaraðgerðir og hvaða lærdóm megi af þeim draga með það að markmiði að auka öryggi á sjó og hvort ástæða sé til að breyta núgildandi reglum. Einnig kemur fram að yfirstjórn eigi að fylgjast með þróun mála á sviði leitar og björgunar og gera, ef ástæða þykir til, tillögur um breytingar á reglum.

Um atvinnuskírteini á sviði flugmála gilda ákvæði reglugerðar um skírteini gefin út af Flugmálastjórn frá 1. maí 1996 um stofnskrá Alþjóða flugmálastofnunarinnar (ICAO). Um er að ræða fjóra flokka atvinnuflugmannsskírteina á þyrlur og fjóra flokka á flugvélar. Í reglugerðinni er skýrt kveðið á um útgáfu skírteinanna, forsendur og kröfur um útgáfu hvers skírteinis byggist á menntun, starfsþjálfun, útgáfu heilbrigðisvottorða og aldursmörk. Einnig er þar kveðið á um skilyrði, réttindi og takmarkanir sem tengjast hverju skírteini auk ákvæða um sviptingu eða ógildingu skírteinis. Ákveðinn litur skal gefa til kynna tegund skírteinis. Hvert skírteini gildir í fimm ár og fer fram endurmat á hæfni umsækjenda um framlengingu skírteinis.

Um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna gilda lög nr. 112/1998, sbr. lög nr. 92/1991 og lög nr. 62/1995 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og lög nr. 113/1984, sbr. lög nr. 92/1991 og lög nr. 60/1995 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavara á íslenskum skipum ásamt reglugerð nr. 118/1996 um atvinnuskírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna.

Á grundvelli þessara laga og reglugerðar gefa sýslumenn og Tollstjórinn í Reykjavík út atvinnuskírteini til fimm ára í senn til íslenskra ríkisborgara og ríkisborgara annarra landa innan Evrópska efnahagssvæðisins gegn framvísun læknisvottorðs og í samræmi við framlögð prófskírteini og vottorð um siglinga- eða starfstíma. Skírteinin og atvinnuréttindin sem þau veita skiptast í marga flokka eftir stærð rúmlesta og vélarstærð skipa. Skipstjórnar- og vélstjórnarnámi er skipt í 4 stig og er skilgreint í ofangreindum lögum og reglugerðum hvers konar atvinnuskírteini má gefa út til handhafa prófskírteina af hverju námsstigi fyrir sig, að fullnægðum öðrum skilyrðum, og hvaða réttindi þau veita.

Í reglugerð nr. 207/1998 um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna segir að atvinnuskírteini skipstjórnar á skipum stærri en 30 rúmlestir og atvinnuskírteini vélstjórnar skuli endurnýjuð til fimm ára í senn. Jafnframt eiga umsækjendur að sýna fram á siglingatíma að minnsta kosti í eitt ár á síðastliðnum fimm árum eða að hafa innt af hendi störf sem teljast sambærileg að mati ráðuneytisins eða hafa staðist viðurkennt próf eða lokið með fullnægjandi hætti viðurkenndu námskeiði eða hafa lokið viðurkenndum siglingatíma þar sem sinnt var starfi í lægri stöðu en upprunalegt skírteini segir til um, í að minnsta kosti þrjá mánuði.

Í reglugerð nr. 385/1999 og nr. 304/1993 er kveðið á um heilsufar skipstjórnar- og vélstjórnarmanna.

Í lögum um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987 með síðari breytingum kemur fram að samgönguráðherra í samráði við samtök sjómanna og útgerðamanna er heimilt með reglugerð að setja það skilyrði fyrir lögskráningu nýliða um borð í skipum að þeir hafi lokið námi fyrir nýliða með fullnægjandi hætti. Einnig kemur fram að samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að setja það skilyrði fyrir lögskráningu að skipverjar sæki öryggisfræðslunámskeið eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Í lögum nr. 28/1999 um breytingu á lögum nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum segir m.a. í 1. gr. að heimilt sé til 1. apríl 2001 að lögskrá þann sem ekki hefur hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna, enda liggja fyrir hjá lögskráningarstjóra staðfesting Slysavarnaskóla sjómanna á að viðkomandi hafi látið skrá sig á námskeið og hvenær það fari fram.

Í starfsreglum nr. 323/1988 um öryggisfræðslu sjómanna kemur fram í 4. gr. að Slysavarnafélag Íslands [nú Slysavarnafélagið Landsbjörg] annast framkvæmd öryggisnámskeiða sjómanna með starfrækslu Slysavarnaskóla sjómanna. Félagið skal gera áætlanir um námskeiðahald, námsskrá, lengd námskeiða og kostnað til eins árs í senn fyrir 1. október ár hvert.

Í lögum nr. 31/1996 um köfun er atvinnuköfun skilgreind og skilyrði þess að geta stundað hana. Þar kemur fram að Siglingastofnun Íslands gefur út atvinnuköfunarskírteini til fimm ára í senn og hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laganna. Kveðið er m.a. á um atvinnuskírteini kafara og námstilhögun í reglugerð nr. 88/1989 um kafarastörf. Þar segir m.a. að Siglingamálastofnun ríkisins [nú Siglingastofnun Íslands] semji námsskrá fyrir þá sem hyggja á nám í atvinnuköfun. Þar segir að í námsskrá skuli leggja áherslu á sögu köfunar, köfunareðlisfræði, líffærafræði, notkun köfunarbúnaðar, sjómennsku, fjarskipti, neðansjávarvinnu, neðansjávarhættur, loftpressur, afþrýstings- og meðferðartöflur, stjórn afþrýstiklefa, sjúkdóma og skyndihjálpar og lög og reglugerðir um kafarastörf eða sem snerta þau störf.

Siglingastofnun þarf að samþykkja hverjir kenna köfun. Leggja þarf fram kennsluáætlun, skrá yfir kennslubúnað og tilnefna tvo kafara með sömu hærri réttindi, en kennt er til, og kenna munu á umræddu námskeiði eða í skóla. Annar þeirra þarf að hafa a.m.k. 200 klst. botntíma, tveggja ára starfsreynslu sem atvinnukafari og vera a.m.k. 25 ára.

Samkvæmt reglugerðinni eru öll próf í atvinnuköfun í umsjón þriggja manna prófnefndar. Siglingastofnun tilnefnir formann, stjórn Kafarafélags Íslands einn meðstjórnanda og einn er skipaður án tilnefningar af samgönguráðuneyti. Til að standast próf þarf nemandi að ná 70% árangri í meðaleinkunn og ekki minna en 60% árangri í einstökum greinum. Í munnlegum prófum er gefin einkunnin staðið eða fallið. Standist nemandi ekki próf er honum heimilt að endurtaka það að sex viknum liðnum eða síðar.

Læknisskoðun kafara er gerð af lækni viðurkenndum af Siglingastofnun og samkvæmt fyrirmælum stofnunarinnar. Þar segir m.a. að ekki megi líða lengri tími en

þrjú mánuðir frá því að læknisskoðun fór fram þar til byrjandi í atvinnuköfun hefur nám.

Í 4. kafla reglugerðarinnar nr. 88/1989 segir um öryggi kafara að köfunarformaður og öryggiskafari skuli ávallt vera til staðar við köfun. Þó er heimilt, þar sem dýpi er minna en 10 metrar og aðstæður leyfa, að sami maður sé öryggiskafari og köfunarformaður.

## 10 Lögreglumenn

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður lögreglunnar. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans skv. lögreglulögum nr. 90/1996 en í umboði utanríkisráðherra varðandi málefni lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli.

Lögregluskóli ríkisins er starfsmenntaskóli á framhaldsskólastigi. Samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga varð hann sjálfstæð stofnun árið 1988 sem heyrir undir dómsmálaráðherra og starfar skv. lögreglulögum nr. 90/1996 ásamt síðari breytingum og reglugerð um Lögregluskóla ríkisins nr. 490/1997. Fram til ársins 1988 var Lögregluskólinn hluti af embætti lögreglustjórans í Reykjavík en fyrstu nemendur voru útskrifaðir frá skólanum árið 1967. (Munnleg heimild: Gunnlaugur V. Snævarr, yfirlöggluþjónn og deildarstjóri grunndeildar Lögregluskóla ríkisins.)

Í 8. kafla lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um starfsemi Lögregluskóla ríkisins. Þar kemur m.a. fram að skólanum ber að starfrækja grunnnámsdeild er veiti lögreglumenum menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild er veiti starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun. Auk þess að vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er varða lögregluna.

Dagleg stjórn og rekstur skólans er í höndum skólastjóra. Honum til aðstoðar eru tveir yfirlöggluþjónar sem jafnframt eru deildarstjórar grunn- og framhaldsdeildar og mynda þeir yfirstjórn skólans. Skólanefnd er ráðgefandi um starfsemi skólans og vettvangur skoðanaskipta um námsefnisþörf skv. reglugerð nr. 490/1997. Hún er skipuð Ríkislögglustjóra eða fulltrúum hans, fulltrúa Sýslumannafélags Íslands, fulltrúa Landssambands lögreglumanna, fulltrúa Félags íslenskra rannsóknarlögglumanna og fulltrúa Lögglufélags Reykjavíkur. Skólastjóri situr fundi skólanefndar og er honum heimilt að tilnefna yfirmann við skólann sem ritara nefndarinnar.

Valnefnd velur nema í Löggluskólann úr hópi umsækjenda. Í nefndinni sitja fimm menn, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn af Ríkislögglustjóra, einn af Sýslumannafélagi Íslands, einn af Landssambandi lögglumanna og einn af skólastjóra Löggluskóla ríkisins er skal vera formaður nefndarinnar.

### 10.1 Störf

Landið skiptist í löggluumdæmi sem fara saman við skiptingu þess í stjórn-sýsluumdæmi. Sýslumenn eru lögglustjórar, hver í sínu umdæmi, nema í Reykjavík þar sem lögglustjórn er í höndum sérstaks lögglustjóra. Utan Reykjavíkur fara 26 sýslumenn með lögglustjórn.

Valdskipting er skýr innan lögglunnar og lögglumenn bera stöðueinkenni á einkennisbúningi sínum skv. reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögglunnar, nr. 528/1997.

Valdaskipting er eftirfarandi:

- 1) Ríkislögreglustjóri
- 2) Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins
- 3) Varalögreglustjóri í Reykjavík
- 4) Staðgengill lögreglustjóra
- 5) Yfirlögregluþjónar
- 6) Aðstoðaryfirlögregluþjónar
- 7) Aðalvarðstjórar, lögreglufulltrúar
- 8) Varðstjórar og rannsóknarlögreglumenn 1
- 9) Aðstoðarvarðstjórar og rannsóknarlögreglumenn 2
- 10) Flokksstjórar og lögreglumenn í sérhæfðu starfi
- 11) Almennir lögreglumenn
- 12) Lögreglunemar, afleysingamenn lögreglu og héraðslögreglumenn

Samkvæmt gögnum frá Ríkislögreglustjóranum voru 637 heimilaðar stöður lögreglumanna árið 1999 (sjá töflu 6). Í byrjun september 2000 voru starfandi lögreglumenn í 633 stöðugildum, þar af voru 44 afleysingarmenn. Að auki voru um 100 héraðslögreglumenn og 31 lögreglunemi starfandi. Héraðslögreglumenn eru lausráðnir, hafa ekki lokið Lögregluskóla en eru lögreglumönnum til aðstoðar á álagstímum.

Um 62% heimilaðra stöðugilda árið 1999 voru á höfuðborgarsvæðinu, en þá eru einnig taldir með starfsmenn Lögregluskólans og Ríkislögreglustjórans. Um 11% stöðugilda voru heimiluð á Suðurnesjum en á öðrum stöðum á landinu voru stöðurnar færri. Nauðsynleg nýliðun í lögreglunni er um 40 manns á ári.

**Tafla 6. Heimilaðar stöður lögreglumanna árið 1999 eftir landshlutum.**

	Hlutfall	Stöðugildi
<i>Alls</i>	<i>100</i>	<i>637</i>
Höfuðborgarsvæði	62	396
Suðurnes	11	72
Vesturland	4	28
Vestfirðir	3	21
Norðurland vestra	3	18
Norðurlandi eystra	7	42
Austurland	3	17
Suðurland	7	43

Heimild: Ríkislögreglustjórinn í ágúst 2000. Í þessum tölum eru ekki lögreglustjórar.

Störfum lögreglumanna má skipta í tvo meginflokka. Það eru almennir lögreglumenn og rannsóknarlögreglumenn. Almennir lögreglumenn starfa í almennri deild sem skiptist í fjögur svið í Reykjavík: Aðalstöð lögreglu; Forvarna- og fræðsludeild; Umferðardeild; Fullnustudeild. Rannsóknarlögreglumenn starfa í rannsóknardeild sem skiptist í fimm svið: Auðgunarbrot; Fíkniefnabrot; Ofbeldisbrot; Sérrefsilagabrot; Stoðdeildir lögreglu.

Störf lögreglumanna eru mismunandi eftir lögregluumdæmum. Á höfuðborgar-svæðinu eru störfín sérhæfðari en á landsbyggðinni gegnir sami starfsmaðurinn bæði starfi almenns lögreglumanns og rannsóknarlögreglumanns. Hér er leitast við að lýsa störfum lögreglumanna á almennan hátt en sá fyrirvari settur á að fleiri þættir geta verið hluti af starfi þeirra.

Í gögnum sem SBÖL hefur undir höndum er starfi lögreglumanna lýst á eftirfarandi hátt. (Heimild: efling/starfsmenntaráð):

*Rannsóknarlögreglumaður* rannsakar sakamál, kynnir sér gögn þess, yfirheyrir fólk sem hugsanlega tengist því, tekur ljósmyndir og sýni eða reynir á annan hátt að upplýsa það og koma höndum yfir lögbrjóta.

*Almennur lögreglumaður* starfar við löggæslu og önnur hjálpar- og þjónustustörf á vegum hins opinbera. Hann reynir að fyrirbyggja lögbrot, m.a. með forvarnarstarfi, en bregst við þeim með viðeigandi hætti ef þau eru framin. Ítarleg lýsing á starfinu er eftirfarandi:

- Stendur vaktir á lögreglustöð, svarar í síma, fer í útköll og reynir að greiða úr þeim vandræðum sem upp koma.
- Fer um athafnasvæði sitt, lítur eftir því að farið sé að lögum og reglum og grípur til sinna ráða ef svo er ekki, t.d. ef ekið er á ólöglegum hraða eða vegna óspekta á almannafæri.
- Tekur á móti kærnum og rannsakar hvers kyns mál, upplýsir þau eða fær sérfræðinga eða sérhæfðar lögregludeildir til þess að sjá um framhaldsrannsókn. Gerir skýrslu um málið og mætir stundum fyrir dómstóla og útskýrir atburði nánar.
- Les upp eða birtir með vottorði ákærun, kvaðningar og dóma.
- Fer á vettvang, t.d. þar sem hefur orðið umferðarslys eða dauðsfall, framið hefur verið innbrot eða komið upp heimilisófriður, kallar á sjúkra- og slökkvilið, handtekur eða færir grunaða afbrotamenn fyrir dómara og yfirbugar vopnaða afbrotamenn; hefur samband við aðstandendur ef þess er þörf og skrifar skýrslur um atburði.
- Stjórnar umferð á gatnamótum og vegum þegar þörf krefur.
- Vinnur gögn upp úr lögregluskýrslum til að nota í forvarnarstarfi; sendir þau til fjölmiðla, heldur fyrirlestra og gefur ráð, t.d. um þjófavarnir í fyrirtækjum, og vinnur að umferðarfræðslu í skólum í samráði við kennara og leikskólakennara.
- Tekur þátt í eða stjórnar leitar- og björgunarstörfum, lýsir eftir týndu fólki og hlutum, s.s. stolnum bílum, geymir óskilamuni, opnar læsta bíla og hjálpar fólki í vandræðum.
- Stendur heiðursvörð við sérstök tækifæri, gætir öryggis þjóðhöfðingja og fylgist með ferðum útlendinga til og frá landinu.
- Getur einnig unnið við tollgæslu, sjúkraflutninga, brunavakt, stöðumælavörslu o.fl. samkvæmt sérsamningi við ríki eða sveitarfélag.
- Notar tölvu og önnur skrifstofuáhöld, bifreið, mótörhjól, bát, handjárn, kylfu, handtalstöð, tárugas, fíkniefni- og sporhunda o.fl. við vinnu sína.

## 10.2 Menntun

Lögregluskóli ríkisins sér alfarið um grunnmenntun lögreglumanna hér á landi og hafði um 86 milljónir til ráðstöfunar árið 1999. (Munnleg heimild: Gunnlaugur V. Snævarr, yfirlögregluþjónn og deildarstjóri grunnnámsdeildar hjá Lögregluskóla ríkisins.)

Að jafnaði hafa 32 nemendur stundað nám við Lögregluskólann á ári. Með nýju skipulagi sem fer í framkvæmd í janúar 2001 verða um 40 nemendur innritaðir í skólann árlega. Nemendur koma nokkuð jafnt af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Nemendur af landsbyggðinni þurfa að kosta uppihald sitt á sama hátt og námsmenn í öðrum skólum og hafa aðgang að hefðbundnum dreifbýlisstyrkjum. Námið er ekki námslánahæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Alls hafa 888 nemendur útskrifast frá skólanum. (Munnleg heimild: Gunnlaugur V. Snævarr, yfirlögregluþjónn og deildarstjóri grunnnámsdeildar Lögregluskóla ríkisins.)

### Inntökuskilyrði:

Til að stunda nám við Lögregluskólann þurfa umsækjendur að uppfylla eftirtalin skilyrði (sjá kynningarbækling Lögregluskóla ríkisins fyrir vorið 2000 og einnig lögreglugög nr. 90/1996 með breytingum nr. 49/2000):

- vera íslenskur ríkisborgari,
- vera á aldrinum 20-35 ára en þó má víkja frá aldurshámarkinu við sérstakar aðstæður,
- hafa ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum,
- vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis,
- hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsskólanámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms,
- hafa gott vald á íslensku og einu Norðurlandamáli, auk ensku eða þýsku,
- hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs,
- vera syndir,
- standast inntökupróf með áherslu á íslensku og þrek.

Standist umsækjandi inntökuskilyrði gengst hann undir inntökupróf (skv. kynningarbæklingi Lögregluskólans frá vorinu 2000) sem er eftirfarandi:

- *Þrekpróf* sem felst í að hlaupa 3000 metra vegalengd. Til þess að standast prófið þurfa karlar að hlaupa vegalengdina á 15.30 mínútum en konur á innan við 17.30 mínútum. Náist tilskilinn árangur fara umsækjendur í sundpróf þar sem lágmarkskrafta er að karlar syndi 600 metra bringusund á innan við 15.30 mínútum og konur á innan við 16.30 mínútum.
- *Íslenska* er metin með því að umsækjendur rita stíl sem lesinn er fyrir þá, um 370 orð. Til þess að ná prófinu þarf a.m.k. að fá 5,0 í einkunn eða innan við 29 villur.
- *Könnun á almennri þekkingu og tungumálum* er metin samhliða íslenskuprófinu með því að leggja fyrir 50-100 krossasurningar um ýmis málefni og leitað er svara við því hvort umsækjendur uppfylli inntökuskilyrði um tilskilda tungumálakunnáttu.

## Námið:

Ný námsskrá Lögregluskólans kemur í framkvæmd í janúar 2001. Þá mun námið verða eins árs nám sem skiptist í þrjár annir:

- Fyrsta önn sem hefst í janúar 2001 og stendur í fjóra mánuði.
- Önnur önn er fjögurra mánaða starfsþjálfun hjá lögreglu ríkisins við almenn lög-reglustörf.
- Þriðja önn sem hefst í september og stendur í fjóra mánuði.

Nám á fyrstu önn er ekki launað. Nemendur eru hins vegar á launum í starfsþjálfuninni og á seinni hluta námsins, en þá teljast þeir sem starfsmenn Lögregluskólans. Grunnnámsdeildin er metin til 19 eininga á framhaldsskólastigi.

Fyrstu og þriðju önn lýkur með prófum. Til að standast próf þurfa nemendur lágmarkseinkunnina 5 og meðaltal einkunna má ekki vera lægra en 6. Einkunnir eru gefnar á bilinu 0-10 en í verklegum fögum er heimilt að meta frammistöðu nemenda í orðum, s.s. „stóðst“ hafi nemandi náð fullnægjandi árangri. Nemendur hafa rétt á að taka eina námsgrein upp en þeir falla á önninni ef þeir falla í tveimur námsgreinum eða eru með lægri meðaleinkunn en 6.

### Fyrsta önn

Fram kemur í námsvísi Lögregluskólans fyrir grunnnámsdeild vorið 2000 að grunnnámið skuli miða að því að veita haldgóða fræðslu í almennu lögreglustarfi. Námsgreinar í grunnnámi skiptast í fjóra meginþætti:

- *Lögfræði*, þar sem lögð er áhersla á að fræða nema um íslenskt réttarkerfi og veita þeim undirstöðuþekkingu í refsirétti og opinberu réttarferli auk þess sem farið er yfir ákvæði stjórnarskrárinnar og helstu sérlög og reglur eða stjórnun af hálfu lögreglu. Alls er lögfræði 80 kennslustundir sem skiptast þannig að 26 stundir fara í lög og reglur, 24 stundir í refsirétt og 30 stundir í réttarfar.
- *Lögreflufræði*, sem felst í að fræða nema um sögu, skipulag og uppbyggingu lögreglu hér á landi og um meginatriði sem lúta að framkvæmd lögreglustarfa. Auk fræðslu um umferðarlög og reglur, samfélags- og félagsfræðileg málefni, þjálfun í að rita lögregluskýrslur, eru kennd höfuðatriði lögreglurannsóknar og notkun lögreglutækja. Alls er lögreflufræði 203 kennslustundir sem skiptast þannig að almenn lögreflufræði er 80 stundir, rannsóknir 22 stundir, skýrslugerð 30 stundir, umferðarfræði 47 stundir og vettvangsteikning 24 stundir.
- *Mál og sérgreinar*, þar sem leitast er við að bæta kunnáttu nema í íslenskrum stafsetningu og málfræði og einnig er þjálfað í réttri fingrasetningu á leturborði, svo nemandi geti skrifað skýrslur villulaust á tölvu eða ritvél. Þá fá þeir undirstöðuþjálfun í Windows og lögreglukerfunum. Lögð er áhersla á að nemandi kunnir skil á eðlilegum og óeðlilegum viðbrögðum við ýmsar aðstæður, hvötum og árásarhegðun, fíkn og persónuleikatrúflunum og sérstaklega er fjallað um streitu og kvíða. Alls eru mál og sérgreinar 71 kennslustundir sem skiptast þannig að íslenska er 36 stundir, vélritun 21 stund og tölvufræði 14 stundir.
- *Þjálfun*, þar sem lögð er áhersla á líkamsþjálfun er miði að því að byggja upp þrek og liðleika nema, þ.á.m. sundþol, þjálfað í lögreglusiðum, kynnt undirstöðuatriði er lúta að sjálfsvarnar- og handtökuaðferðum og lokið er grunnnámskeiði í skyndihjálpi. Alls er þjálfun 141 kennslustundir sem skiptist þannig að

Líkamsþjálfun er 76 kennslustundir (þar af er sund 14 stundir), lögregluæfingar eru 16 stundir, sjálfsvörn 26 stundir og skyndihjálp 23 stundir.

#### Þriðja önn

Í námsskrá Lögregluskólans fyrir síðari önn vorið 2000 er námsefni fyrir hverja námsgrein kynnt ítarlega þar sem markmiði er lýst, hvaða námsefni verður farið yfir, viðfangsefni námsgreinarinnar, kennslufyrirkomulagi og mati á námsárangri. Námið skiptist í fimm meginnámsgreinar sem eru eftirfarandi:

- *Lögfræðigreinar* eru 120 kennslustundir. Þær skiptast í lög og reglur sem eru 24 stundir, lögreglulög 20 stundir, réttarfar 30 stundir, refsirétt 26 stundir og ríkisrétt 20 stundir.
- *Lögreglufræðigreinar* eru 162 kennslustundir. Þær skiptast í almenna lögreglufræði sem er 52 stundir, rannsóknir 33 stundir, skýrslugerð 30 stundir og umferðarfræði 47 stundir.
- *Mál og sérgreinar* eru 52 kennslustundir. Þær skiptast þannig að íslenska er 20 stundir, sálarfræði 27 stundir og skyndihjálp 5 stundir.
- *Þjálfun* er 130 kennslustundir. Þjálfun skiptist í lögregluæfingar sem eru 39 stundir, líkamsþjálfun 62 stundir og sérhæfð lögreglufræði 29 kennslustundir.
- *Verkefnadagar* eru 110 kennslustundir og skiptast í verkefnadaga sem eru 95 stundir og akstursþjálfun 15 stundir.

Fram til þessa hefur námið tekið tæp tvö ár. Það var skipulagt þannig að grunnnámið hófst í september og lauk um jól sama ár. Síðan tók við starfsþjálfun hjá lögreglu ríkisins og í janúar hófst framhaldsnámið og því lauk í maí. Með þessum breytingum sem gerðar hafa verið þá mun nám í skóla vera með svipuðum hætti en starfsþjálfun á milli anna styttist úr átta mánuðum í fjóra.

#### **Starfslið:**

Skólastjóri annast daglega stjórn og rekstur skólans og ber ábyrgð á faglegu starfi innan hans. Honum til aðstoðar eru tveir yfirlögregluþjónar sem jafnframt eru deildarstjórar grunn- og framhaldsdeildar.

Auk löglærðs skólastjóra starfa fimm lögreglumenn í föstu starfi við skólann. Samkvæmt ákvörðun skólastjóra er yfirlögregluþjónn deildarstjóri grunnnámsdeildar og annar yfirlögregluþjónn deildarstjóri framhaldsdeildar. Aðrir lögreglumenn sem starfa við skólann hafa starfsheitið lögreglufulltrúi. Umsjónarmaður er skipaður yfir hverjum bekk. Starfsmenn skólans fara allir með lögregluvald og einnig lögreglunemar þegar þeir gegna lögreglustarfi. (Námsvísir grunnnámsdeild, vorönn 2000).

#### **Framhaldsmenntun:**

Að loknu námi býður Lögregluskólinn upp á framhaldsnám til sérhæfingar fyrir starfandi lögreglumenn. Þó grunnþjálfun lögreglumanna fari fram í skólanum er ekki óalgengt að kennarar við skólann fari út á landsbyggðina til að kenna einstök atriði, t.d. hafa sumarafleysingarnámskeið verið haldin á Akureyri.

Námi í framhaldsdeild er skipt í þrjá meginflokka eftir viðfangsefnum:

- Símenntun.
- Sérhæfð námskeið.
- Stjórnunarmenntun.

Árið 1999 voru haldin 15 námskeið í framhaldsdeild og sóttu þau um 230 þátttakendur. Má þar nefna bifhjólánámskeið, námskeið í meðferð rauðljósa-myndavéla, námskeið fyrir rannsóknarlögreglumenn, fræðslufundi um samningatækni lögreglu og símenntunarnámskeið fyrir lögreglumenn sem höfðu verið starfandi í fimm ár.

Námsmat er mismunandi í framhaldsdeild, þar sem í sumum tilfellum er prófað í lok námskeiðs en í öðrum er tímasókn nægileg.

Haldin hafa verið *símenntunarnámskeið* frá árinu 1995. (Munnleg heimild: Eiríkur Hreinn Helgason, yfirlögregluþjónn og deildarstjóri framhaldsdeildar Lögregluskóla ríkisins.) Þar er meginmarkmiðið að viðhalda þekkingu starfandi lögreglumanna, t.d. um lög og reglugerðir sem eru í gildi. Símenntunarnámskeiðum er skipt í þrennt eftir því hvað lögreglumenn hafa verið í lengi starfi. Fyrsta námskeiðið er ætlað lögreglumönnum sem hafa verið í fimm ár í starfi, annað námskeiðið ætlað lögreglumönnum sem hafa verið í tíu ár í starfi og þriðja námskeiðið ætlað lögreglumönnum sem hafa starfað í 15 ár.

SÍM 1 - símenntunarnámskeið lögreglumanna eftir fimm ár í starfi. Námskeiðið tekur 36 kennslustundir og er farið í eftirtalið námsefni: Réttarfar - mannréttindi o.fl.; Umferðarfræði; Fíkniefni; Nýmæli í lögum og reglum; Skýrslugerð; Lögreglutök; Verklegar æfingar og umræður. Námsmat er í formi krossaprófs. (Námsskrá framhaldsdeildar yfir SÍM 1 á haustönn 1999.) Um 80% starfandi lögreglumanna hafa tekið þessi námskeið.

SÍM 2 - símenntunarnámskeið lögreglumanna eftir tíu ár í starfi. Námskeiðið tekur 38 kennslustundir og er farið í eftirtalið námsefni: Réttarfar - mannréttindi o.fl.; Umferðarfræði; Fíkniefni; Reglur um stöðvun ökutækja o.fl.; Skýrslugerð; Skyndihjálp. Námsmat er í formi krossaprófs. (Námsskrá framhaldsdeildar yfir símenntunarnámskeiðið SÍM 2 á vorönn 2000.) Um 60 lögreglumenn hafa sótt þessi námskeið. Á skólaárinu 2000-2001 er áætlað að halda sjö námskeið, en um 20 manns eru að jafnaði á hverju námskeiði.

Símenntunarnámskeið fyrir lögreglumenn sem hafa verið í starfi í 15 ár hafa ekki verið í boði fram til þessa.

*Sérhæfð námskeið* eru ætluð fyrir ákveðin starfssvið innan lögreglunnar, s.s. bifhjólánámskeið, öndunarsýnanámskeið, námskeið fyrir starfandi rannsóknarlögreglumenn og fræðsla um Schengen.

Bifhjólánámskeið gefur réttindi til að starfa sem bifhjólalögreglumaður. Námskeiðið tekur 45-50 kennslustundir og farið er yfir eftirtalin atriði: Umferðarsálfræði (4 stundir); Umferðareðlisfræði (2 stundir); Áhersluatriði um umgengni við bifhjól (2 stundir); Öryggisbúnaður (1 stund); Umferðarlög og reglugerðir með þeim (4 stundir); Akstur og umferð (2 stundir); Skýrslugerð (1 stund); Nemendur aka bifhjólum undir handleiðslu ökukennara með áherslu á góðakstur, venjubundið eftirlit og forgangsakstur bifhjóla (30 stundir). Námsmat er í formi bóklegs og verklegs bifhjólaprófs hjá ökunámsdeild Umferðarráðs, auk færniþrófs á þrautabraut og verkefni úr námsefni Lögregluskólans í umferðarfræði. (Námsskrá framhaldsdeildar um bifhjólánámskeið á vorönn 2000.)

Öndunarsýnanámskeiði þarf að ljúka til að lögreglumaður geti sinnt því í starfi. Námskeiðið tekur 17 kennslustundir og farið er yfir eftirtalið námsefni: Ákvæði umferðarlaga; Ákvæði fyrir mæla ríkislögreglustjórans; Inntaka áfengis; Alkóhóláhrif; Virkni Intoxilyzers 5000 N; Framkvæmd æfingasýna; Verklegar æfingar; Sýnatökuhandbókin; Thalco forritið; Yfirlit og umræður; Óframkvæmd sýni; Æfingasýni; Villutilkynningar. Námsmat er í formi prófs. (Námsskrá framhaldsdeildar um námskeið fyrir sýnatökumenn á haustönn 2000.)

Einnig er boðið framhaldsnámskeið fyrir sýnatökumenn sem tekur 6 kennslustundir og farið er í eftirtalið námsefni: Reglur RLS um töku öndunarsýna; Glæruefni með upprifjunaratriðum úr námsefni á grunnnámskeiði fyrir sýnatökumenn; Ný skráningareyðublöð; Dómar Héraðsdóma Reykjavíkur, Reykjaness og Norðurlands vestra í málum vegna sýnatöku. (Námsskrá framhaldsdeildar um framhaldsnámskeið fyrir sýnatökumenn á vorönn 2000.)

RLM 1 - grunnnámskeið fyrir starfandi rannsóknarlögreglumenn. Sjö námskeið hafa verið haldin sem 140 manns hafa sótt á undanförunum árum. (Munnleg heimild: Eiríkur Hreinn Helgason.) Námskeiðið tekur um 50 kennslustundir og farið er í eftirtalið námsefni: Nýmæli í réttarfarslögum; Skipulag lögreglu; Stjórn lögreglurannsókna og samvinna; Þvingunarráðstafanir; Handtökur - yfirheyrslur; Ákærvald - skipulag; Lögreglustjórasáttir; Samskipti við löglærða samstarfsmenn; Skilyrði refsíabýrgðar; Kærumóttaka; Unglingaafbrot; Réttarstaða brotþola - bótakröfur; Framkvæmd leitar; Undirbúningur og forsendur kröfugerðar í dómi; Samskipti við málsvara sakborninga; Skjalamerkingar/frágangur mála; Yfirheyrslur; Kynferðisbrot; Mannslát, ofbeldisbrot, líkamsárásir; Önnur auðgunarbrot og skjalafals; Þjófnaður, innbrot; Fíkniefnabrot; Áhersluatriði varðandi fingraför og ljósmyndun; Rannsóknir slysa og óhappa; Umhverfisbrot; Sérrefsilagabrot. (Námsskrá framhaldsdeildar um RLM 1 á haustönn 1999.)

Fræðsla um Schengen hófst hjá framhaldsdeild árið 2000. Kennð eru þrjú námskeið: þekkingarstig 1, þekkingarstig 2a og þekkingarstig 2b.

Þekkingarstig 1 tekur 6 kennslustundir og farið er í eftirtalið námsefni: Markmiðin með Schengen samkomulaginu og aðdragandi þess; Lönd sem eiga aðild að samkomulaginu; Schengen samningurinn og reglur og samspil við gildandi löggjöf á Íslandi; Ytri og innri landamæri; SIS, NSIS; Starfsemi Sireneskrifstofunnar og verkefni hennar; Landamæragæsla; Eftirlit með einstaklingum og könnun skilríkja. (Námsskrá framhaldsdeildar Schengen vor- og haustönn 2000.)

Þekkingarstig 2a tekur 50 kennslustundir. Námskeiðið skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutann kenna erlendir sérfræðingar og farið er yfir eftirtalið námsefni: Ferðaskilríki; Aðferðir við að þekkja fölsuð ferðaskilríki frá ófölsuðum; Aðferðir við landamæraeftirlit, m.a. „profilering“; Verklegar æfingar. Í seinni hluta námskeiðsins er farið yfir eftirtalið námsefni: Notkun upplýsingakerfa Schengen, leitunarmöguleikar og umgengnireglur; Schengenreglur; Útlendingalöggjöfin og eftirlit með útlendingum; Schengen handbækur; Réttarfars- og mannréttindamálefni; Lögreglulög; Sýnishorn af skýrslum vegna dvalarleyfis, hælisleitenda, ólöglegra útlendinga o.fl. Námsmat er í formi stöðuprófs eftir fyrri hluta námskeiðsins, nái nemendur 50% árangri á því hafa þeir rétt til að ljúka seinni hluta námskeiðsins sem lýkur einnig með prófi. Falli nemandi á prófi hefur hann rétt til að taka það einu sinni upp. (Námsskrá framhaldsdeildar Schengen 2a haustönn 2000.)

Þekkingarstig 2b tekur 6 kennslustundir. Farið er í eftirtalið námsefni: Umfjöllun um nauðsynleg þekkingaratriði Schengen samkomulagsins, notkun handbóka o.fl.; Umfjöllun um ferðaskilríki og hvernig þekkja megi fölsuð frá ófölsuðum; Schengen upplýsingakerfið. (Námsskrá framhaldsdeildar Schengen 2b vorönn 2001.)

*Stjórnunarnámskeið* eru enn í undirbúningi og hafa ekki verið kennd hingað til.

### **Samstarf við aðra fræðsluaðila:**

Lögregluskólinn kaupir ekki fasta fræðslu af neinum einum fræðsluaðila. Fíkniefnafræðingar koma og kenna fíkniefnamál og Vegagerðin sér um ökuritann. Þannig eru fengnir sérfræðingar á ákveðnu sviði til að kenna einstök sérsvið. Stundakennarar koma þó yfirleitt úr röðum lögfræðinga og lögreglumanna.

Lögregluskólinn hefur kennt á ýmsum námskeiðum fyrir aðra öryggisaðila/löggæsluaðila í landinu, en það eru:

- Fangaverðir (hætti um tíma en mun núna byrja aftur).
- Tollverðir, s.s. fíkniefnafræðsla, þrek og skyndihjálpar.
- Ákveðnir starfsmenn hjá Landhelgisgæslu hafa fengið skotvopnaþjálfun.
- Veiðieftirlitsmenn.

### **10.3 Lög og reglugerðir**

Í lögreglulögum nr. 90/1996 er kveðið á um hlutverk lögreglunnar og er það m.a. fólgið í að gæta almannaoðryggis, halda uppi lögum og reglu, tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi. Lögreglan á að vinna að því að stemma stigu við afbrotum, vinna að uppljóstrun brota og stöðva ólögmæta háttsemi. Þeim ber að aðstoða borgarana, veita yfirvöldum vernd og starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem sinna verkefnum er tengjast starfssviði lögreglu. Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum teljast lögreglumenn vera embættismenn.

Í lögreglulögum nr. 90/1996 segir í 28. gr. um veitingu starfa í lögreglu. Að hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar. Þó er heimilt að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- og slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, enda sé staðan auglýst og enginn með próf frá Lögregluskólanum tiltækur í stöðuna.

Í 8. kafla lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um starfsemi Lögregluskóla ríkisins. Þar kemur m.a. fram að Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun. Skólanum ber að starfrækja grunnnámsdeild er veiti lögreglunemum menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild er veiti starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun. Í 37. gr. segir að við skólann skulu starfa yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn sem dómsmálaráðherra skipar.

Ríkislögreglustjórinn ákveður fjölda nýnema ár hvert á grundvelli áætlunar um endurnýjun í lögreglu ríkisins.

Nýnemar þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði skv. lögum nr. 49/2000:

- a) vera íslenskir ríkisborgarar 20-35 ára en þó má víkja frá aldurshámarkinu við sérstakar aðstæður og ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum,
- b) vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis,
- c) hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms, þeir skulu hafa gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli auk ensku eða þýsku, þeir skulu hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs, lögreglumannsefni skulu synd,
- d) standast inntökupróf skv. kröfum skólanefndar með áherslu á íslensku og þrek.

Valnefnd velur nema í Lögregluskólann úr hópi umsækjenda. Í nefndinni sitja fimm menn, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn af Ríkislögreglustjóra, einn af Sýslumannafélagi Íslands, einn af Landssambandi lögreglumanna og einn af skólastjóra Lögregluskóla ríkisins er skal vera formaður nefndarinnar.

Í lögnum segir að námið eigi að skiptast í tvær annir og skal nám á fyrri önn vera ólaunað. Áður en nám á síðari önn hefst skal Ríkislögreglustjóri sjá nemum fyrir starfsþjálfun í lögreglu ríkisins. Nám á síðari önn skal vera launað.

Í reglugerð nr. 490/1997 eru nánari fyrirmæli um stjórn skólans og starfslið, inntökuskilyrði, námstilhögun og prófkröfur.

Þar kemur m.a. fram í 6. gr. að námsgreinar í grunnnámi skulu vera: lögfræði, lögreglufræði, íslenska, erlend tungumál og sérgreinar, sálarfræði og þjálfun. Nánari lýsing er á hverju fagi í reglugerðinni en þar kemur m.a. fram:

- *Lögfræði*: Kennsla um íslenskt réttarkerfi og veitt undirstöðuþekking í refsirétti og opinberu réttarfari. Farið yfir ákvæði stjórnarskrárinnar með áherslu á mannréttindaákvæði. Fjallað um lögreglulög og helstu sérlög, reglur og

samþykktir, þar sem gert er ráð fyrir afskiptum, eftirliti eða stjórnun af hálfu lögreglu.

- *Lögreglufræði*: Efla færni í mannlegum samskiptum, kynna löggjöf er lýtur að samfélagi og persónurétti, kynna vímuefni og virkni þeirra. Saga, skipulag og uppbygging lögreglu hér á landi og um meginatriði sem lúta að framkvæmd lögreglustarfa. Kenna sérstaklega umferðarlög og helstu reglur sem gilda skv. þeim. Þjálfá í ritun lögregluskýrslna, höfuðatriði lögreglurannsóknar með sérstakri áherslu á vettvangsvinnu og verndun vettvangs.
- *Íslenska, erlend tungumál og sérgreinar*: Íslensk stafsetning og málfræði, rita texta. Erlend tungumál einkum talmál sem nýtist í starfi. Fingrasetning á leturborði.
- *Sálarfræði*: Hagnýt sálarfræði er snertir lögreglustarfið.
- *Þjálfun*: Meginatriði slyshjálpar og grunnnámskeiði í þeirri grein lokið. Líkamsþjálfun til að byggja upp þrek og liðleika nema, þ.á.m. sundþol. Þjálfun í lögreglusiðum, kynnt lögreglutæki og undirstöðuatriði er lúta að sjálfsvarnar- og handtökuaðferðum sem lögregla getur þurft að beita.

Í lok hvorrar námsannar á að prófa nemendur í námsgreinunum og gefa einkunnir á bilinu 0-10. Til þess að standast próf í námsgrein þarf lágmarkseinkunnina 5 en meðaltal einkunna má ekki vera lægra en 6. Frammistöðu nemenda við verklegar úrlausnir má meta með orðum. Falli nemi í einni námsgrein skal hann eiga endurtökurétt einu sinni. Falli hann í tveimur námsgreinum eða meðaleinkunn, telst hann hafa fallið á önninni. Nemi sem fellur á fyrri önn getur sótt einu sinni aftur um skólavist á fyrri önn, en nemi sem fellur á síðari önn fær ekki að hefja nám að nýju, nema sérstaklega standi á s.s. langvarandi veikindi á námstímanum.

Í 8. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um starfsþjálfun nemenda. Þar er lögð áhersla á að fyrir hvern nemanda sé gerð áætlun sem miði að sem viðtækastri kynningu og þjálfun í að takast á við hin ýmsu verkefni lögreglu. Áætlunin skal gerð í samráði og samstarfi Ríkislögreglustjóra, Lögregluskólans og lögreglustjóra þar sem starfsþjálfunin fer fram. Fylgst verði með frammistöðu nemenda og leitast við að finna þætti sem eru óæskilegir og þarf að lagfæra og þá þætti sem eru til fyrirmyndar. Verkefni nema eiga að vera við hæfi miðað við starfsaldur, nám og reynslu. Tilsjónarmaður er tilnefndur hverjum nema, sem ræðir reglulega við nemandann um dagleg störf hans, svarar fyrirspurnum hans og veitir honum ábendingar um það sem betur má fara. Á starfsþjálfunartímanum gefur yfirmaður Lögregluskólanum skýrslu um nám og starf nemans, s.s. um framfarir hans eða annað sem talið er skipta máli fyrir starfshæfni hans.

Í 8. kafla reglugerðar nr. 490/1997 er kveðið á um framhaldsdeild við Lögregluskóla ríkisins. Í framhaldsdeild á bæði að bjóða stutt og lengra heildstætt nám þar sem starfandi lögreglumönnum er veitt símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun.

- *Símenntun*. Lögreglumenn eiga kost á símenntunarnámskeiði fimm árum eftir að þeir ljúka grunnnámi við skólann og síðan á fimm ára fresti a.m.k. tvívegis eftir það. Á þessum námskeiðum eru kynntar helstu lagabreytingar og nýjungar sem snerta störf lögreglunnar.
- *Framhaldsmenntunarnámskeið* eru miðuð að því að mennta og þjálfá starfandi lögreglumenn til að annast stjórnun í lögreglunni.

- Í *sérmenntunarnámskeiðum* er leitast við að efla hæfni og skilning þátttakenda á sérsviðum þeirra.

Skv. 17. gr. reglugerðarinnar er Lögregluskólanum í samráði við Ríkislögreglustjóran heimilt að halda námskeið fyrir aðra handhafa lögregluvalds, s.s. lögfræðinga við lögregluembættin eða hliðstæðra embætta eða stofnana.

## 11 Mengunarvarnir

Mengunarvarnir heyra undir umhverfisráðherra. Mengunarvarnaeftirlit starfar eftir lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Markmiðið með lögnum er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengudu umhverfi. Lögin taka til hollustuverndar, mengunarvarnaeftirlits, vöktunar, tengdra rannsókna og fræðslu um þessi mál. Fram kemur í 3. grein að mengunarvarnaeftirlit tekur til eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits. Heilbrigðiseftirlit tekur einnig til mengunarvarna auk hollustuhátta.

Í skýrslu Bráðamengunarnefndar (1997) kemur fram að talið sé að meginhættan á bráðamengun sjávar stafí frá óhöppum við olíuflutningaskip. Stærstu olíuóhöppin hér við land hafa verið þegar snjóflóð skella á birgðageymslum, í tengslum við bilanir á lokubúnaði eða vegna tæringar. Mengunaróhöpp tengjast einnig skipsköðum eins og við strand eða árekstra. Athygli vekur að um 50% óhappa við strand skipa er í höfnunum sjálfum, sem er svipað hátt hlutfall og gerist erlendis. Nefndin hvatti því til að búnaður og viðbragðsáætlanir í höfnum þar sem flutningaskip landa væru við hæfi. Í Reykjavíkurhöfn voru 134 mengunaróhöpp á árunum 1990 til 1999. Um 60% óhappanna urðu við eldsneytistöku skipa og dælingu um borð í skip. (Hallur Árnason, 2000.)

Í skýrslu um viðbrögð við bráðum mengunaróhöppum, löggjöf og skipulag, sem finna má á heimasíðu Hollustuverndar ríkisins ([www.hollver.is](http://www.hollver.is)), kemur fram að erfitt sé að réttlæta þann kostnað að hafa mikið af fagfólki í landinu, einkum í hverju héraði, sem undirbúið er að stýra aðgerðum þar sem út frá sögulegum gögnum sé líklegur endurkomutími á stóru mengunaróhappi 25-150 ár háð forsendum og stærð óhapps. Fram kemur í skýrslunni að slökkviliðsmenn séu menntaðir og þjálfaðir til að bregðast við bráðum óhöppum og að hlutverk þeirra falli vel að fyrstu aðkomu þegar mengunaróhöpp verða.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fer Hollustuvernd með yfirumsjón með mengunarvörnum í landi, viðbrögð við bráðamengun og sérhæfingu aðgerða. Í skýrslu um viðbrögð við bráðum mengunaróhöppum, löggjöf og skipulag ([www.hollver.is](http://www.hollver.is)) kemur fram að fjármuni og mannafla skorti til að uppfylla þær skyldur sem lögin kveða á um. Þar kemur einnig fram að ábyrgð á mengunarvörnum sé að öðru leyti dreifð og samræmda löggjöf fyrir málaflokkinn skorti.

Verkefni Siglingastofnunar í mengunarvörnum skv. lögum nr. 6/1996 um Siglingastofnun Íslands er að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir skv. þeim að því leyti sem þau varða skip eða búnað þeirra skv. reglum sem umhverfisráðherra setur.

Í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir í 11. og 16. grein er fjallað um hlutverk slökkviliða í mengunarvörnum. Þar kemur m.a. fram að slökkviliðsstjóra ber að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum. Þar kemur einnig fram að slökkviliðsstjóri stjórnar á vettvangi við mengunaróhöpp á landi.

## 11.1 Störf

Fram kemur í reglugerð um viðbrögð við bráðamengun sjávar nr. 465/1998 að Hollustuvernd ríkisins, Landhelgisgæsla Íslands, Siglingastofnun Íslands og Almannavarnir ríkisins geri samkomulag um samvinnu, verkaskiptingu og viðbrögð við bráðamengun utan hafnarsvæða skv. 17. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, eða þegar mengunarvaldi tekst ekki að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skaða af völdum mengunarinnar. Þetta samkomulag er í vinnslu samkvæmt heimildum SBÖL í september 2000.

Hollustuvernd ríkisins, Landhelgisgæsla Íslands, Siglingastofnun Íslands og Almannavarnir ríkisins eiga í samkomulagi sínu m.a. að fjalla um ábyrgð og verkefni stofnana og gildissvið samkomulagsins, svo sem að gera sameiginlega viðbragðsáætlanir utan hafnarsvæða í samvinnu við Hafrannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Geislavarnir ríkisins og aðra sambærilega aðila. Þar á einnig að koma fram æfingar og þjálfun verkefnisstjóra mengunarvarna og gerð leiðbeininga um viðbragðsáætlanir innan hafnarsvæða í samvinnu við Hafnarsamband sveitarfélaga. Hver aðili að samkomulaginu á að sjá til þess að viðkomandi stofnun hafi a.m.k. einn þjálfaðan starfsmann til að stýra aðgerðum á vettvangi.

Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit úr lofti með hafsvæðinu umhverfis Ísland. Hollustuvernd á m.a. að sjá um æfingar á tiltækum búnaði utan hafnarsvæða og sjá til þess að æfingar séu haldnar a.m.k. einu sinni á ári og einnig að sjá um æfingar og þjálfun verkefnisstjóra mengunarvarna. (Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun sjávar, nr. 465/1998.)

Viðbragðsaðilum við bráðum mengunaróhöppum er skipt innan og utan hafnarsvæða. Innan hafnarsvæða eru það viðkomandi hafnarstjórar og Hollustuvernd. Utan hafnarsvæða er það Hollustuvernd í samstarfi við Landhelgisgæslu Íslands og í samráði við Siglingastofnun Íslands og Almannavarnir ríkisins í samræmi við fyrrgreint samkomulag.

Landinu er skipt í fimm landshluta og er ein höfn valin sem aðalhöfn. Á hverju svæði eru síðan svæðishafnir og almennar hafnir. Í aðalhöfnum á að vera mengunarvarna-búnaður sem er 300 m. af flotgirðingum og a.m.k. eitt upptökutæki. Í svæðishöfnum 125 m. af flotgirðingu og í almennum höfnum á að taka afstöðu til búnaðar eftir aðstæðum.

Eftirtaldar hafnir eru aðalhafnir, svæðishafnir eða almennar hafnir, skipt eftir landshlutum:

- *Landshluti 1:* Aðalhöfn Reykjavík. Svæðishöfn er Ólafsvík. Í báðum þessum höfnum er mengunarvarnabúnaður. Almennar hafnir hafa ekki búnað. Þetta eru Akranes, Borgarnes, Garðabær, Grindavík, Grundarfjörður, Grundartangi, Hólmarvík, Keflavík/Njarðvík, Sandgerði, Seltjarnarnes, Stokkseyri, Stykkishólmur, Vogar og Þorlákshöfn.
- *Landshluti 2:* Aðalhöfn Ísafjörður sem er með búnað. Svæðishafnir eru Hólmarvík og Patreksfjörður. Almennar hafnir eru Bolungarvík, Vesturbyggð og Tálknafjörður.

- *Landshluti 3: Aðalhöfn* er Akureyri sem er með búnað. *Svæðishafnir* eru Sauðárkrókur, Siglufjörður, Þórshöfn. *Almennar hafnir* eru Blönduós, Bakkafjörður, Grímsey, Hafnarsamlag Eyjafjarðar, Hrísey, Húsavík, Hvammstangi, Kópasker, Raufarhöfn, Skagaströnd og Vopnafjörður.
- *Landshluti 4: Aðalhöfn* er Reyðarfjörður. *Svæðishafnir* eru Höfn og Seyðisfjörður. *Almennar hafnir* eru Borgarfjörður eystri, Breiðdalsvík, Djúpvogur, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Neskaupstaður og Stöðvarfjörður.
- *Landshluti 5: Aðalhöfn* er Vestmannaeyjar. Engin svæðishöfn eða almennar hafnir.

Í hverjum þessara landshluta eða innan hafnarsvæða starfa svæðisráð skipuð til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Ráðið á m.a. að sjá um að umsjónarmaður og annar til vara séu skipaðir með hverjum mengunarvarnabúnaði og það á að sjá um þjálfun þeirra sem koma til með að vinna með mengunarvarnabúnað. Svæðisráðið á að halda æfingar að fenginni tillögu frá mengunarvarnaráði í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Landhelgisgæslu Íslands. (Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun sjávar, nr. 465/1998.)

Hjá *Hollustuvernd* starfa 13 sérfræðingar að mengunarvörnum. Mengunarvarnir þar sjá um ytra umhverfi, s.s. loftmengun, vatnsmengun og hávaðamengun sem berst út fyrir lóðir fyrirtækja, en koma ekki að vinnuumhverfi starfsfólks sem er hlutverk Vinnueftirlits ríkisins. Meginhlutverkið er að upplýsa og fræða um mengunarvarnir. Af þessum 13 sérfræðingum eru 4 efnaverkfræðingar, 2 efnafræðingar, 2 líffræðingar, 2 jarðfræðingar, 1 umhverfisverkfræðingur, 1 með tölvu- og umhverfismenntun og 1 vélsmiður sinnir eftirliti. Einn þessara starfsmanna sér um mengunarvarnaræfingar.

Samkvæmt upplýsingum sem fengust hjá Reykjavíkurbíóber ber lögreglu eða viðkomandi mengunarvaldi/áhorfanda að gera Reykjavíkurbíóber viðvart ef mengunaróhapp verður. Að framkvæmd koma síðan hafnarstarfsmenn, slökkvilið, björgunarsveit, olíudæling, olíufélög, flutningsaðilar og aðilar sem sjá um dýrabjörgun ef þörf er á. Fimm manns hafa umsjón með mengunarvarnabúnaði hjá Reykjavíkurbíóber.

Eins og fyrr hefur komið fram skortir samræmda löggjöf um mengunarvarnir í landi og ekki er ljóst hverjir eiga að tilkynna um mengunaróhappið. Sú hefð hefur skapast að slökkvilið sér um hreinsunina en lögregla sér um að halda almenningi í öruggri fjarlægð frá mengunarstað. (Skýrsla Hollustuverndar: Viðbrögð við bráðum mengunaróhöppum. Löggjöf og skipulag.)

Með nýjum lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem taka gildi 1. janúar 2001 stjórnar slökkviliðsstjóri á vettvangi. Lögregla á að sjá til þess að slökkvilið hafi greiðan aðgang að mengunarstað. Síðan er það viðkomandi slökkviliðsstjóra að tilkynna heilbrigðiseftirliti um mengunaróhappið.

## 11.2 Menntun

Engin sérskipulögð námskeið eru í boði um mengunarvarnir. Að meginhluta til eru þetta æfingar sem haldnar eru með reglulegu millibili í hverjum landshluta. Starfsfólki er almennt ekki skylt að mæta á þessar æfingar.

Hollustuvernd á að sjá um æfingar á tiltækum búnaði utan hafnarsvæða og sjá til þess að æfingar séu haldnar a.m.k. einu sinni á ári og á einnig að sjá um æfingar og þjálfun verkefnisstjóra mengunarvarna. Samkvæmt viðtali við Eyjólf Magnússon hjá Hollustuvernd eru æfingar haldnar að jafnaði á 18 mánaða fresti.

Svæðisráðin eiga að sjá um þjálfun þeirra sem koma til með að vinna með mengunarvarnabúnað. Þau eiga að halda æfingar að fenginni tillögu frá mengunarvarnaráði í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Landhelgisgæsluna.

Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd var keyptur mengunarvarnabúnaður á allar aðalhafnir og svæðishafnir á landinu árið 1993. Frá þeim tíma hefur fjöldi æfinga verið 24 talsins, sjá töflu 7. Flestar æfingar hafa verið haldnar í landshluta 1 sem tilheyrir Reykjavík og nágrenni. Þessar æfingar taka einn dag.

**Tafla 7. Fjöldi mengunarvarnaæfinga frá árinu 1993 eftir landshlutum.**

	Hlutfall	Fjöldi æfinga
<i>Alls</i>	<i>100</i>	<i>24</i>
Landshluti 1	33	8
Landshluti 2	8	2
Landshluti 3	21	5
Landshluti 4	25	6
Landshluti 5	13	3

Heimild: Hollustuvernd ríkisins og Reykjavíkurbörn í september 2000.

Frá árinu 1994 hafa 8 mengunarvarnaæfingar verið haldnar af svæðisráði í landshluta 1. (Munnleg heimild: Hallur Árnason hjá Reykjavíkurbörn.) Að jafnaði koma margir að hverri æfingu. Sem dæmi var árið 1999 haldin mengunarvarnaæfing í Keflavík sem um 120 manns sóttu. Má þar nefna starfsfólk frá höfnum í landshluta 1 (Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjanesbæ, Sandgerði, Grindavík, Þorlákshöfn, Akranesi, Grundartanga, Borgarbyggð og Snæfellsbæ), Olíudreifingu, Skeljungu, Slökkviliðinu í Reykjavík [nú Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins], Slökkviliðinu á Suðurnesjum, Lögreglunni í Reykjanesbæ, Landhelgisgæslunni, Almannavörnum Reykjavíkur, Almannavörnum Suðurnesja, Hollustuvernd, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Slökkviliði Hafnarfjarðar, Slökkviliðinu á Keflavíkurlflugvelli, Olíustöðinni Helgúvík, Brunavörnum Suðurnesja, Uppdælingu og E.T.

Mengunarvarnaæfingin í Keflavík fór þannig fram að fyrir hádegi voru haldnir fyrirlestrar af fulltrúum frá Reykjavíkurbörn, Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Brunavörnum Suðurnesja og Lögreglunni í Keflavík. Æfingunni sem átti að framkvæma var lýst fyrir þátttakendum. Eftir hádegi var síðan verkleg æfing sem stóð í um þrjár klst.

Í skýrslu nefndar umhverfisráðuneytisins um varnir og viðbrögð við mengunaróhöppum á landi, ásamt viðaukum (1997) kemur fram að menntun eftirlitsmanna og viðbragðsaðila sé ábótavant og ósamræmd. Þó menntun lögreglu og slökkviliða taki aukið mið af mengunarvörnum er sú menntun ekki samræmd milli þessara aðila. Þar kemur fram að enginn eftirlitsaðili hafi verið sérstaklega þjálfður hér á landi til að

hafa umsjón með hreinsun eftir mengunaróhöpp á landi, þó margir þeirra hafi lokið náttúruvísinda- eða tækninámi á háskólastigi.

Nefndin telur að menntun og þjálfun þeirra aðila sem starfa við mengunarvarnir eða mengunaróhöpp eigi að fara fram í starfsmenntaskólum og á námskeiðum sem veita starfsréttindi, svo sem ökuskólar, verkstjórnarfræðsla, stýrimannaskólar, vélskólar og endurmenntunarstofnanir.

Samkvæmt upplýsingum frá Brunamálaskólanum sækja slökkviliðsmenn námskeið um mengunarvarnir, þ.á.m. um almennar leiðbeiningar um val og notkun eiturefnabúninga. (Munnleg heimild: Guðmundur Haraldsson hjá Brunamálaskólanum.) Farið er í meginatriðum yfir eftirtalið námsefni: Hættuleg efni og eiturefni; Hlíðarfatnaður gegn hættulegum efnum og eiturefnum; Hvað ber að varast?; Leiðbeiningar og staðlar; Notkun eiturefnabúninga; Efnaslys við flutninga - Nokkur dæmi; Umhirða; Um öryggi efnakafara við björgunarstörf; Ábendingar til slökkviliðsstjóra um kaup á eiturefnabúningum. ( Brunamálstofnun ríkisins, 1999.)

### **11.3 Lög og reglugerðir**

Mörg lög og reglugerðir eru til um mengunarvarnir og snúa að ýmsum þáttum þeirra. Hér má nefna reglugerð um tilkynningaskyldu skipa sem flytja hættulegan varning nr. 710/1998. Reglur nr. 247/2000 um slysavarnir í höfnum. Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun sjávar nr. 465/1998 en þar eru ákvæði um þjálfun vettvangsstjóra og umsjónarmanna mengunarvarnabúnaðar í höfnum. Reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Í lögum nr. 6/1996 um Siglingastofnun Íslands er kveðið á um verkefni Siglingastofnunar í 3. gr. Þar segir m.a. að stofnunin eigi að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir skv. þeim að því leyti sem þau varða skip eða búnað þeirra skv. reglum sem umhverfisráðherra setur.

Í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem taka gildi 1. janúar 2001 segir í 3. kafla 11. gr. að kveða á um í reglugerð um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi að fengnum tillögum Brunamálstofnunar í samráði við Hollustuvernd. Slökkviliðsstjóri hefur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp í landi skv. lögnum og lögregla á að sjá til þess að slökkvilið hafi greiðan aðgang að mengunarstað. Hlutverk slökkviliðsstjóra er einnig að tilkynna heilbrigðiseftirliti samstundis um mengunaróhappið.

Í 21. gr. segir að sé eldur laus eða hafi mengunaróhapp orðið á landi eða bráð hætta er á slíku atviki þá á sá er þess verður vís að leitast við að bjarga fólki frá bráðri lífshættu og vara þá við sem nærstaddir eru. Geti hann það ekki skal hann tafarlaust kveða til slökkvilið eða aðra tiltæka hjálp.

## 12 Neyðarsímverðir

Neyðarlínan sér um samræmda neyðarsímsvörun og tekur við tilkynningum í neyðarnúmerið 112 fyrir lögreglu, slökkvilið, sjúkraflutninga og björgunarsveitir. Neyðarlínan vaktar einnig öryggiskerfi fyrir öryggisþjónustufyrirtæki og kemur boðum til þeirra þegar þau berast. Þar er um að ræða vöktun á bruna- og innbrotskerfum, öryggishnökkum og öðrum viðvörunarkerfum.

Samræmd neyðarsímsvörun heyrir undir dómsmálaráðherra. Að Neyðarlínunni standa Ríkislögreglustjóri, Reykjavíkurborg, Landssíminn, Vari og Securitas. Ef vafamál koma upp vegna viðbragða neyðarsímvarða er hægt að vísa því máli til samstarfsnefndar um samræmda neyðarsímsvörun.

### 12.1 Störf

Alls störfuðu 19 neyðarsímverðir hjá Neyðarlínunni í júlí 2000 auk aðstoðarframkvæmdastjóra og framkvæmdastjóra. Að auki er einn starfsmaður frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins tiltækur ef þörf er á. Neyðarlínan er opin allan sólarhringinn og unnið er á 12 tíma vöktum. Fimm neyðarsímverðir starfa á hverri vakt og fer vaktstjóri með daglega stjórn hverrar vaktar.

Neyðarsímverðir taka við tilkynningum í símanúmerið 112 um fólk og eignir í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningaliðs og aðra neyðaraðstoð. Starfsmenn koma tilkynningum áfram til neyðarsveita með símtalsflutningi eða boðun og þjónustu í útkalli. (Gögn frá Neyðarlínunni dagsett 20. mars 1996.)

Í gögnum sem SBÖL fékk hjá Neyðarlínunni kemur fram að starfsfólkið þurfi að hafa kunnáttu og hæfni á eftirtöldum sviðum:

- Starfsfólk verður m.a. að geta veitt tilsögn í fyrstu hjálp (skyndihjálpi) eða veitt aðstoð í því hvernig bregðast skuli við almannavarnaástandi. Það á að hafa kunnáttu í samskiptum við fólk sem er í andlegu ójafnvægi, t.d. vegna losts.
- Neyðarsímverðir taka ákvörðun um hvaða neyðarsveit (t.d. lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningalið) skuli boðuð í hverju tilviki á grundvelli þeirra upplýsinga sem koma frá innhringjanda.
- Starfsfólk á að hafa góð tækni á ensku, lágmarkskunnáttu í Norðurlandamálum og geta greint á milli helstu tungumála í Evrópu, eins og þýsku, frönsku, ítölsku og spænsku.
- Starfsfólk er bundið þagnarskyldu um öll málefni sem varða starfsemi fyrirtækisins og gildir það einnig eftir að það hættir störfum.
- Að auki sinnir starfsfólk Neyðarlínunnar þjónustu við nokkur öryggisfyrirtæki.

Samkvæmt upplýsingum frá aðstoðarframkvæmdastjóra var menntun núverandi starfsmanna Neyðarlínunnar eftirfarandi í júlí 2000. Hér er ekki talinn með sumarstarfsmaður. Tveir höfðu lokið sjúkraliðanámi, þrír höfðu lokið húsasmíði, einn af þeim hefur unnið hjá slökkviliði. Sjö starfsmenn höfðu grunnskólamenntun en að

auki viðtæka starfsreynslu hjá öryggisþjónustufyrirtækjum, m.a. í stjórnstöð. Fimm starfsmenn höfðu starfað hjá lögreglu, einn hafði lokið Lögregluskólanum og annar Fangavardaskólanum. Tveir starfsmenn höfðu verið í háskólanámi, annar unnið á geðdeild en hinn við kennslu og með heyrnarlausum. Einn starfsmaður hefur reynslu af stjórnunarstörfum.

## 12.2 Menntun

Nám starfsfólks byggir að mestu á sértækum námskeiðum þar sem sérfræðingar á ákveðnum sviðum halda fyrirlestra og námskeið. Nýliðar fara í gegnum ákveðna grunnþjálfun áður en þeir starfa sjálfstætt sem neyðarsímverðir.

Grunnþjálfun nýliða felst í eftirfarandi: Þeir sækja 32 klst. grunnnámskeið. Áður en þeir teljast fullnuma í starfi þurfa þeir að vera í tveggja til þriggja mánaða starfsþjálfun undir handleiðslu starfsfólks með reynslu. Á starfsþjálfunartímabilinu er þeim kynnt starfsemi öryggisþjónustufyrirtækja, slökkviliða, lögreglu, björgunarsveita og slysadeilda sjúkrahúsa. (Munnleg heimild: Bergsveinn Alfonsson aðstoðarframkvæmdastjóri.)

Grunnnámskeið fyrir neyðarsímverði er að fyrirmynd Center for Emergency Medicine of Western Pennsylvania. Sjúkraflutningaskólinn sér um að halda þetta námskeið. Námsfernið hefur verið aðlagð íslenskum aðstæðum. Eftir að hafa farið í gegnum þetta námskeið og staðist bæði munnlegt og skriflegt próf er starfsmönnum heimilt að nota s.k. leiðbeiningakort þar sem gefnar eru leiðbeiningar í gegnum síma um viðbrögð við hinum ýmsum aðstæðum sem koma upp hjá innhringjendum í neyðarnúmerið 112. Kerfi þetta var þróað af sömu aðilum í Bandaríkjunum til að aðstoða neyðarsímverði í 911 neyðarnúmerinu. Á námskeiðinu er farið yfir eftirtalin atriði:

- hlutverk neyðarsímvarðar,
- sögu neyðarsímsvörunar,
- lagaleg atriði,
- læknisfræðileg hugtök,
- tækni í símsvörun,
- aðferðir við að spyrja út úr um læknisfræðileg atriði,
- aðilar sjúkraflutninga,
- streitu og neyðarsímsvörun,
- samræmda neyðarsímsvörun - 112 kerfið,
- yfirlit yfir vísbendingakort og viðbótar hjálparkort,
- samfellda gæðaumbót í útkallsþjónustu,
- og gerðar eru hagnýtar æfingar.

Önnur námskeið eru haldin eftir þörfum, t.d. hafa sálfræðingar þjálfað starfsfólk í að sinna fólki í alvarlegu andlegu ástandi og landfræðingar kennt landafræði. Þá hafa starfsmenn fengið mörg tölvunámskeið í tengslum við það tölvukerfi sem notað er hjá Neyðarlínunni. Einnig hafa starfsmenn fengið þjálfun hjá neyðarsveitum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. slökkviliði og lögreglu. Þá eru ótalin námskeið sem

starfsmenn fá hjá öryggisfyrirtækjunum í tengslum við þjónustu Neyðarlínunnar við þau.

### **12.3 Lög og reglugerðir**

Í lögum um samræmda neyðarsímsvörun nr. 25/1996 í 7. gr. segir að starfsfólk vaktstöðva skuli hafa hlotið menntun, þjálfun og starfsreynslu á vegum þeirra aðila er neyðarþjónustu sinna.

Samkvæmt 7. gr. laganna ber starfsfólki vaktstöðvar að gæta þagmælsku um atriði er það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli málsins samkvæmt. Þagnarskyldan helst þó að látið sé af starfi.

Í reglugerð nr. 570/1996 um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar kemur fram í 9 gr. að starfsmenn vaktstöðvar skuli hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun þar sem sérstök áhersla er lögð á tungumálakunnáttu. Þar kemur einnig fram að nýir starfsmenn skuli hljóta bóklega og verklega menntun sem hæfi væntanlegu starfi þeirra.

Rekstraraðilum vaktstöðva er skylt að halda a.m.k. átta vikna námskeið fyrir nýliða þar sem kenndar eru bóklegar og verklegar námsgreinar, kennd undirstöðuatriði í mannlegum samskiptum og fyrstu viðbrögð við áföllum. Nýliðar eiga að fá hagnýta þjálfun hjá völdum neyðarsveitum, sem skylt er að veita þessa þjónustu.

Einnig er kveðið á um að árlega eigi að halda námskeið fyrir símverði vaktstöðvar, sem standi eigi skemur en eina viku. Í því felst m.a. að kynna sér störf þeirra sem neyðarsímverðir eiga að þjóna, þ.e. slökkviliðs, lögreglu og sjúkraflutninga.

Vaktstöð merkir í reglugerðinni varðstöð þar sem komið er fyrir nauðsynlegum tæknibúnaði og aðstöðu fyrir starfsfólk til að svara þegar hringt er í samræmda neyðarnúmerið 112.

## 13 Siglingastofnun

Siglingastofnun heyrir undir samgönguráðherra. Siglingastofnun Íslands annast framkvæmd laga um eftirlit með skipum, laga um mælingu skipa, laga um skráningu skipa, laga um vitamál, laga um leiðsögu skipa og laga um kafarastörf. Þá skal stofnunin annast þátt ríkisins í framkvæmd hafnalaga. Jafnframt fer stofnunin með mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og mál er varða siglinga- og sjómanna lög að því leyti sem þau tengjast skipum, skráningu þeirra, búnaði og siglingaöryggi. (Heimasíða Siglingastofnunar í júní 2000.)

Reykjanesviti var fyrsti vitinn á Íslandi og var hann var vígður 1. desember 1878. Embætti vita- og hafnamálastjóra var stofnað árið 1918. Formleg skipaskoðun á Íslandi hófst 1922 er lög um eftirlit með skipum og bátum tóku gildi. Allir bátar yfir 6 metrum að lengd voru skráningarskyldir og undir eftirliti Skipaskoðunar ríkisins frá árinu 1935 og er svo enn. Frá upphafi hefur skoðun skipa verið skipt í þrennt, þ.e. skoðun á bol, búnaði og vél.

Hafnaráð og siglingaráð eru ráðgefandi aðilar, skipaðir af samgönguráðherra, fyrir forstjóra Siglingastofnunar og ráðherra. Starfsemi stofnunarinnar skiptist í eftirtalin svið: Vitasvið, hafnasvið, skipasvið, skrifstofusvið, skoðunarsvið, rannsóknir og þróun og gæðamál og áætlanir.

Siglingastofnun Íslands hefur það meginhlutverk að vinna að öryggi sjófarenda og að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til siglinga og fiskveiða við landið. Stofnunin starfar skv. lögum nr. 6/1996 með síðari breytingum. Á heimasíðu eru verkefni stofnunarinnar tilgreind en þau eru:

- Rekstur vita og leiðsögukerfa.
- Eftirlit með skipum og búnaði þeirra.
- Skráning og mæling skipa.
- Ýmis verkefni tengd áhöfnum skipa og réttindaskráningu sjómanna.
- Umsjón með leiðsögu skipa og kafarastörfum.
- Aðstoð við rannsókn sjóslýsa.
- Rannsóknir á sviði skipa, hafna og strandbreytinga.
- Áætlanagerð fyrir hafnaframkvæmdir og sjóvarnir.
- Umsjón með ríkisstyrktum hafna- og sjóvarnaframkvæmdum.
- Rekstur Hafnabótasjóðs.

Siglingaráð er ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og forstjóra Siglingastofnunar í siglinga- og vitamálum. Ráðið fjallar um breytingar á lögum og reglum sem varða siglinga- og vitamál. Siglingaráð fjallar um öryggismál skipa og sjófarenda, svo og meiri háttar endurbætur og breytingar vitakerfisins. Forstjóri Siglingastofnunar Íslands situr fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétt, ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir.

Í siglingaráði eiga sæti ellefu fulltrúar. Þar af eru þrjár fulltrúar skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og er einn þeirra formaður ráðsins. Átta fulltrúar skulu skipaðir til allt að fjögurra ára samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila sem tilnefna

einn fulltrúa hver: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasamband Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Vélstjórafélag Íslands. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Í ársskýrslu Siglingastofnunar Íslands 1999 kemur fram að alls voru 2.412 skip á skrá í byrjun ársins 2000, þar af voru 1.014 þilfarsskip og 1.398 vélbátar. Tilkynt sjóslýs til Tryggingastofnunar árið 1999 voru 381, dauðaslys á fiskiskipum voru tvö og þrjú fiskiskip fórust.

Í lok ársins 1999 voru 93 fastir starfsmenn í tæplega 85 stöðugildum. Auk þeirra voru 55 lausráðnir starfsmenn í 10 stöðugildum við vitavörslu. (Siglingastofnun Íslands, 2000.)

### **13.1 Skipaeftirlit**

Skipaeftirlitið sér um eftirlit með skipum og bátum. Mest eru þetta fiskiskip, minna er um farþegaskip og vöruflutningaskip. Þetta er skoðun á skipinu sjálfu, s.s. vélbúnaði, rafmagnskerfi, björgunar- og öryggisbúnaði. Einnig er farið yfir teikningar og verklýsingar af skipum sem fyrirhugað er að hefja smíði á eða eru í smíðum svo og breytingar á skipum í rekstri.

Starfsmenn sem eru ráðnir hafa almenn vélstjórnarréttindi, skipstjórnarréttindi, eru iðnaðarmenn, s.s. skipasmiðir, málmíðnaðarmenn eða rafvirkjar. Einnig starfa rafmagnsverkfræðingar og almennir verkfræðingar sérstaklega við að yfirfara teikningar og verklýsingar á skipum og breytingar á skipum í rekstri.

Árið 1999 var gerð 9.881 skoðun á skipum. (Siglingastofnun Íslands, 2000.) Landinu er skipt í sjö umdæmi. Um 26-28 manns starfa við skipaeftirlit hér á landi, að hluta sér Siglingastofnun um skipaeftirlitið en einnig sérhæfð fyrirtæki, s.s. Det Norske Veritas. Flestir starfa í Kópavogi, einn í Keflavík, einn í Ólafsvík, tveir á Ísafirði, tveir á Akureyri, tveir á Fáskrúðsfirði og einn í Vestmannaeyjum. (Munnleg heimild Páll Hjartarson, yfirmaður skipaeftirlitsins.)

Lög um eftirlit með skipum nr. 35/1993 svo og sérlög og reglugerðir er það sem er grundvöllur eftirlitsins.

Ekki eru um föst námskeið að ræða fyrir starfsfólk og læra menn frekar mann fram af manni. Sótt hafa verið ýmis námskeið hér á landi, s.s. tölvunámskeið og námskeið hjá BSRB og starfsfólk hefur farið til útlanda á námskeið vegna hafnarríkiseftirlitsins. Fyrirmyndin að eftirliti með skipunum er að mestu fengin frá Danmörku og Noregi. Skriflegar reglur eru um hvernig skoðun á að fara fram. (Munnleg heimild: Páll Hjartarson, yfirmaður skipaeftirlitsins.)

Tveir til þrjár starfsmenn hafa réttindi Hafnarríkiseftirlitsins, þ.e. að skoða erlend farþegaskip eða vöruflutningaskip, en þar er um alþjóðlegar kröfur að ræða. Sjá nánar í kaflanum um lög og reglugerðir.

### 13.2 Vitaeftirlit

Alls eru reknir 104 vitar af ríkinu. Hafnarvitar leiða inn á ákveðnar hafnir og viðkomandi höfn sér um þá. Lausráðnir starfsmenn sjá um vitaeftirlit hér á landi í mismiklu starfi. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi í júní 2000 störfuðu um 66 starfsmenn við vitaeftirlit í landinu í um 16 stöðugildum.

Starfsmenn fara yfir hvort búnaður sé í lagi og prófa varabúnað. Mjög sérhæfður búnaður er í vitunum þannig að viðhaldi er sinnt af sérfræðingum sem þekkja til þess búnaðar. 10 starfsmenn vinna við viðhald. Gæsla með vitunum getur verið í höndum bænda sem búa í næsta nágrenni.

Að jafnaði er viðhaldi sinnt á um 20 vitum á ári en eftirlit með baujum og búnaði vitanna er reynt að sinna árlega. (Siglingastofnun Íslands, 2000.)

Þegar ráðið er í störf vitaeftirlitsmanna er óskað eftir breiðri menntun: skipstjórnar, rafeindavirkjar, rafvirkjar, smiðir, múrarar eða verkfræðingar. Unnið er eftir vita- og hafnarlögum. Einnig er smíðja rekin þar sem er smíðað og viðhaldið því sem vitaeftirlitið rekur.

### 13.3 Lög og reglugerðir

Fram kemur á heimasíðu Siglingastofnunar að eftirtalið eru helstu lög og reglugerðir sem stofnunin vinnur eftir:

- Lög um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996, sbr. lög nr. 38/1997, 121/1999
- Hafnalög nr. 23/1994, sbr. lög nr. 144/1995 og 7/1996
- Lög um sjóvarnir nr. 28/1997
- Reglugerð um hafnamál nr. 232/1996
- Lög um skráningu skipa nr. 115/1985, sbr. lög nr. 19/1991, 23/1991, 92/1991, 62/1993, 7/1996 og 39/1997
- Lög um skipamælingar nr. 50/1970, sbr. lög nr. 34/1984 og 7/1996
- Lög um eftirlit með skipum nr. 35/1993, sbr. lög nr. 62/1993, 86/1994, 65/1995 og 7/1996
- Lög um vitamál nr. 132/1999
- Lög um leiðsögu skipa nr. 34/1993, sbr. lög nr. 62/1993 og 7/1996
- Lög um köfun nr. 31/1996
- Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984, sbr. lög nr. 92/1991, 62/1995, 7/1996 og 30/1997
- Lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum nr. 113/1984, sbr. lög nr. 92/1991, 60/1995, 7/1996 og 82/1997
- Lög um áhafnir íslenskra kaupskipa nr. 59/1995, sbr. lög nr. 7/1996
- Lög um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987, sbr. lög nr. 92/1991, 16/1994, 162/1995, og 139/1996
- Siglingalög, 34/1985, sbr. 21/1986, 64. tl. 194. gr. 19/1991, 82. gr. 92/1991, 13. tl. 91. gr. 90/1991 (nauðungarsala - br. á 1. mgr. 53., 66., 131., 202. og 206. gr.) og 17. tl. 160. gr. 91/1991 (eml. - br. á 109. gr.) (D), 29. gr. skaðabótalaga nr.

50/1993 (16. gr. felld brott), 3. gr. 62/1993 (EES reglugerðir), 7/1996, 74/1998 og 133/1998.

Í reglugerð um hafnarríkiseftirlit nr. 128/1997 er í 7. kafla í viðauka kveðið á um lágmarkskröfur fyrir skoðunarmenn í hafnarríkiseftirliti, sem eru eftirfarandi:

1. Hafa umboð Siglingastofnunar Íslands til að framkvæma hafnarríkiseftirlit.
2. Hafa starfað í a.m.k. eitt ár sem skoðunarmaður hjá Siglingastofnun Íslands og hafa fengist við skoðun og skírteinisútgáfu í samræmi við ákvæði samninganna.
  - Og skal hafa:
    - atvinnuskírteini skipstjóra sem heimilar honum að stjórna skipi sem er 1600 brúttórúmllestir að stærð eða meira,
    - atvinnuskírteini yfirvélstjóra sem heimilar honum að taka að sér starf um borð í skipi þar sem afl aðalvélbúnaðar er 3000 kw eða meira,
    - lokið prófi sem skipaverkfræðingur/tæknifræðingur, vélaverkfræðingur /tæknifræðingur eða verkfræðingur/tæknifræðingur á sviði siglingamála og unnið sem slíkur í fimm ár að minnsta kosti.
  - Hafa starfað til sjós í fimm ár a.m.k. sem yfirmaður á þilfari eða í vélarrúmi, eftir því sem við á.

Eða:

- hafa háskólagráðu á viðkomandi sviði eða sambærilega menntun,
  - hafa fengið þjálfun og verið útskrifaður úr skóla fyrir skipaskoðunarmenn,
  - hafa starfað í a.m.k. tvö ár sem skoðunarmaður hjá Siglingastofnun Íslands og hafa fengist við skoðun og skírteinisútgáfu í samræmi við ákvæði samninga.
3. Hæfni til að eiga munnleg og skrifleg samskipti við sjómenn á ensku.
  4. Hæfileg þekking á ákvæðum alþjóðasamninga og viðeigandi starfsaðferðum við hafnarríkiseftirlit.
  5. Skoðunarmenn sem ekki fullnægja viðmiðunum hér að framan geta einnig öðlast viðurkenningu ef þeir störfuðu við hafnarríkiseftirlit hjá Siglingastofnun Íslands fyrir 30. janúar 1997 (sjá reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 128/1997 um hafnarríkiseftirlit).

Ekki er kveðið á um menntun starfsfólks í skipaefntirliti í lögum eða reglugerðum, utan reglugerðarinnar um hafnarríkiseftirlit, eða í vitaefntirliti. (Munnleg heimild: Birgir Guðjónsson og Páll Hjartarson hjá Siglingastofnun.)

## 14 Sjúkraflutningamenn

Sjúkraflutningar heyra undir heilbrigðisráðherra og hafa talist til heilbrigðisþjónustu síðan 1983. Frá árinu 1979 til 1996 var námið skipulagt í samvinnu Borgarspítala [nú Landsspítalans Fossvogi], Slökkviliðs Reykjavíkur og Rauða kross Íslands. Sjúkraflutningaskólinn hefur séð um menntun sjúkraflutningamanna frá árinu 1996. Skólinn hefur umsjón með og heldur námskeið fyrir sjúkraflutningamenn og aðra þá er tengjast sjúkraflutningum. (Rauði kross Íslands, 1999.) Samstarfssamningur um formlegt samstarf um menntunarmál sjúkraflutningamanna var undirritaður árið 1996 milli Rauða kross Íslands, Sjúkrahúss Reykjavíkur [nú Landsspítalans Fossvogi], Slökkviliðsins í Reykjavík [nú Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins] og Landsambands sjúkraflutningamanna [nú Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna]. Fulltrúar þessara aðila sitja í stjórn skólans.

Markmið skólans er að hafa umsjón með og halda námskeið fyrir sjúkraflutningamenn og aðra þá er tengjast sjúkraflutningum á faglegan og árangursríkan hátt. Unnið er eftir námsskrá sem hefur hlotið viðurkenningu bandaríska samgönguráðuneytisins í námskeiðum fyrir sjúkraflutningamenn (EMT-B) og neyðarflutningamenn (EMT-I). (Rauði kross Íslands, 2000.)

Í reglugerð nr. 503/1986 um sjúkraflutninga kemur m.a. fram að á vegum landlæknis starfi sjúkraflutningaráð sem er til ráðuneytis um allt er varðar sjúkraflutninga, framkvæmdir, úttektir og hefur eftirlit með sjúkraflutningum hér á landi.

Á Íslandi eru 60 sjúkrabílar. Í Reykjavík eru 10 sjúkrabílar. Tveir sjúkraflutningamenn eru í hverjum sjúkrabíl. Í sumum neyðartilfellum kemur einnig læknir á vettvang en læknar eru á sólarhringsvöktum í Reykjavík.

### 14.1 Störf

Sjúkraflutningamenn stunda skipulagða sjúkraflutninga, starfa á eigin ábyrgð og eru í starfi sínu háðir faglegu eftirliti landlæknis skv. reglugerð nr. 504/1986 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna. Sjúkraflutningamenn vinna í samstarfi við Neyðarlínu, slökkvilið, lögreglu og heilbrigðisstarfsfólk.

Störfum sjúkraflutningamanna má skipta í þrjá meginflokka. Það eru almennir sjúkraflutningamenn, neyðarflutningar og forvarnir.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem SBÖL kemst næst má reikna með að um 460 manns sinni sjúkraflutningum á landinu. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er áætlað skv. félagaskrá að um 419 manns starfi við sjúkraflutninga á landinu í september 2000, sjá töflu 8. Við bætast um 40 manns frá slökkviliðinu á Ísafirði, slökkviliðinu á Sauðárkróki, lögreglunni á Selfossi og lögreglunni í Vestmannaeyjum sem eru ekki í Landssambandinu.

**Tafla 8. Áætlaður fjöldi sjúkraflutningamanna í Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í september 2000.**

	<b>Fjöldi</b>
<i>Samtals</i>	<b>479</b>
<b>Í aðalstarfi</b>	<b>305</b>
Höfuðborgarsvæði	140
Landsbyggðin	51
Akureyrarflugvöllur	4
Keflavíkflugvöllur	110
<b>Í hlutastarfi á landsbyggðinni</b>	<b>174</b>
Heilsugæslustöðvar	134
Lögreglan	40

Heimild: Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í september 2000. Að auki starfa um 40 manns við sjúkraflutninga á Ísafirði, Sauðárkróki, Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt viðtali við Guðmund Vigni Óskarsson hjá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sinna slökkviliðsmenn um 80% sjúkraflutninga í landinu.

## **14.2 Menntun**

Sjúkraflutningaskólinn sér um menntun sjúkraflutningamanna hér á landi. Til að starfa sem sjúkraflutningamaður þarf viðkomandi að hafa lokið grunnnámi sjúkraflutningamanna „EMT-B“, hafa löggildingu um starfsleyfi frá heilbrigðisráðuneytinu og Meirapróf.

Kostnaður vegna námskeiða er greiddur af rekstraraðilum sjúkraflutninga, svo sem heilsugæslustöðvum, slökkviliði eða lögreglu, en einnig hafa deildir Rauða kross Íslands styrkt sjúkraflutningamenn til náms. (Munnleg heimild: Svanhildur Þengilsdóttir, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans.)

### **Inntökuskilyrði:**

Til að hefja nám í sjúkraflutningum þurfa nemendur m.a. að uppfylla eftirfarandi inntökuskilyrði:

- hafa lokið 60 einingum í framhaldsskóla,
- hafa innan við tveggja ára gamalt skírteini í skyndihjálpi,
- æskilegt er að hafa lokið leigubílahluta Meiraprófs, sem er skilyrði þess að fá leyfi til að starfa sem sjúkraflutningamaður,
- forgang hafa þeir sem starfa við sjúkraflutninga hjá viðurkenndum rekstraraðila eða hafa náin afskipti af þeim.

Inntökuskilyrði eru á endurmenntunarnámskeið á vegum Sjúkraflutningaskólans (Rauði kross Íslands, 1999). Nemendur þurfa að hafa lokið grunnnámi og hafa öðlast starfsréttindi. Fyrir neyðarflutninganámið þarf einnig að hafa lokið grunnnámi (almennu sjúkraflutninganámskeiði) og öðlast starfsréttindi, en auk þess þurfa nemendur að gangast undir inntökupróf sem unnið er upp úr grunnefni sjúkraflutningamanna. Krafist er 30% árangurs og að hafa starfað við sjúkraflutninga í 36 mánuði

### **Námið:**

Í tillögum að námsskrá í sjúkraflutningum (Sjúkraflutningaráð Landlæknis, 1999) kemur fram að markmiðið með skipulagðri kennslu í sjúkraflutningum er að bæta menntun og þjónustu og jafnframt að gera hana sambærilega við það sem best gerist annars staðar. Með því verði sjúklingum best þjónað og þannig verði sjúkraflutningamönnum einnig gert kleift að öðlast viðurkenningu á starfi sínu og menntun erlendis og jafnvel starfsréttindi.

Námið hérlendis byggjast á viðurkenndum bandarískum EMT staðli (Emergency Medical Technician) og er „EMT-Basic“ byrjunarviðurkenning eftir grunnnámið (almennt sjúkraflutninganámskeið) en um aðrar viðurkenningar getur verið að ræða svo sem „EMT-Intermediate“ (neyðarflutninganám) og „EMT-Paramedic“.

Námi í sjúkraflutningum, lengd þess og innihaldi er í meginatriðum hægt að lýsa eftirfarandi:

- *Grunnnám sjúkraflutninga „EMT-B“ (almennt sjúkraflutninganámskeið)* tekur 110 klst. eða 3 vikur. Námið skiptist í sjö hluta: Undirbúningur; Öndunarvegur; Skoðun og mat; Bráðavandamál tengd sjúkdómum, geðræn vandamál; Fæðingar og kvensjúkdómafræði; Áverkar; Ungbörn og börn; Framkvæmd sjúkraflutninga. (Rauði kross Íslands, 1999).
- *Framhaldsnám - Neyðarflutninganám „EMT-I“ (Neyðarflutninganámskeið)* tekur 317 klst. og skiptist í þrjú hluta. Fyrsti hluti er 112 klst. bókleg kennsla. Annar hluti er 80 klst. verkleg kennsla og þriðji hluti er 125 klst. starfsþjálfun á slysideild, hjartadeild sjúkrahúsa og í sjúkrabíl Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Námið skiptist í: Undirbúningur; Öndunarvegur; Skoðun og mat; Áverkar; Lyfjafræði; Uppsetning æðaleggja Sérhæfð endurlífgun; Sjúkdómar; Ýmislegt sem eru: bráð vandamál tengd meðgöngu/fæðingu, endurlífgun nýbura, ung börn og aldraðir. (Rauði kross Íslands, 1999.)
- *Framhaldsnám „EMT-Paramedic“* tekur um eitt ár og hafa sjúkraflutningamenn hér á landi stundað námið hjá Center for Emergency Medicine í Bandaríkjunum.
- *Leiðbeinendanámskeið* eru þrenns konar. Í þeim er farið yfir kennslufræði og uppbyggingu hvers námskeiðs fyrir sig. Leiðbeinendanámskeið EMT-B tekur viku eða 40 klst., leiðbeinendanámskeið BTLs tekur 16 klst., og leiðbeinendanámskeið ACLS tekur 8 klst. (Munnleg heimild: Svanhildur Þengilsdóttir, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans.)

Sums staðar á landsbyggðinni er menntun sjúkraflutningamanna ábótavant. Nokkuð er um að þeir séu í ihlaupavinnu og dæmi eru um að þeir hefji störf án þess að hafa lokið grunnnáminu. (Munnleg heimild: Rúnar Helgason, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður og leiðbeinandi í Sjúkraflutningaskólanum.)

Í töflu 9 kemur fram fjöldi þeirra sem hafa útskrifast frá Sjúkraflutningaskólanum eftir því hvar þeir eru eða hafa verið starfandi á landinu. Frá árinu 1979 til 1996 var grunnnámið (EMT-B) skipulagt í samvinnu Borgarspítala [nú Landsspítalans Fossvogi], Slökkviliðsins og Rauða kross Íslands.

**Tafla 9. Þátttaka sjúkraflutningamanna í námskeiðum eftir landssvæðum, árin 1996 til 2000 hjá Sjúkraflutningaskólanum.**

	Alls	EMT-B*	EMT-I	EMT-leiðb.	BTLS-leiðb.	ACLS-leiðb.
<i>Alls</i>	<i>646</i>	<i>532</i>	<i>42</i>	<i>33</i>	<i>8</i>	<i>31</i>
Höfuðborgarsvæði	282	196	24	28	8	26
Suðurnes	86	73	10	2	---	1
Vesturland	35	35	---	---	---	---
Vestfirðir	22	21	1	---	---	---
Norðurland	104	90	7	3	---	4
Austurland	61	61	---	---	---	---
Suðurland	56	56	---	---	---	---

Heimild: Sjúkraflutningaskólinn í nóvember 2000. \* fjöldi frá 1979

Frá árinu 1996 hefur Sjúkraflutningaskólinn haldið 11 almenn sjúkraflutninganámskeið (grunnnám) og hafa um 200 manns sótt þau á þessum fjórum árum, en um 18-24 manns sitja hvert námskeið. Samkvæmt viðtali við Svanhildi Þengilsdóttur, skólastjóra Sjúkraflutningaskólans, má búast við að þörf sé á einu til tveimur slíkum námskeiðum á ári í framtíðinni. Fjögur námskeið hafa verið haldin í neyðarflutningum (EMT-I) fyrir sjúkraflutningamenn frá árinu 1996, það er í Reykjavík, á Norðurlandi og á Suðurnesjum.

Framhaldsnáminu „EMT-Paramedic“ hafa sjö sjúkraflutningamenn lokið og munu fjórir bætast við en þeir hófu nám haustið 2000.

#### Námsmat:

Skrifleg og verkleg próf eru haldin til að meta kunnáttu nemenda bæði í grunnnámi og endurmenntunarnámskeiðum og er í flestum tilfellum krafist 70% árangurs. Undantekningar eru þó þar á sem eru eftirfarandi:

- í verklegum hluta neyðarflutninganámsins er krafist 100% árangurs í verklegri endurlífgun,
- í námskeiði um notkun á hálfsjálfvirku hjartastuðtæki er krafist 100% árangurs í verklegum hluta,
- í námskeiðinu sérhæfð endurlífgun er krafist 80% árangurs bæði í verklegu og bóklegu prófi.

## Starfslið:

Sjúkraflutningaskólinn er til húsa hjá Rauða krossi Íslands. Skólinn hefur einn fastan starfsmann í fullu starfi. Það er skólastjórinn sem sinnir daglegum rekstri og skipulagningu í samráði við stjórn skólans. Leiðbeinendur skólans koma sem verktakar úr röðum sjúkraflutningamanna, lækna og hjúkrunarfræðinga.

Stjórn skólans skipa fimm menn. Tveir fulltrúar frá Rauða krossi Íslands og er annar formaður skólastjórnar, einn frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, einn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og einn frá Landsspítalanum Fossvogi sem jafnframt er læknisfræðilegur ráðgjafi skólans.

Leiðbeinendur með réttindi til að kenna grunnnámið eru um 30 talsins á landinu. Eins og fram kemur í töflu 10 hafa 28 manns í Reykjavík lokið leiðbeinendanámskeiði EMT-B, á Suðurnesjum hafa 2 lokið því og á Akureyri 3. 8 manns hafa réttindi til að kenna BTLS eða meðferð, meðhöndlun og flutning slasaðra og um 31 hefur rétt sem leiðbeinandi í ACLS eða sérhæfðri endurlífgun.

## Símenntun:

Sjúkraflutningaskólinn sinnir endur- og símenntun fyrir fólk sem starfar að sjúkraflutningum hér á landi. Þessi námskeið eru mislöng og taka á sérhæfðum þáttum sjúkraflutningastarfsins.

Sjúkraflutningamenn þurfa að taka endurmenntun árlega til að viðhalda þekkingu og hæfni í starfi, bæði þeir sem hafa lokið grunnnámi og einnig þeir sem hafa lokið neyðarflutninganámi.

Í kennsluskrá Sjúkraflutningaskólans fyrir skólaárið 1999-2000 eru námskeiðin frá 6-16 klst. og voru eftirtalin námskeið í boði:

- *Námskeið um hálfsjálfvirkt hjartastuðtæki*, tekur 6 klst. og er ætlað starfandi sjúkraflutningamönnum.
- *Upprífjun EMT-BI*, tekur 16 klst. og er ætlað þeim sem hafa lokið grunnnámi.
- *Upprífjun EMT-B II*, tekur 16 klst. og er ætlað þeim sem hafa lokið grunnnámi.
- *Upprífjun EMT-B III*, tekur 16 klst. og er ætlað þeim sem hafa lokið grunnnámi.
- *Endurmenntunarnámskeið fyrir neyðarflutningamenn*, tekur 8 klst. og er ætlað starfandi sjúkraflutningamönnum sem hafa neyðarflutningsréttindi.
- *Meðferð, meðhöndlun og flutningur slasaðra BTLS*, tekur 16 klst. og er ætlað sjúkraflutningamönnum, læknum, hjúkrunarfræðingum og sérhæfðu björgunar-sveitafólki.
- *Sérhæfð endurlífgun*, tekur 16 klst. og er ætlað læknum, hjúkrunarfræðingum og neyðarflutningamönnum.

Í reglugerð nr. 504/1986 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna segir í 6. gr. að sjúkraflutningamönnum beri að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið. Þetta ber að auðvelda eins og unnt er, m.a. með upprífjunarnámskeiðum og faglegrri og verklegri tilsögn þar sem henni verður við komið.

Í tillögu að námsskrá í sjúkraflutningum á Íslandi (Sjúkraflutningaráð Landlæknis, 1999) kemur fram að þeim sem hafa neyðarflutningsréttindi beri að fara einu sinni á ári á upprifjunarnámskeið til að halda réttindum sínum. Einnig kemur þar fram að sjúkraflutningamenn verði að sitja endurmenntunarnámskeið árlega til að viðhalda þekkingu sinni og hæfni.

#### **Samstarf við aðra fræðsluaðila:**

Nemendur í neyðarflutninganámi fara í starfsþjálfun hjá Landsspítalanum Fossvogi og er það samstarf sem á sér stað milli Sjúkraflutningaskólans og fræðsludeildar Landsspítalans Fossvogi. Starfsfólk frá Landhelgisgæslunni tekur einstök námskeið hjá Sjúkraflutningaskólanum og nemendur fara einnig í starfskynningu þangað. Skólinn sér einnig um námskeið fyrir neyðarsímverði í samstarfi við Neyðarlínuna.

### **14.3 Lög og reglugerðir**

Sjúkraflutningamenn starfa eftir lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta nr. 24/1985.

Samkvæmt reglugerð nr. 504/1986 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna stunda sjúkraflutningamenn skipulagða sjúkraflutninga. Þeir starfa á eigin ábyrgð og eru í starfi sínu háðir faglegu eftirliti landlæknis í samræmi við lög nr. 49/1983 um heilbrigðisþjónustu og ákvæði lækningalaga nr. 80/1969. Um viðurlög vegna brota í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu leyfa gilda ákvæði lækningalaga nr. 80/1969.

Kveðið er á um menntun sjúkraflutningamanna í reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna. Þar kemur fram að rétt til þess að starfa sem sjúkraflutningamaður hér á landi og kalla sig sjúkraflutningamann hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra.

Leyfið er veitt þeim sem hafa menntun á sviði sjúkraflutninga, sem heilbrigðismálaráðuneytið metur gilda. Áður en leyfi er veitt er leitað álits landlæknis og Landssambands sjúkraflutningamanna [nú Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna] um hæfni umsækjenda.

Landlæknir gerir tillögur um nám sjúkraflutningamanna og sendir heilbrigðismálaráðuneytinu til staðfestingar. Í tillögum skal tekið fram um nauðsynlega undirbúningsmenntun sjúkraflutningamanna svo og hvernig kennslu skuli hagað.

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir að menntun sjúkraflutningamanna skuli vera á sviði mannbjörgunar; meðferðar og flutnings sjúkra og slasaðra og akstri sjúkrabifreiða, meðferð þeirra og eftirlits með búnaði. Í 6. gr. er sagt að sjúkraflutningamönnum beri að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið.

Rauði kross Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skrifuðu undir samning 30. september 1996. Þar segir í 2. gr. að Rauði kross Íslands leggi til mannafla og aðstöðu vegna skipulagningar og umsjónar með menntun sjúkraflutninga-

manna og eigi að semja við aðra þá aðila sem að menntun sjúkraflutningamanna þurfa að koma, s.s. sjúkrahús, slökkvilið og heilsugæslustöðvar.

## 15 Slökkviliðsmenn

Slökkviliðið heyrir undir umhverfisráðherra. Brunamálaskólinn sér um menntun slökkviliðsmanna. Hann var stofnaður árið 1994 og er starfræktur sem fræðsludeild innan Brunamálastofnunar ríkisins. Skólanefnd ber ábyrgð á og stýrir skólastarfinu. Hún er skipuð til fjögurra ára í senn og í henni sitja þrjár einstaklingar auk þriggja varamanna sem hafa reynslu í brunamálum skv. reglugerð nr. 195/1994. Skólastjóri sér um daglegan rekstur skólans. Nám fyrir slökkviliðsmenn hefur þó verið hér á landi frá árinu 1970.

Fram kemur á heimasíðu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins að formlega hófst starfsemi slökkviliðs hér á landi árið 1913 með opnun slökkvistöðvar að Tjarnargötu í Reykjavík. Slökkviliðið í Reykjavík sinnir um 1000 brunauátköllum á ári að meðaltali og gegnir fræðslustarfi um eldvarnir. Að auki sinnir slökkviliðið yfir 10 þúsund sjúkraútköllum árlega og rekur neyðarbíl í samstarfi við Landsspítalann Fossvogi.

Um 70 slökkvilið eru á landinu. Á þessu ári sameinuðust slökkviliðin á höfuðborgarsvæðinu og ganga nú undir heitinu Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Innan starfsgreinaráðsins hefur störfum slökkviliðsmanna verið skipt í fjóra meginflokka sem eru eftirfarandi:

- Slökkviliðsmaður I
- Slökkviliðsmaður II
- Slökkviliðsmaður III.T
- Slökkviliðsmaður III.S
- Eldvarnareftirlit

### 15.1 Störf

Til að starfa sem slökkviliðsmaður þarf löggildingu frá umhverfisráðherra og að hafa starfað við brunavarnir að aðalstarfi í eitt ár eða í hlutastarfi í fjögur ár. Að auki þurfa atvinnumenn að ljúka fullnaðarnámi innan fjögurra ára frá því að þeir hófu störf og hlutastarfandi fyrri áfanga grunnnáms innan tveggja ára eða eftir því sem við verður komið. Samkvæmt reglugerð nr. 195/1994 um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna og eru starfsréttindin eftirfarandi:

- *Slökkviliðsmaður I*, eftir að hafa lokið 1. áfanga grunnnáms og námi í reykköfun skv. reglugerð um reykköfun frá 26. júlí 1984 og er þar með hæfur til almennra slökkviliðsstarfa.
- *Slökkviliðsmaður II*, eftir að hafa lokið 2. áfanga grunnnáms.
- *Slökkviliðsmaður III.T*, eftir að hafa lokið fullnaðarnámi á tæknibraut.
- *Slökkviliðsmaður III.S*, eftir að hafa lokið fullnaðarnámi á stjórnunarbraut.
- *Eldvarnareftirlitsmaður*, eftir að hafa lokið fullnaðarnámi í eldvarnareftirliti.

Áætlað er að í heild starfi nú um 1590 slökkviliðsmenn á Íslandi. Um 70 slökkvilið eru á landinu og eru að jafnaði 20 slökkviliðsmenn í hverju þeirra. Árið 2000 voru um

283 slökkviliðsmenn atvinnumenn en aðrir eru skipaðir og er slökkvistarfið aukastarf hjá þeim.

Starfsmenn Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu voru 134 talsins í júní árið 2000, sjá töflu 10. Atvinnumenn voru 127 og hlutastarfandi 7. Á höfuðborgarsvæðinu starfa flestir í Reykjavík.

Í september 2000 er áætlað að um 1.456 slökkviliðsmenn séu á landsbyggðinni. Atvinnumenn voru 156 en skipaðir 1.300.

**Tafla 10. Áætlaður fjöldi slökkviliðsmanna árið 2000.**

	Alls	Atvinnumenn	Skipaðir
<i>Alls</i>	<i>1.590</i>	<i>283</i>	<i>1.307</i>
<b>Höfuðborgarsvæði</b>	<b>134</b>	<b>127</b>	<b>7</b>
Reykjavík	100	100	0
Reykjavíkurflogvöllur	10	10	0
Hafnarfjörður	17	17	0
Kjalarnes	7	0	7
<b>Landsbyggðin</b>	<b>1.456</b>	<b>156</b>	<b>1.300</b>
Suðurnes	192	121	71
Vesturland	195	2	213
Vestfirðir	219	4	215
Norðurland vestra	107	3	104
Norðurland eystra	281	20	261
Austurland	215	4	211
Suðurland	227	2	225

Heimild: Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins í júní 2000 og Brunamálastofnun ríkisins í september 2000; atvinnumenn í slökkviliðum eru almennt í fullu starfi en skipaðir í hlutastarfi.

Á Keflavíkurflogvelli starfa 110 slökkviliðsmenn.

Samkvæmt upplýsingum frá Brunamálastofnun höfðu 178 starfandi slökkviliðsmenn lokið eldvarnareftirlitsnámskeiði, 1135 höfðu lokið slökkviliðsmaður I og 399 slökkviliðsmaður II. Slökkviliðsmaður III stjórnendanámskeið höfðu 331 lokið og 353 tæknibraut. Hér er að hluta til um sama fólkið að ræða. Í boði var sérstakt námskeið fyrir starfandi slökkviliðsmenn til að ljúka tilteknum réttindum sem kveðið er á um í reglugerð, þessu námi höfðu 527 manns lokið (sjá töflu 11).

**Tafla 11. Fjöldi starfandi slökkviliðsmanna eftir menntun í september 2000**

	Alls
Eldvarnareftirlit	178
Slökkviliðsmaður I	1.135
Slökkviliðsmaður II	399
Slökkviliðsmaður III.S	331
Slökkviliðsmaður III.T	353
Réttindanám slökkviliðsmanna skv. reglugerð	527
Framhaldsmenntun erlendis*	100

Heimild: Brunamálastofnun. \*Talan er um það bil 100. Í tölunni eru ekki hlutastarfandi slökkviliðsmenn sem eru í náminu slökkviliðsmaður I fyrir hlutastarfandi.

Slökkviliðsmenn sinna m.a. slökkvi- og björgunarstörfum, s.s. að ráða niðurlögum elds, bjarga fólki og dýrum úr bruna, bregðast við mengunaróhöppum, verja verðmæti gegn eyðileggingu og starfa að eldvarnareftirliti og margvíslegu forvarnarstarfi. (Heimild: efling /starfsmenntaráð; munnleg heimild Guðmundur Haraldsson og Björn Gíslason.)

Í starfi *almenns slökkviliðsmanns* felast að meginhluta eftirtaldir þættir:

- Svarar kalli, fer á brunastað, metur aðstæður og fer inn í byggingu sem brennur í leit að fólki og til slökkvistarfa;
- Rýfur þök til að hleypa út hita, reyk og eiturefnagufum og slekkur eldinn með vatni og eða öðrum slökkviefnum;
- Opnar loft og veggj þar sem glóð getur leynst og stendur vörð eftir að eldur hefur verið slökktur þar til lögregla tekur yfir;
- Stendur vakt, t.d. við löndun á eldfimum efnnum eða á samkomum þar sem eld- eða slyshætta er mikil;
- Sinnir ýmiss konar björgunarstörfum: klippir bílflök eftir árekstra, dælir vatni upp úr kjöllurum, hreinsar upp eiturefni eða eldsneyti sem hefur lekið út í umhverfið;
- Gerir slökkviáætlun fyrir skóla, vistheimili, sjúkrahús eða fyrirtæki þar sem eldhætta er mikil;
- Getur starfað í flugvallarslökkviliði og sér þá einnig um öryggiseftirlit, stendur m.a. vörð við flugbraut, mælir hálfu, fælir burt fugla og fer í eftirlitsferðir um nætur;
- Notar tímann á milli útkalla til viðhalds og þrifa á búnaði, þrekbjálfunar, verklegra og bóklegra æfinga og sjúkraflutninga;
- Hefur samstarf við fólk í heilbrigðisstéttum, lögreglu, starfsmenn Flugmálastjórnar, björgunarsveita, Landhelgisgæslu og Almannavarna;
- Notar m.a. dælu-, körfu- og stigabíla, lausar slökkvidælur, handslökkvitæki og reykköfunarbúnað, auk búnaðar til annarra björgunarstarfa en slökkvistarfa, t.d. bát til björgunar úr sjó og sjóköfun;
- Bregst við mengunaróhöppum;
- Veitir aðstoð við bráðaveika og slasaða.

*Eldvarnareftirlitsmaður* hefur eftirlit með því að farið sé að lögum og reglum um eldvarnir, skoðar teikningar að nýbyggingum og breytingum á eldri byggingum og fylgist með framkvæmdum.

## 15.2 Menntun

Brunamálaskólinn sér um menntun og símenntun slökkviliðsmanna hér á landi og starfar eftir reglugerð nr. 195/1994 um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna. Brunamálaskólinn hefur um 9 milljónir til ráðstöfunar árlega. (Munnleg heimild: Guðmundur Haraldsson.)

Rúmlega 100 starfsmenn hafa sótt framhaldsnám erlendis, m.a. til Svíþjóðar, Finnlands, Bandaríkjana og Þýskalands (Brunamálaskólinn, 2000a). Til að sækja nám erlendis geta slökkvilið sótt um styrk til fræðslusjóðs brunamála sem hefur að jafnaði um 3 milljónir til ráðstöfunar á ári.

**Tafla 12. Fjöldi útskrifaðra slökkviliðsmanna frá Brunamálaskólanum frá árinu 1994.**

	Alls
Eldvarnareftirlit	14
Slökkviliðsmaður I	163
Slökkviliðsmaður II	45
Slökkviliðsmaður III	22
Réttindanám til að uppfylla reglugerð skv. lögum	527

(Heimild: Brunamálaskólinn í október 2000); að auki hafa ýmis námskeið verið tekin.

Nokkrir slökkviliðsmenn hafa einnig lokið sjúkraflutninganáminu, en um 80% sjúkraflutninga í landinu er sinnt af slökkviliðsmönnum.

Brunamálaskólinn hefur verið byggður upp á bandarískum og evrópskum reglum um starfsmenntun slökkviliðsmanna. Skólinn hefur fengið leyfi til nota menntunarkerfi Bandaríkjamanna sem kallast IFSTA kerfi (International Fire Service Training Association). Flestar þjóðir byggja á þessu kerfi með mismiklum breytingum eftir þörfum. (Brunamálaskólinn, 2000a.)

### Inntökuskilyrði:

Grunnnám slökkviliðsmanna er eingöngu ætlað slökkviliðsmönnum og eiga því sömu inntökuskilyrði við í námi og þegar sótt er um starf hjá slökkviliði. Það felst í eftirfarandi (reglugerð nr. 195/1994 um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna):

- að vera á aldrinum 20-28 ára,
- vera reglusamur og háttvís,
- hafa góða líkamsburði, gott andlegt og líkamlegt heilbrigði,
- hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun,
- vera ekki haldnir lofthæðslu eða innilokunarkennd,
- hafa aukin ökuréttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið,
- hafa lokið iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilegri menntun og reynslu.

## Námið:

Skipta má námi slökkviliðsmanna í tvennt. Annars vegar nám fyrir atvinnumenn sem eru þá í fullu starfi hjá viðkomandi slökkviliði og hins vegar starfsmenn í hlutastarfi eða skipaða slökkviliðsmenn sem hægt er að kalla til starfa ef þörf er á.

### *Nám fyrir atvinnumenn er eftirfarandi:*

Nýliðar eiga að fá fjögurra daga fornámskeið í upphafi starfs og reynslutími í starfi að vera fjórir mánuðir. Að þessum tíma loknum er tekin ákvörðun um hvort viðkomandi er ráðinn til starfa eða ekki. Sé hann ráðinn þarf hann að ljúka náminu slökkviliðsmaður I á fyrsta starfsárinu. Að því loknu þarf hann að ljúka slökkviliðsmaður II. Eftir 28 mánaða starfsaldur og eigi síðar en fjórum árum eftir að viðkomandi hefur starf þarf hann að ljúka framhaldsnámi sem er slökkviliðsmaður III og skiptist það nám í tæknibraut og stjórnunarbraut. Skylda er að ljúka tæknibraut en stjórnunarbrautin er val. (Munnleg heimild: Guðmundur Haraldsson.) Einnig er í boði að ljúka eldvarnanámskeiði og fá réttindi til að sinna eldvarnaeftirliti.

### *Nám fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn er eftirfarandi:*

Nýliðar fá tveggja daga fornámskeið og þeir sækja slökkviliðsmaður I á fjórum helgarnámskeiðum sem geta skannað allt upp í fjögur ár ef eitt námskeið er haldið á ári. Hér er almennt um starfsfólk af landsbyggðinni að ræða sem gegnir starfi slökkviliðsmanna í sinni heimabyggð.

Í reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað segir í 6. gr. að Brunamálastofnun ríkisins gengst fyrir *námskeiðum í reykköfun*. Þátttakendur fá viðurkenningarskjal og/eða prófskírteini í lokin og eru slysatryggðir af vinnuveitanda á námskeiðatímabilinu.

Brunamálaskólinn vinnur eftir námsskrá við kennslu á slökkviliðsmaður I, II og eldvarnaeftirlitsmaður. Drög að námsskrá fyrir slökkviliðsmaður III.T liggur fyrir og í undirbúningi er námsskrá yfir námið slökkviliðsmaður III.S en verklegur hluti þess fer fram í Svíþjóð.

## ***Slökkviliðsmaður I - námsskrá fyrir atvinnumenn***

Í námsskrá fyrir atvinnuslökkviliðsmenn, slökkviliðsmaður I, kemur fram að markmið námsins er að veita þátttakendum grunnþekkingu á starfi slökkviliðsmanna og gera þá hæfa til að starfa sem slökkviliðsmenn undir stjórn annarra.

Auk almennra inntökuskilyrða þurfa nemendur að hafa fengið forþjálfun hjá viðkomandi slökkviliði í minnst fjóra daga áður en námið hefst. Námið tekur í heild 114 kennslustundir og lýkur með prófi. Hver tími hér merkir 40 mínútna kennslustund, þannig að námið í heild tekur 76 klst.

Í meginatriðum er farið yfir eftirtalin atriði: Reykköfun (22 tímar); Lög og reglugerðir (2 tímar); Vatnsöflun (12 tímar); Hnútar og bönd (2 tímar); Notkun stiga (4 tímar); Umferðarmál (5 tímar); Slökkviefni/froða (7 tímar); Reyklosun (5 tímar); Hættuleg efni (8 tímar); Björgunartækni (8 tímar); Sérstakar hættur (3 tímar); Eðli elds (4 tímar); Brunarannsóknir (1 tími); Olíueldar (5 tímar); Fyrsta hjálp (3 tímar); Skipulag

og áætlanir (2 tímar); Slökkvikerfi (1 tími); Líkamsbeiting (1 tími); Þróun innanhússbruna (6 tímar); Verðmætavernd (1 tími); Almannavarnir (2 tímar); Fjarskipti, símsvörun (1 tími); Próf tekur 8 tíma.

### ***Slökkviliðsmaður I - námsskrá fyrir hlutastarfandi***

Fyrir hlutastarfandi eða skipaða slökkviliðsmenn gilda sömu skilyrði fyrir inntöku í nám eins og fyrir atvinnumenn og sama markmiðið er með náminu. Það sem er ólíkt er að náminu er skipt upp í fjóra áfanga og eru þeir kenndir yfir eina helgi hver. Gjarnan er þá farið út á land. Í heild tekur námið 133 tíma þar sem hver áfangi tekur 32-34 tíma. Hver tími hér merkir 40 mínútna kennslustund þannig að námið í heild tekur 89 klst.

- *Áfangi A* er 34 tímar, bóklegur hluti er 15 tímar og verklegur hluti 19 tímar. Námið skiptist í: Reykköfun (21 tími); Lög og reglugerðir (2 tímar); Stigar, bönd, hnútar (4 tímar); Verðmætavernd (2 tímar); Próf og yfirferð tekur 5 klst.
- *Áfangi B* er 34 klst, bóklegur hluti er 17 tímar og verklegur hluti 17 tímar. Námið skiptist í: Reykköfun (4 tímar); Slökkviefni/froða (tímar); Reyklosun (tímar); Hættuleg efni (8 tímar); Eðli elds (3 tímar); Olíueldar (2 tímar); Þróun innanhússbruna (6 tímar); Próf og yfirferð tekur 3 tíma.
- *Áfangi C* er 33 tímar, bóklegur hluti er 17 tímar og verklegur hluti 16 tímar. Námið skiptist í: Vatnsöflun (9 tímar); Björgunarbúnaður (8 tímar); Fyrsta hjálp (8 tímar); Verklegar æfingar (4 tímar); Próf og yfirferð tekur 4 tíma.
- *Áfangi D* er 32 tímar, bóklegur hluti er 20 tímar og verklegur hluti 12 tímar. Námið skiptist í: Sérstakar hættur (4 tímar); Staðsetning tækja (1 tími); Byggingar og eldvarnir (2 tímar); Áfallahjálp (2 tímar); Reykköfun (2 tímar); Slökkviáætlanir (4 tímar); Skipulag og áætlanir (2 tímar); Slökkvikerfi (1 tími); Almannavarnir (2 tímar); Verklegar æfingar (9 tímar); Próf og yfirferð tekur 3 tíma.

Nemendur eru á launum hjá því slökkviliði sem þeir starfa hjá á meðan á náminu stendur. Ríkið greiðir kostnað við námskeiðið, s.s. laun og upphald leiðbeinanda, kennsluefni og kennslugögn. Brunmálastofnun leggur endurgjaldslaust til tæki og búnað sem til þarf við kennsluna.

### ***Slökkviliðsmaður II***

Til að hefja námið þurfa þátttakendur að hafa lokið slökkviliðsmaður I. Námið er seinni hluti grunnnáms fyrir atvinnuslökkviliðsmenn og starfsmenn þurfa að hafa lokið því eigi síðar en 24 mánuðum eftir að viðkomandi hóf störf. Markmiðið með náminu er að veita þátttakendum aukna kunnáttu til að starfa sem slökkviliðsmenn.

Þátttakendur eru á launum á meðan á náminu stendur, greitt er upphald og ferðakostnaður af viðkomandi slökkviliði sem þátttakandi er starfandi hjá. Ríkið greiðir kostnað við námskeið, eins og laun og upphald leiðbeinanda, kennsluefni og kennslugögn. Slökkviliðin og Brunamálastofnun leggja endurgjaldslaust til tæki og búnað sem þarf fyrir námskeiðið.

Námið tekur í heild um 61 tíma, bóklegur hluti er 41 tími og verklegur hluti 19 tímar. Hver tími hér merkir 40 mínútna kennslustund þannig að námið í heild tekur 41 klst.

Námið skiptist í eftirtalda þætti; Líkamsþjálfun; Vatnsöflun (14 tímar/8 verkl.); Reykköfun (9 tímar/6 verkl.); Almannaþingarnir (2 tímar); Þróun innanhússelds (2 tímar); Brunahönnun (2 tímar); Bruna- og viðvörðunarkerfi (5 tímar); Eldvarnareftirlit (2 tímar); Slökkvíaætlanir (4 tímar); Fræðsla fyrir almenning (2 tímar); Reyklosun (3 tímar); Verðmætabjörgun (3 tímar); Slökkviefni og froða (4 tímar); Sérstakar hættur (4 tímar/1 verkl.); Hættuleg efni (4 tímar/4 verkl.); Líkamsbeiting (1 tími).

### ***Slökkviliðsmaður III.T - drög að námskrá***

Til að hefja námið þurfa þátttakendur að hafa lokið slökkviliðsmaður II. Námið er fyrri hluti framhaldsnáms fyrir atvinnuslökkviliðsmenn og starfsmenn þurfa að hafa starfað í a.m.k. 28 mánuði í slökkviliði. Markmiðið með náminu er að veita þátttakendum aukna kunnáttu til að starfa sem slökkviliðsmenn. Lögð er sérstök áhersla á öryggismál og notkun hlífðarbúnaðar við störf (Brunamálaskólinn, 2000b). Eftir að hafa lokið námi á tæknibraut með tilskildum árangri hafa almennir slökkviliðsmenn lokið skyldunámi sínu.

Þátttakendur eru á launum á meðan á náminu stendur, greitt er upphald og ferðakostnaður af viðkomandi slökkviliði sem þátttakandi er starfandi hjá. Ríkið greiðir kostnað við námskeið, eins og laun og upphald leiðbeinenda, kennslufni og kennslugögn. Slökkviliðin og Brunamálastofnun leggja endurgjaldslaust til tæki og búnað sem þarf fyrir námskeiðið.

Námið tekur í heild 3 vikur eða um 120 tíma.

Samkvæmt drögum að námsvísi skiptist námið í eftirtalda þætti: Líkamsþjálfun, SLIII (12 klst.); Reykköfun (6 tímar); Vatnsöflun (3 tímar); Skipulag á vettvangi, SLIII (16 tímar); Hættuleg efni, SLIII (12 tímar); Reyklosun, SLIII (3 tímar); Froða, SLIII (5 tímar); Körfu- og stigabifreiðar, lagning bifreiða SLIII (5 tímar); Verklegar æfingar SLIII (24 tímar); Lög og reglur, SLIII (3 tímar); Eldsneytisgeymar (2 tímar); Fyrirbyggjandi (1 tími); Brunahönnun, skoðun teikninga, eldvarnaeftirlit SLIII (8 tímar); Eldvarnaeftirlit (2 tímar).

### ***Slökkviliðsmaður III.S***

Námið er einkum ætlað stjórnendum í slökkviliðum, s.s. slökkviliðsstjórum og varðstjórum atvinnuslökkviliða. (Munnleg heimild: Guðmundur Haraldsson, skólastjóri Brunamálaskólans.)

Nám á tæknibraut er undanfari náms á stjórnunarbraut. Ekki er skylt að ljúka stjórnunarbraut en námið tekur 2 vikur, þar sem bóklegur hluti þess er kenndur hér á landi en verklegi hlutinn, sem tekur eina viku, er kenndur í Svíþjóð. (Munnleg heimild: Rúnar Helgason, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður.)

### ***Eldvarnareftirlitsnám***

Námið er ætlað þeim sem starfa að eldvarnareftirliti sveitarfélaga. Markmiðið er að veita þátttakendum kunnáttu til að starfa við eldvarnareftirlit sveitarfélaga.

Þeir einir hafa leyfi til að sækja námskeiðið sem hafa lokið grunnnámi (slökkviliðsmaður I og slökkviliðsmaður II) og fullnaðarnámi (slökkviliðsmaður III).

Þátttakendur eru á launum og fá greitt upphald og ferðakostnað vegna námskeiðsins hjá því slökkviliði sem þeir vinna hjá. Ríkið leggur til allan kostnað vegna námskeiðsins, svo sem laun og upphald leiðbeinenda, kennsluefni og kennslugögn.

Námið tekur í heild 61 tíma, bóklegur hluti er um 50 tímar og verklegur hluti um 11 tímar. Hver tími hér merkir 40 mínútna kennslustund þannig að námið í heild tekur 41 klst.

Námið skiptist í: Lög og reglugerðir (6 tímar); Byggingareglugerðir (6 tímar); Brunamálstofnun (2 tímar); Teikningar (6 tímar); Brunahönnun (12 tímar); Eldvarnareftirlit (6 tímar); Slökkviáætlanir (4 tímar); Fræðsla almenn (5 tímar); Loftræstikerfi (4 tímar); Erpur, forrit (6 tímar); Verklegar æfingar (10 tímar); Próf tekur 4 tíma.

### **Námsmat:**

Öllu námi lýkur með verklegu og bóklegu prófi og þarf að ná 70% samanlögðum árangri til að standast prófið. Einnig er krafist fullrar mætingar í bóklega námið og verklega starfsþjálfun. Enginn má þreyta sama prófið oft en þrisvar.

### **Starfslið:**

Brunamálaskólinn er starfræktur sem fræðsludeild innan Brunamálstofnunar ríkisins. Meginstarfsemi Brunamálaskólans greinist annars vegar í farskóla og hins vegar í samningsbundna starfsemi skólans innan atvinnuslökkviliðanna.

Skólanefnd Brunamálaskólans ber ábyrgð á skólastarfinu og stýrir því. Hún er skipuð til fjögurra ára í senn og í henni sitja þrír einstaklingar með reynslu af brunamálum og þrír varamenn.

Brunamálstjóri ræður skólastjóra til fjögurra ára í senn. [Í lögum sem taka gildi í janúar 2001 nr. 75/2000 segir að við ráðningu skólastjóra við Brunamálaskólann skuli brunamálstjóri leita eftir tillögum skólaráðs].

Skólastjóri fer með daglegan rekstur skólans í umboði skólanefndar og annast nauðsynlega kynningarstarfsemi. Skólastjóri gerir tillögur að námsvísi og stundaskrá til skólanefndar, vinnur að samningum og endurskoðun á námsefni, hefur kennsluskyldu við skólann og vinnur að gerð starfsáætlunar. Skólastjóri situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt (reglugerð nr. 195/1994 um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna).

Skólastjóri er eini fastráðni starfsmaðurinn við Brunamálaskólann. Aðrir leiðbeinendur eru í flestum tilfellum starfandi slökkviliðsmenn.

## **Símenntun:**

Slökkviliðsmönnum ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið, m.a. með námskeiðum og verklegri þjálfun, þar sem henni verður við komið.

Í reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað segir í 6. gr. að Brunamálastofnun ríkisins gangist fyrir námskeiðum í reykköfun. Skírteini um starfsréttindi í reykköfun verður að endurnýja eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Þá skal leggja fram tilskilin vottorð um heilbrigði og færni, ásamt vottorði frá slökkviliðsstjóra að æfingaskyldu hafi verið fullnægt.

[Í lögnum sem taka gildi í janúar 2001 segir í 38. gr. að Brunamálastofnun sé heimilt að veita þeim sem starfa að brunamálum styrki til náms á sviði brunamála].

## **Samstarf við aðra fræðsluaðila:**

Samstarf er við Lögregluskóla ríkisins sem sér um að kenna um rannsóknir á vettvangi.

## **15.3 Lög og reglugerðir**

Starfað er eftir lögum um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992 og reglugerð nr. 195/1994 um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna og reglugerð nr. 196/1994 um fræðslu og þjálfun í brunavörnum og slökkvistarfi á vegum einkaaðila. Einnig eftir reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað frá 26. júlí 1984 um réttindi til þess að starfa við reykköfun.

Í 8 gr. laga nr. 41/1992 segir að heimilt sé að veita slökkviliðsmanni löggildingu þegar hann hefur lokið grunnnámi fyrir slökkviliðsmenn og jafnframt gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi í að minnsta kosti eitt ár samfellt.

Í reglugerð nr. 195/1994 segir að sérnám slökkviliðsmanna skiptist eftirfarandi:

- Grunnnám, sem skiptist í tvo áfanga (slökkviliðsmaður I og II).
- Fullnaðarnám, sem skiptist í tvær brautir (tæknibraut og stjórnunarbraut).
- Eldvarnareftirlitsnám.
- Framhaldsnám, sem slökkviliðsmönnum skal gefinn kostur á, enda hafi þeir öðlast fullgild starfsréttindi.

Í 9. gr. er kveðið á um grunnnám slökkviliðsmanna, hvað skuli vera kennt og lengd námsins. Þar segir einnig að fyrst þurfi að ljúka fyrri áfanga námsins með fullnægjandi skilyrðum og starfa í fimm mánuði í slökkviliði áður en síðari áfanginn hefst. Í 10. gr. er ákvæði um fullnaðarnámið, hvernig það skiptist, innihald þess og lengd. Í 11. gr. er samskonar yfirlit yfir eldvarnareftirlitsnám.

Kveðið er á um hvernig námsmati skuli háttað. Öllu námi skal ljúka með verklegu og bóklegu prófi og þarf að ná 70% samanlögðum árangri til að standast próf. Nemandi má þreyta próf þrisvar.

Ný lög um brunavarnir nr. 75/2000 taka gildi 1. janúar 2001 og falla þá lög nr. 41/1992 úr gildi. Í 9. grein er kveðið á um Brunamálaskóla. Þar segir að Brunamálastofnun starfræki Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnareftirlitsmönnum. Skólinn skal vera sérstök deild innan stofnunarinnar og annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Brunamálastofnunar. Við ráðningu skólastjóra Brunamálaskólans skal brunamálastjóri leita eftir tillögu skólaráðs.

Einnig er kveðið á um að ráðherra skipi þriggja manna skólaráð til fjögurra ára í senn sem er Brunamálastofnun til ráðgjafar um fagleg og rekstrarleg málefni skólans og ber ábyrgð gagnvart brunamálastjóra á framkvæmd og starfsemi Brunamálaskólans. Skólaráð skal í upphafi árs leggja fyrir brunamálastjóra til samþykktar starfsáætlun fyrir skólann. Samband íslenskra sveitarfélaga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna tilnefna hvort um sig sinn fulltrúa í skólaráð en ráðherra skipar formann.

Í 17. gr. er kveðið á um hæfi og löggildingu slökkviliðsmanna. Þar kemur m.a. fram að þeir þurfi að sækja um löggildingu til starfa sem slökkviliðsmenn og skulu hafa lokið námi fyrir slökkviliðsmenn við Brunamálaskólann eða hlotið sambærilega menntun. Jafnframt skulu þeir hafa gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi að lágmarki í eitt ár samfelld eða starfað í hlutastarfi í slökkviliði að lágmarki í fjögur ár. Umhverfisráðherra veitir löggildingu.

## 16 Tilkynningaskylda

Tilkynningaskylda íslenskra skipa heyrir undir samgönguráðherra. Slysavarnafélagið Landsbjörg rekur Tilkynningaskylduna með styrk frá ríki. Starfsemi Tilkynningaskyldunnar gengur út á öryggiseftirlit með þeim skipum og bátum sem sigla innan íslenskrar lögsögu. Skip og bátar tilkynna brottför úr höfn og komu í höfn að nýju. Að auki eiga bátar að tilkynna sig með reglulegu millibili þegar þeir eru á sjó.

Allt fram á þetta ár voru tilkynningar þessar sendar handvirkt í gegnum talstöð en frá byrjun ársins 2000 var tekið í notkun sjálfvirkt tilkynningakerfi sem sendir upplýsingar á a.m.k. 15 mínútna fresti í tölvukerfi sem vaktað er af starfsmönnum Tilkynningaskyldunnar.

### 16.1 Störf

Alls störfuðu átta manns við Tilkynningaskyldu íslenskra skipa hér á landi á fyrrihluta ársins 2000. Góð enskukunnátta er æskileg, t.d. til að lesa sér til um leiðbeiningar, einnig reynsla af sjómennsku og þekking á ýmis konar fjarskiptabúnaði. Flestir eru starfsmennirnir menntaðir sem stýrimenn eða skipstjórar og hafa langa reynslu af sjómennsku.

Starfsmenn Tilkynningaskyldunnar fylgist með staðsetningu skipa og báta. Þeir fylgjast með nákvæmri staðsetningu þeirra skipa sem hafa til þess gerð tæki á 15 mín. fresti í sjálfvirku tilkynningakerfi. Hvert skip hefur ákveðið fjögurra stafa auðkenni sem byrjar á TF. Um 1500 skip eru í þessu nýja kerfi en daglega eru um 400-600 skip eða bátar á sjó. (Munnleg heimild: Yfirmaður Tilkynningaskyldunnar, Árni Sigurbjörnsson.)

Samkvæmt lögum nr. 40/1977 með síðari breytingum, ber að reka handvirka tilkynningakerfið samhliða því sjálfvirka næstu þrjú árin eða fram til loka ársins 2001. Handvirka tilkynningakerfið byggir á því að skipin tilkynni sig einu sinni til tvisvar á sólarhring og handslegið er í gagnagrunn sú staðsetning sem skipin gefa upp. Gervihnattasendingar fara einnig um það kerfi.

Tilkynningaskyldan hefur ekki leyfi til að kalla upp einstök skip heldur er það í höndum strandstöðva. Ef skip hafa ekki tilkynnt sig geta starfsmenn Tilkynningaskyldunnar hringt í farsíma um borð eða beðið nærliggjandi skip að athuga hvort þau sjái skipið. Eina áminningin sem þeir geta gefið er að senda út og minna skip á að senda inn tilkynningu, séu þeir seinir að tilkynna sig eða eitthvað hefur komið fyrir.

Starfsfólk Tilkynningaskyldunnar þarf að taka ákvörðun um hvort hefja eigi leit að skipi sem ekki hefur tilkynnt sig. Sú ákvörðun er unnin skv. ákveðnu ferli þar sem vaktmaður byrjar á að hringja í skipið eða nálæg skip. Í sjálfvirka kerfinu myndi sjálfvirka tækið hætta að senda tilkynningar í land ef skip lenti í skaða og sykki og þá væri innan klukkustundar farið að grennslast fyrir um skipið og hafin leit og björgun. Yfirmaður Tilkynningaskyldunnar eða aðrir hjá Slysavarnafélaginu eru á bakvakt og vaktmaður hefur samband við þá ef hættuástand skapast.

## **16.2 Menntun**

Núverandi starfsmenn Tilkynningaskyldunnar eru flestir með langa reynslu af sjómennsku og eru menntaðir stýrimenn, skipstjórar eða loftskeytamenn. (Munnleg heimild: Eiríkur Þorbjörnsson.)

Starfsmenn sækja námskeið um ákveðna þætti starfsins en ekki er um skipulagt námsefni að ræða sem sérstaklega er ætlað starfsfólki Tilkynningaskyldunnar. Haldið hefur verið námskeið um nýja sjálfvirka tilkynningakerfið, starfsmenn hafa sótt fjarskiptanámskeið hjá Stýrimannaskólanum, s.s. um GMDSS-kerfið sem er neyðarfjarskiptabúnaður í skipum. Þeim hefur einnig staðið til boða að sækja almenn tölvunámskeið hjá Fjölbrautaskólanum í Ármúla.

Nýráðnir læra almennt af reyndara starfsfólki þar sem þekking á þeim störfum sem sinnt er flytjast mann fram af manni og sér yfirmaður Tilkynningaskyldunnar að mestu um þjálfunina. (Munnleg heimild: Yfirmaður Tilkynningaskyldunnar.)

Í viðtali við yfirmann Tilkynningaskyldunnar kom fram áhugi á frekari námskeiðum fyrir starfsfólk, svo sem um lög og reglur sem þeir þurfa að fylgja eftir. Stefnt er að frekari námskeiðahaldi við flutning á starfseminni frá Grandagarði upp í Gufunes þar sem önnur fjarskipti við skip, og flugvélar, er staðsett á vegum Landssíma Íslands hf. sem er einn af samstarfsaðilum í sjálfvirka tilkynningakerfinu.

## **16.3 Lög og reglugerðir**

Tilkynningaskyldan starfar eftir lögum nr. 40/1977 með síðari breytingum nr. 39/1999 og reglugerð nr. 256/1979 um tilkynningaskyldu íslenska skipa. Þar segir í 8. grein að Slysavarnafélag Íslands [nú Slysavarnafélagið Landsbjörg] fari með yfirstjórn Tilkyningaskyldunnar og eftirlitsmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

Í 3. grein kemur fram að starfsmenn Tilkyningaskyldunnar þurfi að gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi leit og björgun í samráði við alla þá aðila er aðstoð geta veitt við eftirgrennslan, leit og björgun skipa.

Ekki eru ákvæði um menntun starfsfólks við Tilkyningaskylduna í lögnum eða reglugerðinni.

## 17 Tollverðir

Tollskóli ríkisins á að veita tollstarfsmönnum almenna menntun í tollfræðum og sérmenntun í ýmsum greinum á sviði tollheimtu og tollgæslu og sér um símenntun tollvarða hér á landi.

Tollskólinn starfar eftir reglugerð nr. 85/1983 um Tollskóla ríkisins, veitingu í fastar tollstöður o.fl. með síðari breytingum. Í tollalögum nr. 55/1987 með síðari breytingum kemur fram að við embætti Ríkistollstjóra eigi að vera tollskóli. Yfirumsjón skólans er í því höndum Ríkistollstjóra fyrir hönd fjármálaráðuneytisins.

### 17.1 Störf

Í heild störfuðu 166 tollverðir á landinu í júní árið 2000 í 148 stöðugildum (sjá töflu 13). Tollverðir starfa hjá Ríkistollstjóra og tollstjórunum í Reykjavík, Selfossi, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Keflavík og Keflavíkflugvelli. (Munnleg heimild: Jóhann Ólafsson, skólastjóri Tollskólans.)

**Tafla 13. Fjöldi tollvarða í júní árið 2000 eftir landshlutum.**

	Hlutfall af stöðug.	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Alls</i>	<i>100</i>	<i>166</i>	<i>148</i>
Höfuðborgarsvæði	50	84	74
Suðurnes	44	66	66
Vestfirðir	1	1	1
Norðurland eystra	2	4	3
Austurland	1	8	1
Suðurland	2	3	3

Heimild: Ríkisbókhalld í júlí 2000, sumarafleysingafólk er hér meðtalið.

Í töflu 14 sést fjöldi og stöðugildi tollvarða eftir starfsheitum í júní 2000.

**Tafla 14. Fjöldi tollvarða í júní árið 2000 eftir starfsheitum.**

	Hlutfall af stöðug.	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Alls</i>	<i>100</i>	<i>166</i>	<i>148</i>
Aðaldeildarstjórar	3	5	4
Deildarstjórar	14	26	21
Yfirtollverðir	13	20	19
Tollverðir	41	66	61
Nemendur í tollskóla	11	17	16
Án tollskóla eða við afleysingastörf	18	32	27

Heimild: Ríkisbókhalld í júlí 2000, sumarafleysingafólk er hér meðtalið.

Um 41% störfuðu sem almennir tollverðir og um 18% höfðu ekki lokið Tollskólanum eða voru í námi þar. Sjá töflu 14.

Í reglugerð nr. 85/1983 með síðari breytingum kemur fram að umsækjendur um tollstöður við tollendurskoðun eða tollgæslu þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði, auk þess að hafa lokið tollvarðanámi:

- hafa lokið fjölbrautaskóla, menntaskóla eða sérskóla er veiti sambærilega menntun,
- hafa góða kunnáttu í íslensku og ganga undir hæfnispróf í íslensku og vélritun sé þess óskað,
- hafa vald á einhverju Norðurlandamálanna og ensku eða þýsku,
- vera á aldrinum 20-30 ára,
- vera andlega og líkamlega heilbrigðir og gangast undir læknisskoðun trúnaðarlæknis sé þess krafist,
- vera með almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs,
- vera syndir.

Heimilt er að víkja frá einstökum skilyrðum ef sérstakar ástæður mæla með því. Sá sem er ráðinn til starfa þarf að ljúka tollvarðanámi.

## **17.2 Menntun**

Tollskólinn gerir ráð fyrir að hafa um 3 milljónir til ráðstöfunar árið 2000. Nemendur eru á launum á námstímanum hjá viðkomandi tollstjóra. (Munnleg heimild: Karl Garðarsson hjá Ríkistollstjóra.)

Á vorönn 2000 útskrifuðust 15 nemendur frá skólanum en það er eina útskriftin frá árinu 1992 þegar um 15 manns útskrifuðust. Þetta kemur m.a. til af því hve lítið hefur verið um nýráðningar. Miðað er við að að lágmarki séu 14 manns eða að hámarki 18 manns sem þurfi að ljúka tollvarðanámi svo kennsla verði. Fyrirmynd að námi tollvarða er að mestu fengin frá Noregi. (Munnleg heimild: Jóhann Ólafsson, skólastjóri Tollskólans.)

### **Inntökuskilyrði:**

Inntökuskilyrði í Tollskólann er að vera ráðinn til starfa við tollendurskoðun eða tollgæslu. Þetta felur m.a. í sér að hafa lokið framhaldsskólanámi eða sambærilegu námi, hafa gott vald á einu Norðurlandamáli, ensku eða þýsku, vera á aldrinum 20-30 ára, vera andlega og líkamlega heilbrigður, hafa almenn ökuréttindi og vera syndur.

### **Námið:**

Nám í skóla tekur 6 mánuði. Kennt er í 2 mánuði á fyrri önn, síðan fara nemendur í a.m.k. hálf til eins árs starfsþjálfun með hliðsjón af fjölda nemenda hverju sinni. Seinni önn tekur 4 mánuði.

Samkvæmt stundaskrá skólans fyrir síðasta útskriftarárgang stóð fyrri önn frá 2. nóvember til 18. desember 1998 eða í 7 vikur. Síðari önn stóð frá 17. janúar til 5. maí 2000 eða 16 vikur. Samtals eru þetta 755 kennslustundir.

Nám á fyrri önn tók samtals 258 kennslustundir og var farið yfir eftirtalið námsefni: Bráðabirgðaaufgreiðsla með neyðarleyfi (2 tímar); Enska (32 tímar); Hraðflutningar (2 tímar); Kæruskýrslur, sektir, aðkomuskjöl, tollfrjáls farangur (14 tímar); Lög og reglugerðir (16 tímar); Milliríkjasamningar (7 tímar); Tímabundinn innflutningur ATA-CARNET (2 tímar); Tollflokkun/vörufraði (66 tímar); Tollfrelsi, sérreglur (6 tímar); Tollmeðferð bifreiða með tímabundið tollfrelsi (1 tími); Tollmeðferð vöru úr viðgerð og aðvinnslu (1 tími); Tollmeðferð bifreiða (2 tímar); Tollmeðferð verðlausra (1 tími); Tollseðlar notkun/frágangur (1 tími); Tollskýrsla og tollafræðsla í tollkerfi (17 tímar); Tollskýrsla útflutningur (17 tímar); Tollskýrsla innflutningur (25 tímar); Tollverð (7 tímar); Tölvuumhverfið-Tollkerfið (2 tímar); Réttindi og skyldur (2 tímar); Skipulag tollmála (2 tímar); Vinnusiðfræði (4 tímar); Windows/Word/Excel (20 tímar); Starfsemi innheimtumanns ríkisins (2 tímar); Sund (13 tímar); Tollgæslufræði (2 tímar); Útlendingaefirlit (4 tímar); Skólamat nemenda (1 tími).

Nám á seinni önn tók 497 kennslustundir og var farið yfir eftirtalið námsefni: Enska (30 tímar); Farmskrárkerfið, uppfléttingar - leit (3 tímar); Farmskrá - grunnur (1 tími); Farmskrá eftirstöðvalistar (3 tímar); Farmskrá í tollakerfi (1 tími); Farmskrárkerfið, eftirlit-eftirstöðvar (1 tími); Farmskrárkerfið skráning (3 tímar); Farmskrárkerfið, vinnsla í kerfinu (1 tími); Lög og reglugerðir (61 tími); Milliríkjasamningar (12 tímar); Tollflokkun/vörufraði (146 tímar); Tollflokkun/vörufraði, vettvangsferð (2 tímar); Tollkerfið-skjalavinnsla (30 tímar); Tollverð (18 tímar); Vörugjald af ökutækjum (4 tímar); Árangursrík samskipti (2 tímar); Gæðastýrð vinnubrögð við tollgæslu (15 tímar); Internet (8 tímar); Outlook I (5 tímar); Outlook II (6 tímar); Windows/Word/Excel (13 tímar); Einkenni fíkniefnaneytenda (2 tímar); Fíkniefnaleitir (2 tímar); Fíkniefnalöggjöfin (4 tímar); Leitir með hundi (1 tími); Lögreglutök-Leikfimi (26 tímar); Mat á viðbrögðum (2 tímar); Prófun á fíkniefnum (2 tímar); Rannsóknir og skýrslugerð (24 tímar); Shengen-fræðsla (7 tímar); Skyndihjálp (20 tímar); Sund (13 tímar); Tollgæslufræði (12 tímar); Tæknivinna (2 tímar); Útlit og áhrif fíkniefna (2 tímar); Lokaverkefni með Lögregluskólanum (10 tímar); Undirbúningur lokaverkefnis (3 tímar).

Sumarafleysingafólk fær tvisvar sinnum tveggja daga námskeið hjá Tollskólanum þar sem farið er yfir meginstörf tollvarða.

### **Námsmat:**

Nemendur eru prófaðir í námsgreinunum og einkunnar gefnar í heilum tölum frá 1-10. Til að standast próf þurfa nemendur að fá einkunnina 5 hið minnsta í hverri grein. Nái nemandi ekki tilskildum lágmarksárangri fellur ráðning hans sjálfkrafa úr gildi. Hægt er að sækja um að taka upp þau próf sem nemandi stóðst ekki til yfirstjórnar skólans í samráði við viðkomandi vinnuveitanda. Vilji nemendur sem hafa ekki staðist próf, ekki una mati kennara geta þeir snúið sér til skólanefndar. Skólanefndin í samráði við forstöðumann Tollskólans skipar prófdómara í hverju tilviki.

### **Starfslið:**

Einn fastur starfsmaður starfar við Tollskólann og er hann forstöðumaður skólans. Leiðbeinendur eru síðan verktakar eða eru á tímakaupi, sem er meginreglan. Rúmlega 20 manns koma að kennslu á hverri önn. (Munnleg heimild: Jóhann Ólafsson.)

Yfirumsjón með starfsemi Tollskólans hefur skólanefnd sem skipuð er starfsmanni fjármálaráðuneytisins tilnefndum af fjármálaráðherra og Ríkistollstjóra. Starfsmaður fjármálaráðuneytisins er formaður skólanefndar.

### **Símenntun:**

Heimilt er að starfrækja framhaldsdeild við Tollskólann en ekki hefur verið farið út í það enn sem komið er.

Ýmis námskeið hafa verið haldin fyrir starfsfólk til að kynna því nýjar reglur sem vinna þarf eftir, svo sem um fríverslunarsamninga vegna EES.

Starfsmenn hafa einnig farið til Norðurlandanna í starfsþjálfun og kynnisferðir. Árið 2000 fóru t.d. 5-6 starfsmenn til að kynna sér fíkniefnaeftirlit.

### **Samvinna við aðra fræðsluaðila:**

Tollskólinn hefur samstarf við aðra fræðsluaðila um kennslu við skólann. Undanfarið hefur skólinn samið við Lögregluskóla ríkisins sem sér um löggæsluæfingar, Enskuskólinn sér um enskukennsluna og Tölvu- og verkfræðistofan um tölvukennsluna. (Munnleg heimild: Jóhann Ólafsson og Karl Garðarsson.)

Tollskólinn hefur verið með námskeið fyrir viðskiptavinum tollsins þar sem m.a. er kennt um tollskrána og tollskýrslugerð.

## **17.3 Lög og reglugerðir**

Tollskóli ríkisins starfar eftir reglugerð nr. 85/1983 um Tollskóla ríkisins, veitingu í fastar tollstöður o.fl. með síðari breytingum.

Í fyrsta kafla er kveðið á um stjórn og skipulag Tollskólans, hvaða námsgreinar á að kenna og framhaldsnám. Í öðrum kafla er kveðið á um veitingu í fastar tollstöður, eins og hvaða skilyrði umsækjendur þurfi að uppfylla.

Samkvæmt reglugerðinni eiga eftirtaldar námsgreinar að vera kenndar á fyrri önn grunnnáms sem miðar að því að veita nemendum nægjanlega undirstöðuþekkingu til þess að þeir geti hafið störf sem nýliðar við tollendurskoðun og tollgæslu:

- Skipan tollheimtu og tolleftirlits.
- Tollalöggjöf og reglur.
- Tollflokkun.
- Vörufræði.

- Gerð aðflutningsskýrslu og útreikningur aðflutningsgjalda.
- Reikningshald, verslunarréttur og milliríkjaviðskipti.
- Tollgæslufræði.
- Tungumál.
- Vélritun og skýrslugerð.
- Löggæsluæfingar.

Að lokinni fyrri önn fara nemendur í a.m.k. 8 mánaða starfsþjálfun. Starfsnámið fer fram undir eftirliti viðkomandi tollstjóra eða yfirmanns sem tilnefndur er af honum. Að lokinni starfsþjálfun á viðkomandi umsjónarmaður að senda skólanefnd skýrslu um starfsnám tollstarfsmannsins.

Í 5. gr. er kveðið á um síðari önn tollvarðanámsins, sem á að standa yfir í fjóra mánuði hið minnsta og á að veita nemendum staðgóða menntun í almennu tollheimtu- og tollgæslustarfi. Eftirtaldar greinar eiga að vera kenndar:

- Skipan tollheimtu og tolleftirlits.
- Tollskylda og tollfrelsi.
- Tollflokkun.
- Vörufræði.
- Aðflutningsskjöl og útreikningur aðflutningsgjalda.
- Reikningshald og verslunarréttur.
- Útflutningur.
- Ýmis lög og reglur.
- Tollgæslufræði.
- Refsiréttur.
- Meðferð opinberra mála.
- Rannsókn brota.
- Sálarfræði.
- Erlend mál.
- Löggæsluæfingar.

Nemendur eru prófaðir í námsgreinunum og einkunnir gefnar í heilum tölum frá 1-10. Til þess að standast próf þarf nemandi að fá einkunnina 5 hið minnsta í hverri grein, í íslensku og í aðaleinkunn þarf nemandi að fá einkunnina 6. Fyrir verklega þjálfun, þ.m.t. starfsþjálfun, má gefa tvær einkunnir, fullnægjandi eða ófullnægjandi.

Nemandi sem hefur fallið á prófi getur snúið sér til skólanefndar sem í samráði við forstöðumann skólans skipar prófdómara í hverju tilviki.

Í 7. gr. reglugerðarinnar segir að tollstarfsmenn skuli eftir því sem við verður komið eiga kost á endurmenntunarnámskeiði innan fimm ára frá því að þeir luku námi við Tollskólann og síðan á a.m.k. 10 ára fresti. Á námskeiðinu á að rifja upp námsefni grunnnámsins og kynna lagabreytingar og nýjungar sem snerta störf tollstarfsmanna.

Í 8. gr. segir að Tollskólanum sé heimilt að starfrækja framhaldsdeild sem miði að því að gera nemendur hæfa yfirmenn í tollheimtu- og tollgæslustörfum. Þar segir jafnframt að miða skuli við að yfirmenn verði ekki skipaðir nema þeir hafi lokið framhaldsdeildarprófi.

Í 11. gr. segir að við Tollskólann eigi a.m.k. einn yfirkennari að vera í fullu starfi. Hann á að sinna almennri kennslu, hafa umsjón með öflun námsefnis og skipulagningu skólastarfsins undir stjórn forstöðumanns skólans. Yfirkennari getur jafnframt gegnt öðrum störfum við embættið.

Í 12. gr. segir að skólanefnd sé heimilt í samráði við viðkomandi skólayfirvöld að láta kennslu og próf í einstökum námsgreinum fara fram í almennum skólum og sérskólum skólakerfisins.

Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum teljast tollverðir vera embættismenn.

Ríkistollstjóri, tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu skv. lögreglulögum nr. 90/1996.

## 18 Vinnueftirlitið

Vinnueftirlitið heyrir undir félagsmálaráðherra. Á heimasíðu Vinnueftirlitsins kemur fram að markmið stofnunarinnar sé að stuðla að fækkun slysa, atvinnutengdra sjúkdóma og góðri líðan starfsmanna á vinnustað. Í bæklingi sem Vinnueftirlitið gaf út til að kynna starfseminu kemur fram að helstu verkefni stofnunarinnar eru: eftirlit; ráðgjöf; fræðsla og útgáfa; rannsóknir á atvinnusjúkdómum; rannsóknir á félagssálfærum áhættuþáttum; úttekt, mælingar og prófanir; og umsagnir og viðurkenningar.

Í lok árs 1999 voru 12.131 fyrirtæki skráð hjá Vinnueftirlitinu. Útköll vegna slysa og óhappa voru 282 en fyrirtækjaheimsóknir voru samtals 5.293. Fyrirmæli og ábendingar til fyrirtækja voru samtals 7.120 árið 1999, þar af voru 3.610 vegna þess að bæta þurfti öryggi á viðkomandi vinnustöðum, 1.914 þar sem bæta þurfti hollustuhætti og 875 þar sem bæta þurfti aðbúnað. 1.101 vinnuslys var tilkynnt til Vinnueftirlitsins á árinu 1999, þar af létust sex manns. (Ársskýrsla Vinnueftirlits ríkisins 1999.)

### 18.1 Störf

Á heimasíðu Vinnueftirlitsins kemur fram að meginhlutverk eftirlitsdeildarinnar er m.a. að hafa faglega umsjón með framkvæmd eftirlits með ákvæðum laga nr. 46/1980. Nota þarf bestu aðferðir sem þekktar eru hverju sinni við eftirlitið til að fyrirbyggja vinnuslys, atvinnusjúkdóma og bæta aðbúnað á vinnustöðum. Eftirlitsdeildinni ber að samræma kröfur sem gerðar eru til vinnustaða um land allt. Verkefni eftirlitsdeildarinnar eru nánar skilgreind á heimasíðunni, en eitt af þeim er að hafa umsjón með þjálfun nýrra eftirlitsmanna og skipuleggja og framkvæma símenntun eftirlitsmanna.

Eftirlit fer fram samkvæmt verklags- og vinnureglum og samkvæmt dreifibréfum til eftirlitsmanna. Verklags- og vinnureglur eru í þróun í tengslum við nýja eftirlitsaðferð sem verður tekin í notkun á næstu misserum. Hjá Vinnueftirlitinu er haldin skrá yfir fyrirtæki, starfsemi þeirra og starfsstöðvar. Tíðni skoðana á vinnustöðum ræðst samkvæmt núverandi kerfi af þeirri áhættu sem viðkomandi starfsemi flokkast undir. Þeir vinnustaðir sem flokkast í fyrsta flokk eru skoðaðir árlega, eða 2.527 vinnustaðir á skrá Vinnueftirlitsins í lok ársins 1999, 2.153 vinnustaðir voru í öðrum flokki og eru skoðaðir annað hvort ár, 1.620 vinnustaðir voru í þriðja flokki og eru þeir skoðaðir fjórða hvert ár og í fjórða flokki voru 5.831 vinnustaðir sem eru skoðaðir óreglubundið. (Ársskýrsla Vinnueftirlits ríkisins 1999.)

Hlutverk eftirlitsmanna í fyrirtækjaeftirliti er að fylgjast með aðbúnaði, hollustu-háttum og öryggi starfsmanna, s.s. vinnurými, starfsmannaaðstöðu, hávaða, birtu, innilofti, meðferð efna, mengun á vinnustöðum, aðstæðum m.t.t. líkamsbeitingar, öryggisbúnaði véla og tækja og hlífðarbúnaði. Vinnueftirlitsmenn gefa fyrirtækjum einnig fyrirmæli um innra starf eins og skipun öryggisvarða eða kosningu öryggis-trúnaðarmanna. (Ársskýrsla Vinnueftirlits ríkisins 1999.)

Hjá Vinnueftirlitnu störfuðu í allt 65 manns í 61 stöðugildi í lok árs 1999, þar af störfuðu 23 utan höfuðborgarsvæðisins. (Ársskýrsla Vinnueftirlits ríkisins 1999.) Landinu er skipt í 8 umdæmi sem sinna eftirliti á viðkomandi svæði. Skrifstofur utan höfuðborgarsvæðisins eru á Akranesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Hveragerði sem er með útibú líka í Vestmannaeyjum og Reykjanesbæ.

Alls störfuðu 15 manns í 14,5 stöðugildum í fyrirtækjaeftirliti í júlí 2000 (sjá töflu 15). Í Reykjavík er sólarhringsvakt þar sem eftirlitsmenn er kvaddir til ef slys verður á vinnustöðum og sinna þeir þá rannsókn á orsökum slyssins, svo sem hvort öryggisbúnaður á viðkomandi vinnustað sé eins og reglur kveða á um. Í Reykjavík störfuðu sex manns í fyrirtækjaeftirliti og sjö manns í farandvinnuvéladeild, sem sinnir eftirliti með farandvinnuvélum. Eftirlitsmenn á landsbyggðinni sinna að jafnaði bæði fyrirtækjaeftirliti og farandvinnuvélaeftirliti.

Umdæmisstjórar eru átta talsins. Tveir eru vélfræðingar, fjórir tæknifræðingar og tveir hafa iðnmenntun. Í framtíðinni er stefnt að því að umdæmisstjórar hafi tæknifræðimenntun eða sambærilega menntun. Menntun eftirlitsmanna í vinnueftirliti er í flestum tilfellum á tæknisviði en einn starfsmaður er af heilbrigðissviði. Í heild hafa fjórir lokið námi á háskólastigi en aðrir hafa lokið sveinsprófi eða hafa iðnmeistararéttindi.

**Tafla 15. Fjöldi eftirlitsmanna hjá Vinnueftirlitinu í júlí 2000, eftir landssvæðum.**

	Hlutfall	Alls	Fjöldi í fyrirtækjaeftirliti	Fjöldi í farandvinnu-vélaeftirliti
<i>Alls</i>	<i>100</i>	<i>29</i>	<i>14,5</i>	<i>14,5</i>
Höfuðborgarsvæði	45	13	6	7
Suðurnes	7	2	1	1
Vesturland	7	2	1	1
Vestfirðir	3	1	0,5	0,5
Norðurland vestra	7	2	1	1
Norðurland eystra	14	4	2	2
Austurland	7	2	1	1
Suðurland	10	3	2	1

Munnleg heimild: Þórunn Sveinsdóttir og Ólafur Hauksson hjá Vinnueftirliti ríkisins.

## 18.2 Menntun

Menntun vinnueftirlitsmanna fer fram hjá Vinnueftirliti ríkisins og er fyrst og fremst í höndum sérfræðinga hjá stofnunni. Einnig eru fengnir sérfræðingar annars staðar frá til að fjalla um sérhæfða þætti. (Munnleg heimild: Þórunn Sveinsdóttir og Ólafur Hauksson.)

### **Námið:**

Nýráðnir vinnueftirlitsmenn byrja á því að fara í gegnum 36-37 daga nýliðaþjálfun þar sem þeim eru kynnt starfsemin. Að lokinni nýliðaþjálfuninni tekur við grunnmenntun.

Umfang og innihald grunnmenntunar var endurskoðað árið 1993. Námskeiðin telja samtals 891 kennslustund eða um 22 vikur. Farið er í meginatriðum yfir eftirfarandi: Stjórnun og rekstur (124 klst.); Kennslufræði (32 klst.); Vinnuvistfræði (174 klst.); Vinnuslys og slysavarnir (103 klst.); Framkvæmd eftirlitsstarfsins (152 klst.); Sérnámskeið (216 klst.); Önnur námskeið (90 klst.). Vegna lítillar nýliðunar meðal eftirlitsmanna nær námið yfir nokkuð langt árabíl. Til að leysa þann vanda er unnið að því að taka upp fjarnám. (Heimild: Þórunn Sveinsdóttir hjá Vinnueftirliti ríkisins.)

### **Starfslið:**

Nám fyrir vinnueftirlitsmenn er fyrst og fremst í höndum sérfræðinga hjá stofnuninni, en einnig eru fengnir sérfræðingar annars staðar frá til að fjalla um sérhæfða þætti.

### **Símenntun:**

Að jafnaði hafa verið haldin tvö námskeið á ári fyrir eftirlitsmenn í fyrirtækjaeftirliti, alls u.þ.b. 8-10 dagar á ári. Í framtíðinni er stefnt að því að hafa námskeiðin fleiri og styttri. Að auki sækja eftirlitsmenn námskeið hjá öðrum fræðslustofnunum, s.s. Iðntæknistofnun og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. (Munnleg heimild: Þórunn Sveinsdóttir hjá Vinnueftirliti ríkisins.)

Eftirlitsmenn hafa farið í starfsþjálfun hjá systurstofnunum á Norðurlöndum. Annað hvort ár er haldin sameiginleg ráðstefna allra norrænu vinnueftirlitanna og er þá fjallað um vinnuverndarmál sem eru efst á baugi hverju sinni. Í ákveðnum tilvikum sækja eftirlitsmenn ráðstefnur og námskeið erlendis.

## **18.3 Lög og reglugerðir**

Vinnueftirlit ríkisins starfar að meginhluta til eftir lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Samkvæmt lögunum er Vinnueftirlit ríkisins sjálfstæð stofnun. Félagsmálaráðherra fer með mál stofnunarinnar og skipar í stjórn stofnunarinnar níu stjórnarmenn, tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands (3), Vinnuveitendasambandi Íslands (2), Vinnumálasambandi Íslands (1), Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (1), Sambandi íslenskra sveitarfélaga (1) og einn stjórnarmann án tilnefningar.

Fram kemur í 78. gr. laganna nr. 46/1980 hvaða verkefni Vinnueftirlitið hefur, en þau eru eftirfarandi:

- leiðbeina fyrirtækjum, öryggisnefndum, öryggisnefndum sérgreina, aðilum vinnu- markaðarins og opinberum aðilum um mál er varða starfsumhverfi,
- aðstoða félagsmálaráðuneytið við undirbúning á reglugerðum í samræmi við lög nr. 46/1980,
- gefa út reglur og leiðbeiningar í samræmi við lög nr. 46/1980,

- afla og viðhalda þekkingu um félagslega og tæknilega þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
- veita, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum og varnir gegn þeim, svo og um nýja tækni og þekkingu, sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
- sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, sem ætla má, að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu. Vinnueftirlitið skal m.a. á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga eiga frumkvæði að því að rannsóknir verði framkvæmdar af viðeigandi stofnunum á hinum ýmsu tegundum atvinnusjúkdóma, svo og fylgjast með að aðgerðir séu viðhafðar til varnar gegn og lækningar á þeim,
- fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði, tækni- og tækjabúnað og fleira. Einnig um notkun efna, þegar í lögum eða reglugerðum er mælt svo fyrir, að leyfi Vinnueftirlitsins þurfi til,
- hafa eftirlit með og sjá um, að lögnum og þeim reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, sé framfylgt.

Í lögnum er einnig kveðið á um hvernig vinnueftirliti eigi að vera háttáð. Í 81. gr. segir m.a. að komi fyrir eitrun eða slys á vinnustað, skuli atvinnurekandi eða fulltrúi hans á vinnustað tilkynna það lögreglustjóra og Vinnueftirliti ríkisins eigi síðar en innan sólarhrings. Vinnueftirlitið á að sjá um að framkvæma rannsókn á orsökum eitrana og slysa, sem því berst vitneskja um, til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Í 82. gr. segir að öllum starfsmönnum Vinnueftirlitsins eigi að vera heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað sem lögin taka til. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga varðandi eftirlitið af atvinnurekanda og sérhverjum starfsmanni sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði. Þeim er einnig heimilt að skoða skjöl og skilríki sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt lögum. Starfsfólk er bundið þagnarheiti.

## 19 Öryggisþjónusta

Öryggisþjónustu er skipt í sjö meginstarfsgreinar innan SBÖL. Það eru dyraverðir, húsverðir, laugarverðir, lífverðir, skipavaktmenn, veggangaverðir og öryggisverðir. Í öllum þessum störfum felst öryggisþjónusta þó í mismiklum mæli sé.

- Dyraverðir
- Húsverðir
- Laugarverðir
- Lífverðir
- Skipavaktmenn
- Veggangaverðir
- Öryggisverðir

### 19.1 Dyraverðir

Dyraverðir eins og nafnið gefur til kynna standa vakt við innganga, svo sem á hótelum, veitingahúsum og víðar.

Lögreglan í Reykjavík hefur eftirlit með dyravörðum sem starfa á veitingahúsum. Veitingahúsin senda lögreglu lista yfir starfandi dyraverði hverju sinni, lögreglan fer yfir þennan lista, skoðar brotaferil dyravardanna og gefur samþykki sitt fyrir því hverjir hafa leyfi til að starfa og hverjir ekki. (Munnleg heimild: Jónas Hallsson hjá lögreglunni í Reykjavík.)

Hótel- og matvælastólur Menntaskólans í Kópavogi hefur haldið 24 klst. námskeið fyrir dyraverði á hótelum og veitingahúsum og þeim sem eru fullgildir meðlimir í félagi Félags starfsfólks í veitingahúsum, hjá Sókn eða D&F. Þessi námskeið eru metin til einnar einingar í framhaldsskóla. Vandamál hefur verið með að þátttaka á þessi námskeið hefur verið dræm og því óvíst um framhaldið.

Ætlast er til að þátttakendur hafi öðlast einhverja reynslu sem dyraverðir og séu orðnir 18 ára. Á þessum námskeiðum er farið yfir eftirtalin atriði skv. upplýsingum sem SBÖL hefur frá Eflingu stéttarfélagi:

- Brunavarnir og meðferð slökkvitækja, 3 tímar.
- Skyndihjálparnámskeið, 16 tímar.
- Mannleg samskipti og þjónusta, 3 tímar.
- Samskipti við lögreglu og vímuefni, 3 tímar.
- Lög og reglugerðir er varða áfengislögin og mál þeim tengdum, bætt samskipti og hótanir um sprengjur, 3 tímar.

Krafist er 100% mætingar. Að loknu námskeiði fá þátttakendur dyravardaskírteini og skírteini frá Rauða krossi Íslands sem staðfestingu á því að hafa lokið 16 tíma skyndihjálparnámskeiði.

Engin lög eru til sem kveða á um menntun dyravarða. Í áfengislögum nr. 75/1998 segir í 18. gr. um meðferð og neyslu áfengis að dyraverðir eigi að láta ungmenni yngri en 18 ára sem koma á vínveitingahús eða sem dveljast þar eftir kl. 20 án samfylgdar foreldra sinna eða maka sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

## 19.2 Húsverðir

Störf húsvarða geta verið mjög mismunandi frá því að sinna léttu viðhaldi í það að sitja í tæknivæddu umhverfi þar sem lýsingu, hitastigi og fleira er stýrt með tölvubúnaði.

Iðntæknistofnun þróaði árið 1989 námsefni fyrir húsverði fasteigna. Nokkrum árum síðar þróaði Fjölbrautaskólinn í Breiðholti námsefnispakka fyrir húsverði í samvinnu við Iðntæknistofnun og fleiri. Námið skiptist í grunnám en síðan var hægt að bæta við valáfanga. (Munnleg heimild: Magnús Ingvason, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.) Hér verður einkum lýst því námi sem Fjölbrautaskólinn í Breiðholti í samvinnu við Iðntæknistofnun þróaði. Hvernig nám fyrir húsverði mun þróast liggur ekki ljóst fyrir á þessari stundu.

### 19.2.1 Störf

Áætla má að um 1.100 til 1.300 húsverðir séu að jafnaði starfandi á landinu. Eins og fram kemur í töflu 16 voru þeir um 1.300 árið 1999, 1.100 árið 1998, 1.100 árið 1997, 1.500 árið 1996 og um 1.700 árið 1995.

**Tafla 16. Fjöldi húsvarða í aðalstarfi og aukastarfi árin 1995-1999.**

	1995	1996	1997	1998	1999
<i>Alls</i>	<i>1.700</i>	<i>1.500</i>	<i>1.100</i>	<i>1.100</i>	<i>1.300</i>
<b>Alls í aðalstarfi</b>	<b>1.400</b>	<b>1.200</b>	<b>900*</b>	<b>1.000</b>	<b>1.200</b>
Fullt starf	1.100	1.000	700	1.000	1.100
Hlutastarf	300*	200*	100*	100*	200*
<b>Alls í aukastarfi</b>	<b>300*</b>	<b>300*</b>	<b>200*</b>	<b>100*</b>	<b>100*</b>

Heimild: Vinnumarkaðskannanir Hagstofu Íslands. \* hlutfallsleg staðalvilla er yfir 20%.

Til að lýsa starfi húsvarða verður hér stuðst við rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur og Valdísar Eyju Pálsdóttur (1997) um færnikröfur starfa hjá umsjónarmönnum bygginga og húsverðum. Í fundargerðum sem SBÖL hefur undir höndum vegna endurskoðunar á námskeiði fyrir húsverði og umsjónarmenn árið 1997 kemur fram að mikilvægt sé að húsverðir búi yfir þroska, víðtækri starfsreynslu og þjónustulipurð.

## Rannsókn á störfum húsvarða:

Gerður G. Óskarsdóttir og Valdís Eyja Pálsdóttir (1997) rannsökuðu færnikröfur starfa hjá umsjónarmönnum bygginga og húsvörðum. Þar er sagt að húsvörður hafi umsjón og eftirlit með almennu ástandi og umgengni í byggingu. Í þessu felast eftirtaldir þættir:

- opnar húsið að morgni og gengur frá að kvöldi, lokar gluggum, slekkur ljós, athugar rafmagnstæki og læsir,
- fylgist með að reglum húsnæðis sé framfylgt, t.d. reglum um umgengni og hávaða,
- fylgist með vatnsnotkun, kyndikerfi og loftræstikerfi byggingar, les af mælum og athugar stöðu í tölvu,
- sér um að lýsing og hiti húsnæðis sé fullnægjandi og leitast við að ná fram sparnaði í rekstri hússins með því að sjá til þess að ljós séu slökkt, hitastig í jafnvægi o.s.frv.,
- lítur eftir og tekur þátt í einföldum viðgerðum og viðhaldi, s.s. að skipta um perur og öryggi þegar við á,
- kallar til iðnaðarmenn vegna stærri viðgerða á húsnæðinu í samráði við yfirmann,
- kemur með ábendingar til yfirmanna um innréttingar, viðgerðir og nýtingu húsnæðisins,
- kaupir inn vörur sem nauðsynlegar eru til viðhalds, s.s. ljósaperur og krana eða lætur yfirmann vita um skort á þeim,
- sér um að bygging eða einstakar vistarverur séu læstar utan venjulegs opnunartíma,
- hefur umsjón með lyklaútdeilingu til starfsmanna eða íbúa, heldur skrá yfir handhafa lykla og veitir aðgang að læstum geymslum eða hirslum,
- tekur við kvörtunum t.d. um hávaða, hitastig eða ámælisverða umgengni og hefur eftirlit með gæðum ræstingar,

### *í sumum tilfellum:*

- hefur umsjón með daglegum þrifum og meiri háttar hreingerningum, ræður starfsfólk til ræstinga og sér um að hreinlætis- og ræstingavörur séu til staðar,
- sér um uppsetningu á, viðhald og eftirlit með tækjum, s.s. myndvörpum, ljósritunarvélum og myndbandstækjum,
- sér um nýtingu húsnæðis, t.d. útleigu á solum,
- undirbýr fundi, ráðstefnur og ýmiss konar uppákomur, útvegar nauðsynlegan tækjabúnað, sér um lýsingu eða hljóðkerfi, flytur til stóla eða önnur húsgögn og raðar upp eftir þörfum,
- sækir og útdeilir pósti til starfsmanna,
- dregur fána að húni á lögboðnum fánadögum í samráði við yfirmenn,
- sér um snjómokstur frá dyrum og af gangstéttum á vetrum,
- veitir fyrstu hjálp ef slys ber að höndum, einkum í skólum og íþróttahúsum,
- sér um öryggismál byggingar, s.s. lítur eftir þjófavarnarkerfi, fer reglulega yfir slökkvitæki og eldvarnarbúnað og gætir að innihaldi sjúkrakassa.

## 19.2.2 Menntun

Iðntæknistofnun þróaði um 1989-1990 60 klst. námsefni fyrir húsverði fasteigna. Skv. bréfi sem SBÖL hefur undir höndum frá Jóni Jóel Einarssyni til Fjölbrautaskólans í Breiðholti fór það námskeið vel af stað og sóttu um 130 manns það í heild fram til ársins 1994. Í framhaldi af því þróaði Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 130 klst. námsefnispakka fyrir húsverði. Það skiptist í fimm 26 klst. námskeiðspætti, þar sem litið var á 104 klst. sem grunnnám en síðan var hægt að bæta við sig 26 klst í vali, s.s. um tölvutækni, ræstingar o.fl. Um 25 manns sóttu 104 klst. grunnnámið 1998 en ekkert varð af því að þátttakendur tækju valnámskeiðið. (Munnleg heimild: Magnús Ingvason, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.)

Í fyrrgreindum fundargerðum sem SBÖL hefur undir höndum vegna endurskoðunar á námskeiði fyrir húsverði og umsjónarmenn árið 1997 kom fram að markhópurinn fyrir húsvarðanámskeið væru þeir sem eru með nokkurra ára starfsreynslu og vildu breyta um starfsvettvang. Sá valkostur að búa til námsbraut í húsvörslu í iðnskóla var ekki talinn æskilegur kostur þar sem ólíklegt væri að ungt fólk óskaði eftir að starfa á þessum vettvangi og ólíklegt að húseigendur myndu ráða það til starfa.

Hér verður einkum lýst þessum 130 klst. námskeiðspakka sem þróaður hefur verið af Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Þó er ljóst að nám fyrir húsverði er ekki í föstum skorðum og sem dæmi þá stóð Iðntæknistofnun í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og Securitas hf. fyrir 21 klst. tölvunámskeiði fyrir húsverði. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur áhuga á að bæta 5 klst. við það námsefni þannig að hann hafi yfir að ráða 26 klst. valáfanga sem bætist við grunnnám húsvarða. Hvað verður úr því liggur ekki fyrir á þessari stundu.

Markmiðið með námskeiði fyrir húsverði var að þeir þekktu að námi loknu öll helstu atriði sem lúta að starfi umsjónarmanna fasteigna, lög og reglur sem tengjast fasteignum og starfsfólki sem þar vinnur, geti fært rekstrardagbók og skipulagt fyrirbyggjandi viðhald, annast tilboðsgerð fyrir viðhald og endurnýjun, annast innkaup á rekstrarvörum og öðru sem lýtur að daglegum rekstri. Markmiðið með náminu var einnig að þeir hefðu gott vald á öllum öryggismálum sem varða fasteignina, neyðaráætlunum ef hættu eða slys ber að höndum og hafi gott vald á samskiptum við starfsfólk og viðskiptavinum.

Eins og fyrr hefur komið fram var námið 130 klst. í heild, sem skiptist í grunnnám sem tók 104 klst. og valáfanga sem tók 26 klst. Námið í heild er metið til 10 eininga á framhaldsskólastigi, þar sem grunnnámið er metið til 8 eininga en valáfangi til 2 eininga.

*Grunnnámið samanstóð af eftirfarandi námsefni:*

- Persónuleg uppbygging (26 stundir). Þar var farið í námstækni og skýrslugerð, mannleg samskipti og þjónustu og vinnuvernd og líkamsbeitingu við vinnu;
- Uppbygging húsa og viðhald (26 stundir). Þar var farið í rafkerfi og lýsingu, ytra og innra byrði húsa, lása og lásakerfi, loftræsti- og hitakerfi, hreinlætiskerfi og umhverfismál;

- Rekstur og utanumhald (26 stundir). Þar var farið í rekstur og bókhald, tímastjórnun og dagbækur, samskipti við verktaka og eftirlit með framkvæmdum, lög og reglugerðir og vinnumarkaðinn, starfsmat og starfslýsingar;
- Öryggismál (26 stundir). Þar var farið í tryggingar, bruna- og vatnsvarnir og skyndihjálp.

*Valáfangar* áttu að taka 26 klst. í heild þar sem húsverðir áttu að geta valið um þrjár leiðir. Í fyrsta lagi um umhverfismál og ræstingu, í öðru lagi um húsvörslu í skólum og íþróttamannvirkjum og í þriðja lagi um tölvutækni og húsvörslu. Þetta hefur þó ekki verið kennt.

Námsmatið var í formi tímasóknar þar sem um símatsáfanga var að ræða með 90% verkefnaskilum og 90% mætingaskyldu.

Iðntæknistofnun í samstarfi við Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Securitas hf. hélt 21 stunda námskeið, *Tölvutækni í húsvörslu*. Farið var í tölvuumsjón (10 stundir) þar sem ýmis forrit voru skoðuð s.s. Windows forrit sem nýtast húsvörðum í starfi; Hússtjórnarkerfi (7-8 stundir) þar sem farið var m.a. í loftræstikerfi, aðgangskerfi, brunavarnarkerfi, öryggiskerfi, s.s. skynjara, hita, rafmagn og myndavélar, lyftukerfi, símakerfi, vatnsúðunarkerfi og snjóbræðslukerfi; síðan var heimsókn (3-4 stundir) í stofnun og séð hvernig hússtjórnarkerfi eru í framkvæmd.

### **Rannsókn á viðhorfi húsvarða til menntunar:**

Fram kemur hjá Gerði G. Óskarsdóttur og Valdís Eyju Pálsdóttir (1997) að yfirmenn umsjónarmanna töldu að í framtíðinni væri æskilegt að farið yrði að krefjast aukinnar menntunar af starfsmönnum. Helstu námskeið sem yfirmenn vildu senda starfsmenn á voru almenn tölvunámskeið, sérhæfð námskeið um starfið og námskeið í mannlegum samskiptum.

Einnig kemur fram í rannsókninni að innan við helmingur umsjónarmanna/húsvarða (sem eru 15 talsins) höfðu hlotið einhverja endurmenntun. Þegar þeir voru spurðir hvaða námskeið þeir vildu fara nefndu þeir almenn námskeið eins og tölvunámskeið, tungumálanámskeið, námskeið í samskiptum og skyndihjálp. Einnig voru nefnd námskeið í loftræsti- og öryggismálum.

Störf umsjónarmanna/húsvarða hafa orðið flóknari með árunum að mati viðmælenda þar sem meira álag fylgir starfinu og ný verkefni bætast við.

### **19.2.3 Lög og reglugerðir**

Í námsgögnum fyrir húsverði, unnum af Iðntæknistofnun, er farið yfir lög og reglugerðir sem húsverðir þurfa að þekkja til. Þessi lög kveða þó ekki á um menntun húsvarða heldur frekar um ýmsar skyldur húsfélaga og meðferð íslenska fánans. Þetta eru lög um fjöleignahús, réttindi og skyldur íbúðareiganda, hvað er sameiginlegur kostnaður, ákvarðanatökur í húsfélögum, húsfundi og leiðbeiningar um íslenska fánann.

### 19.3 Laugarverðir

Áætlað er að um 150-200 sundstaðir séu á Íslandi og eru að jafnaði 1-4 laugarverðir á hverjum stað. Ekki er talið ólíklegt að um 500 laugarverðir séu starfandi á landinu öllu. Upplýsingar um það liggja hins vegar ekki fyrir. Í Reykjavík eru 7 sundstaðir með um 30-40 manns. (Munnleg heimild: Erling Jóhannsson, íþróttafulltrúi Reykjavíkurborgar.)

#### 19.3.1 Störf

Í rannsókninni færnikröfur starfa kemur fram starfslýsing fyrir umsjónarmenn sundlauga. Þeir hafa umsjón með búnaði sundlaugarbyggingar, s.s. hreinsibúnaði í sundlauginni, loftræstikerfi og eldvarnarbúnaði, annast daglegt eftirlit með sundlaugarvatni og sjá um hreinsun sundlaugarkers þegar þörf er á. Þá hafa þeir einnig yfirumsjón með allri hreingerningu í byggingu, sjá um innkaup rekstrarvara og líta eftir daglegri umgengni.

Almennt má búast við að laugarverðir í Reykjavík séu í BSRB.

Í námsefni Rauða kross Íslands kemur fram að hlutverk laugarvarða sé eftirfarandi:

- eru eftirlitsmenn sem fylgjast með sundlauginni og gestum í lauginni og við hana,
- hafa þekkingu og hæfileika til að sjá út hættulega staði,
- veita sundlaugargestum ráðleggingar og aðstoð,
- draga úr hættum,
- fylgjast með björgunarbúnaði/leikföngum,
- eru góðir sundmenn,
- bregðast fljótt og örugglega við óhöppum í vatni, umhverfis sundlaug, í pottum og búningsklefum og geta beitt réttum handbrögðum við björgun,
- kalla eftir aðstoð starfsfólks og vita hvernig á að nota þau tæki sem eru til staðar,
- veita þeim skyndihjálp sem hafa slasast þar til sérhæft hjálparlið kemur á vettvang,
- fylgja eftir reglum og fara yfir þær með starfsfólki og gestum,
- hafa laugina og allt umhverfi í góðu lagi, svo sem tæki og annað tilheyrandi.

#### 19.3.2 Menntun

Engar kröfur eru gerðar um formlega menntun laugarvarða en farið er fram á að þeir séu ekki yngri en 18 ára og að þeir leggi fram heilbrigðisvottorð með umsókn sinni. (Samband íslenskra sveitarfélaga, Hollustuvernd ríkisins, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, Vinnueftirlit ríkisins, Slysavarnafélag Íslands og Menntamálaráðuneytið, 1999.) Forstöðumönnum sundlauga er frjálst að velja starfsfólk sem þeir telja hæft. Í samtali við einn forstöðumann sundlaugar í Reykjavík sagðist hann miða við að sundlaugarverðir séu ekki yngri en 20 ára.

Þegar laugarverðir hefja störf eru þeir skyldugir til að taka 24 klst. skyndihjálparnámskeið sem kennt er og skipulagt af Rauða krossi Íslands. Þeir þurfa einnig að taka staðlað sundpróf sem felst í eftirfarandi: Synda 600 metra á innan við 21 mínútu; kafa 15 metra; synda 25 metra á innan við 30 sekúndum; kafa eftir dúkku á dýpsta

stað í lauginni; synda björgunarsund með jafningja; synda 25 metra í öllum fötum; sækja 3 hluti á dýpsta stað í lauginni.

Vandað námsefni hefur verið gefið út af Rauða krossi Íslands sem nefnist “Skyndihjálpar og björgun fyrir sundstaði”. Náms efnið skiptist í 11 meginflokkar sem eru: Almenn um laugarvörslu; Samskipti við almenning; Neyðaráætlun; Slysavarnir; Greining sundgests í vandræðum; Helstu þættir árangursríkrar vöku; Björgun úr sundlaug; Háls- og hryggáverkar; Almenn skyndihjálpar; Bráðir sjúkdómar; Tækjábúnaður til súrefnis meðferðar.

Laugarverðir þurfa að ljúka árlega námskeiði í skyndihjálpar sem er sérstaklega ætlað sundstöðum. Síðan er það háð hverjum vinnustað hvernig endurmenntun starfsfólks er háttað. Í viðtali við einn forstöðumann kvaðst hann halda að jafnaði eina æfingu fyrir starfsfólk á 3ja vikna fresti. Þar er farið er yfir ýmis atriði, s.s. súrefnistösku eða önnur öryggismál. Á þessum starfsmannafundum sem eru um ein klukkustund er skráð hverjir mæta og litið á þetta sem eðlilegan hluta af starfinu.

Þeir laugarverðir sem hafa lokið þessu 24 klst. námskeiði og þeir sem sinna endurmenntun árlega hafa einir rétt á að bera merki Rauða kross Íslands.

### 19.3.3 Lög og reglugerðir

Í janúar 1999 gaf menntamálaráðuneytið út reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar með vísun í 14. gr. íþróttalaga nr. 64/1998. Þriðji kafli reglnanna fjallar um laugargæslu og þar er kveðið á um 24 klst. sérhæft námskeið í skyndihjálpar fyrir nýja starfsmenn. Í samráði við Rauða kross Íslands á að halda árlega 6-8 klst. endurmenntunarnámskeið í skyndihjálpar.

Ýmis lög og reglur gilda um íþróttamannvirki. Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 7/1998 byggir á lögum nr. 457/1998. Skv. 5. kafla reglugerðarinnar eiga sundverðir að taka hæfnispróf sem felst í 24 klst. skyndihjálparnámskeiði og haldið er af Rauða kross Íslands og sundprófi. Árlega er síðan skylda að taka 6-8 klst. skyndihjálparnámskeið sem skipulagt er af sundstöðunum en Rauði kross Íslands sér um kennsluna.

Einnig er gefinn út bæklingur um öryggismál og hann sendur starfsfólki sundlauga og grunnskólabörnum.

Því má segja að þjálfun laugarvarða sé í samræmi við þau lög og reglur sem gilda um þessa starfsemi.

### 19.4 Lífverðir

Ekki er vitað til þess að margir starfi sem lífverðir hér á landi. Þó eru þrír starfandi hjá Securitas ehf. og hafa þeir lokið lífvarðanami í Bretlandi. (Munnleg heimild: Árni Guðmundsson hjá Securitas ehf.)

Lífverðir starfa eftir lögum og reglugerð um öryggisþjónustu. Sjá umfjöllun hér að neðan.

### **19.5 Skipavaktmenn**

Fáir skipavaktmenn eru starfandi hér á landi og má segja að þetta starf sé að leggjast af. (Munnleg heimild: Guðjón Petersen.) Starfið felst einkum í að standa vakt um borð í skipi sem er í höfn.

### **19.6 Veggangaverðir**

Um er að ræða starfsfólk sem sinnir öryggisvörslu í Hvalfjarðargöngunum en þar eru átta manns í fullu starfi. Sex þeirra eru sjómenn og hafa lokið skyndihjálpi hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Hins vegar er ekki krafist sérstakrar menntunar til starfsins að undanskildum heiðarleika, stundvísi og slíkum almennum kröfum. (Munnleg heimild: Marínó Tryggvason hjá Spöl hf.)

Fyrirtækið Spölur hf. á Akranesi sér um rekstur ganganna og ráðningu starfsfólks. Samkvæmt símtali við þá er engrar sérstakrar endurmenntunar krafist af starfsfólki en það er sent á námskeið ef forráðamenn telja ástæðu til og tækifæri gefst. Hingað til hafa starfsmenn sótt upprifjunarnámskeið í skyndihjálpi sem tók 4 klst. og heimsótt Neyðarlínuna til að kynna starfsemi þar.

Ekki er talin þörf á sérstakri menntun fyrir veggangaverði þar sem stutt er í hjálpi bæði frá Akranesi og Reykjavík og stjórnstöðin er beintengd við Neyðarlínuna. Ef hættuástand skapast er það hlutverk veggangavaraðanna að láta Neyðarlínu vita, loka göngunum og gefa út tilkynningu í útvarpskerfið sem er í göngunum. (Munnleg heimild: Marínó Tryggvason hjá Spöl hf.)

### **19.7 Öryggisverðir**

Hér verður fjallað annars vegar um öryggisverði á sjúkrahúsum og hins vegar hjá öryggisþjónustufyrirtækjum.

#### **19.7.1 Sjúkrastofnanir**

Á sjúkrahúsum eru starfandi öryggisverðir. Starfsheitið öryggisvörður er þó eingöngu til á Landsspítala háskólasjúkrahúsi. Í öðrum sjúkrahúsum eru það gjarnan vaktmenn sem sinna þessu starfi.

Hér verður eingöngu rætt um starf öryggisvaraða á Landsspítalanum háskólasjúkrahúsi. Um viðamikilið starf að ræða. Sem dæmi má nefna að 65-70 inngangar eru í húsinu og miklu er stolið skv. viðtali við öryggisfulltrúa spítalans. Lögregla hefur verið fengin til að sækja útigangsfólk sem er að þvælast í húsinu. Í síðustu ársskýrslu Landsspítalans háskólasjúkrahúss kemur fram að um 6000 manns fari í gegnum húsið á dag og um 4000 bílar eru daglega á lóðinni. Lóðin er um 55-65 þúsund fermetrar.

Í ársskýrslunni kemur fram að 2480 manns starfa á Landsspítalalóðinni með Þverholti, Templarahöllinni og starfsemi við Rauðarárstíg. Í heild störfuðu um 3000 manns hjá spítalanum.

### 19.7.1.1 Störf

Alls starfa átta öryggisverðir á spítalanum og einn í afleysingum. Sex þeirra ganga hring á geðdeild. Tveir eru á vakt hverju sinni. Öryggisverðir hjá Landsspítalanum eru í Starfsmannafélagi ríkisstofnana.

Í febrúar árið 2000 var stofnuð öryggis- og flutningadeild. Í þeirri deild starfa:

- Öryggisvörður I - sem fer fyrir vakt.
- Öryggisvörður II - er laus og aðstoðar á geðdeild.
- Umsjónarmaður tækja og í vaktabúri - undirmenn eru m.a. vaktmenn I og II,
- Öryggisgæsla á geðdeild og sendlar.

Vaktmenn sjá um ýmis konar þjónustu og flutning á matvörum eða öðrum birgðum.

Öryggisverðir sjá um að vakta húsnæði og sjúklinga. Því er um öryggisverði að ræða sem vakta húsið og einnig lausa öryggisverði innanhúss sem gæta sjúklinga og uppfærða starfsfólk og eru því til halds og trausts. Öryggisvörður er á geðdeild alla daga frá 20.30 til 7.30 og vaktar þar m.a. anddyrið.

### 19.7.1.2 Menntun

Öryggisverðir fengu um 40 klst. grunnþjálfun. Grunnnámskeiðið samanstóð af eftirtöldum þáttum:

- Eldvarnir I.
- Rýmingaráætlun.
- Öryggiseftirlit og öryggiskerfi.
- Sýkingarvarnir.
- Meðhöndlun kúta.
- Varnarviðbrögð og órólegir sjúklingar.
- Réttarstaða.
- Meðferð, s.s. hjartastuðtæki.
- Líkflutningar og siðareglur.
- Skyndihjálparvarðandi neyðaraðstoð, s.s. blástursaðferð og hjartahnoð.
- Eldvarnir II.
- Öryggiskerfi II.
- Hópefling.
- Samskipti við slökkvilið og Neyðarlínu.

Námskeiðið nýttist einnig fleira starfsfólki á spítalanum svo sem yfirmönnum á deildum.

Á námskeiðinu var samvinna höfð við ýmsa aðila. Sem dæmi sá ÍSAGA um fræðslu um hættuleg efni og kútamál. Einnig var fræðsla um rafmagnstöflur. Samkvæmt viðtali við öryggisfulltrúa spítalans kemur þetta námskeið til með að vera haldið fyrir nýráðna öryggisverði í framtíðinni.

### 19.7.1.3 Lög og reglugerðir

Engin lög eða reglugerðir eru til um hvaða kröfur eru gerðar til þessara starfsmanna.

Í samtali við öryggisfulltrúa kom fram að engar reglur væru til um námskeið fyrir öryggisverði. Heilbrigðisyfirvöld og lögregla þyrftu að koma að því að semja reglur um öryggisgæslu á spítölum. Þetta skiptir máli til að gæslumenn og starfsfólk átti sig á hvað það má gera og hvað ekki, bæði gagnvart utanaðkomandi fólki og gagnvart sjúklingum.

### 19.7.2 Þjónustufyrirtæki

Hér er fjallað um öryggisverði sem starfa hjá öryggisþjónustufyrirtækjum. Samkvæmt upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu störfuðu alls 19 öryggisþjónustufyrirtæki í september 2000.

Öryggisfyrirtæki sjá um að vakta hús, öryggiskerfi, fyrirtæki, sinna neyðarhnappaþjónustu og fleira. Í reglugerð um öryggisþjónustu nr. 340/1997 kemur fram að öryggisþjónusta getur falist í fimm meginþáttum og er hverju fyrirtæki veitt leyfi til að sinna hverjum þessara þátta:

- a) eftirlit með lokuðum svæðum og svæðum opnum almenningi, hvort heldur er með eftirlitsferðum vaktmanna eða myndavélum,
- b) flutningi verðmæta,
- c) taka við og sinna boðum frá einstaklingum um aðstoð,
- d) taka við og sinna boðum frá viðvörunarkerfum vegna eldsvoða, vatnsleka, innbrots, hitastigs, rafmagnsleysis eða dæluvirkni,
- e) vernd einstaklinga með lífvörðum.

Þrjár vaktstöðvar eru á landinu að því er SBÖL kemst næst. Þær eru hjá Neyðarlínunni, Securitas á Akureyri og hjá Öryggismiðstöð Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá Eiríki Þorbjörnssyni (1999) eru um 95.000 fjölskyldur í landinu og um 25.000 fyrirtæki starfrækt. Öryggisgæslu er aðeins sinnt í 8% tilfella eða hjá 9.510 aðilum, sem nær þá bæði til fyrirtækja og heimila í landinu.

### 19.7.2.1 Störf

Áætla má að um 180 til 190 öryggisverðir séu á landinu að ótöldu öðru starfsfólki hjá fyrirtækjunum. Securitas hf. er stærsta öryggisfyrirtækið á Íslandi með 130 öryggisverði. Þeir sjá fleiri öryggisfyrirtækjum fyrir öryggisvörðum og má þar nefna Vara. Securitas á Akureyri er með 12 öryggisverði í vinnu og Öryggismiðstöð Íslands er með 22 öryggisverði í vinnu. Líklega eru mörg öryggisfyrirtæki á landsbyggðinni aðeins með einn til tvo starfsmenn.

#### Upplýsingar frá Securitas hf.

Öryggisdeild Securitas er skipt í sex megin svið: farandgæslu og útkallsþjónustu; staðbundna gæslu; verðmætaflutninga; fjargæslu (vöktun og afgreiðslu boða frá öryggiskerfum); rýrnunareftirlit; og ráðgjöf.

Fram kemur í starfsmannahandbók Securitas (Securitas, 1998) hvað hver þessara þátta felur í sér.

- *Farandgæslan* byggir á því að öryggisverðir á merktum bílum fyrirtækisins sinna almennu fyrirbyggjandi eftirliti í fyrirtækjum og stofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Hver öryggisvörður hefur umsjón með ákveðnu svæði eða borgarhluta þar sem hann sinnir eftirliti hjá þeim viðskiptavinum fyrirtækisins sem gert hafa þjónustusamning um að komið sé ákveðinn fjöldi eftirlitsferða á staðinn utan almenns vinnutíma. Farandgæslan á sérstaklega vel við þar sem erfitt er að byggja einvörðungu á öryggiskerfum eða þar sem nauðsynlegt er að stunda fyrirbyggjandi eftirlit með vélum og tækjabúnaði sem verður að tryggja reglulegt eftirlit með. Farandgæslan yfirfer að frágangspættir séu í lagi, þannig að dregið sé úr líkum á að eitthvað beri út af sökum slægs frágangs. Farandgæsla er ekki hugsuð sem markviss innbrotavörn þar sem stöðugt eftirlit er ekki haft með staðnum.
- *Staðbundin öryggisgæsla*. Securitas sér um staðbundna öryggisgæslu hjá ýmsum af stærstu fyrirtækjum landsins, s.s. olúfélögum, verslunarmiðstöðvum, bönkum, ráðuneytum og sendiráðum, svo eitthvað sé nefnt. Securitas skipuleggur og sér um framkvæmd formfastrar öryggisgæslu hjá þessum aðilum, þó allt eftir óskum og þörfum hvers og eins. Við framkvæmd staðbundinnar öryggisgæslu má skapa meiri formfestu en almennt tíðkast við næturgæslu hérlendis og almennt markvissari vinnubrögð við hugsanlegar neyðarupppákomur, enda öryggisverðir sérstaklega þjálfaðir fyrir hlutverk sitt.
- *Verðmætaflutningar* er sú þjónusta sem vaxið hefur hvað mest í þjónustuframboði Securitas á undangengnum árum, ásamt fjargæslu. Aukin eftirspurn er eftir öruggum flutningi á verðmætum á milli staða, sér í lagi á flutningi uppgjörs verslana í banka, en Securitas hefur sérhæft sig á því sviði með vandaðan búnað og sérþjálfaða öryggisverði. Markmiðið er að óprúttnir aðilar uppskeri ekki verðmæti við rán eða ránstílaun.
- *Fjargæsla* er unnin í samvinnu við Neyðarlínuna. Í stjórnstöð Neyðarlínunnar eru tengd öll öryggiskerfi viðskiptavina Securitas, en þaðan fara öryggisverðir fyrirtækisins í útköll þegar boð berast, jafnframt því sem sá öryggisvörður sem er staðsettur í viðkomandi borgarhluta fer á staðinn. Stjórnstöðin vaktar öryggiskerfi af ýmsu tagi og má m.a. nefna viðvörðunarkerfi gagnvart innbrotum, bruna, vatns-

leka, hita og kælieftirlit, sérstaka árásarhnappa sem áður voru eingöngu í bönkum en eru nú all víða þar sem ráns- eða árásarhætta er til staðar. Síðast en ekki síst má nefna öryggishnappa fyrir eldri borgara og sjúka, sem búa einir, en þeir eru tengdir stjórnstöð um sérstakan þráðlausan öryggishnapp sem opnar þeim möguleika á talsambandi við stjórnstöð um sérstakan þráðlausan öryggishnapp ef eitthvað bjátar á. Algengast er að samningur um öryggishnappa komi í gegnum Tryggingastofnun ríkisins.

- *Rýrnunareftirlit* er þjónusta sem verslanir sækjast eftir á álagstímum svo sem fyrir jól og þegar stórar útsölur standa yfir. Securitas hefur um árábil veitt þessa þjónustu, bæði svokallað einkennt og óeinkennt eftirlit, en stigsmunur er á þessum tveimur þjónustuháttum. Rýrnunareftirlit er sniðið að þörfum hvers og eins, en megintilgangur þess er að koma í veg fyrir óæskilega rýrnun sem oft hefur leitt til verri afkomu fyrirtækja. Víða er þörf fyrir rýrnunareftirlit árið um kring.
- *Ráðgjöf* er veitt á sviði öryggismála. Slík ráðgjöf stendur viðskiptavinum Securitas til boða þeim að kostnaðarlausu, upp að ákveðnu marki. Ráðgjöfin felur í sér að benda viðskiptavinum á hagkvæmustu og bestu valkosti hvað varðar öryggismál á hverjum tíma. Securitas býður að auki almenna öryggisúttekt og ráðgjöf samkvæmt tilboði eða selda í tímavinnu. Fyrirtæki og stofnanir fá aðstoð við stofnun sérstakra öryggissveita sem hafa það hlutverk að leiða samstarfsmenn í viðbrögðum ef eitthvað ber út af. Námskeið eru svo haldin reglulega fyrir öryggissveitirnar til að viðhalda þekkingu þeirra og hæfni til að sinna hlutverki sínu. Að auki hefur fyrirtækið staðið fyrir námskeiðahaldi, þar sem tilgangurinn er að gera starfsmenn meðvitaðri um öryggismál í daglegu starfi og auka hæfni þeirra til markvissra viðbragða á neyðarstundu.

Til að starfa sem öryggisvörður hjá Securitas þurfa nýliðar að hafa hreint sakavottorð. Aldursmörk eru 20 ár. Umsækjendur þurfa að skila inn læknisvottorði sem staðfestir að heyrn, sjón og lyktarskyn sé í lagi. Ekki er gerð krafa um lágmarksmenntun en öll reynsla af öryggisvörslu, þekking á skyndihjálpi, reynsla af næturvinnu og almenn starfsreynsla af sambærilegum störfum er metin. Starfsmenn skrifa undir þagnar- og trúnaðarheit. (Munnleg heimild, Árni Guðmundsson Securitas.) Reynslutími nýráðinna er tveir mánuðir. Öryggisverðir fara jafnan á eftirlaun við 67 ára aldur.

Starfsmenn öryggisdeildar hjá Securitas eru í Eflingu, Hlíf eða Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur. (Securitas, 1998.)

### **Önnur öryggisþjónustufyrirtæki.**

Hjá Securitas á Akureyri starfa 12 öryggisverðir við farandgæslu, staðbundna gæslu, verðmætaflutning, rýrnunareftirlit og í stjórnstöð, samkvæmt viðtali við framkvæmdastjóra.

Hjá Öryggismiðstöð Íslands störfuðu 22 öryggisverðir í júlí 2000. Fyrirtækið hefur leyfi til að starfa að: eftirliti með lokuðum svæðum og svæðum opnum almenningi, hvort heldur er með eftirlitsferðum vaktmanna eða myndavélum; flutningi verðmæta; taka við og sinna boðum frá einstaklingum um aðstoð; taka við og sinna boðum frá viðvörunarkerfum vegna eldsvoða, vatnsleka, innbrots, hitastigs, rafmagnsleysis eða dæluvirkni; og vernd einstaklinga með lífvörðum.

Auk fyrrgreindra fyrirtækja, Securitas hf., Securitas á Akureyri og Öryggismiðstöðvar Íslands, höfðu eftirtalin öryggisþjónustufyrirtæki starfsleyfi í september 2000, samkvæmt upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

- 1) Björn Vignir Björnsson f.h. Öryggisþjónustu Blönduóss. Leyfi skv. acd.
- 2) Guðmundur Th. Ólafsson f.h. Öryggisþjónustu Suðurnesja. Leyfi acd.
- 3) Guðríður Gunnarsdóttir, Þúfu, Mosfellsbæ. Leyfi a.
- 4) Heiðmörk ehf., Bildshöfða í Reykjavík. Leyfi acd. Finnst ekki í símaskrá sem öryggisþjónustufyrirtæki.
- 5) Ragnheiður Jónsdóttir f.h. Öryggisþjónustu Sauðárkróks. Leyfi acd.
- 6) Vaktþjónusta Grundarfjarðar ehf. Leyfi acd.
- 7) Vaktþjónustan Vökustaur, Stykkishólmi. Leyfi acd.
- 8) Vari ehf., Reykjavík. Leyfi acd. Kaupir öryggisverði af Securitas.
- 9) Vilhjálmur J. Bergsteinsson, Vestmannaeyjum. Leyfi a og d.
- 10) Þórarinn Grímsson, Þorlákshöfn. Leyfi a-d.
- 11) Öryggisvarslan ehf., Höfn. Leyfi a-d.
- 12) Öryggisþjónusta Vesturlands, Akranesi. Leyfi ab.
- 13) Öryggisþjónustan hf., Reykjavík. Leyfi acd er í eigu Vara ehf.
- 14) Öryggisþjónustan í Snæfellsbæ ehf., Ólafsvík. Leyfi acd.
- 15) Varnan ehf., sinnir öryggisvörslu á spítölum. Leyfi a-e.
- 16) Þróstur Líndal, Hólabraut 26, Skagaströnd. Leyfi a-e.

### 19.7.2.2 Menntun

Ekki er krafist formlegrar menntunar af öryggisvörðum, hvorki af öryggisþjónustufyrirtækjum né í lögum eða reglugerðum. Í reglugerð nr. 340/1997 er kveðið á um að öryggisþjónustufyrirtækin sjálf sjái um nauðsynlega fræðslu fyrir öryggisverði. Nokkuð mismunandi er hvernig að fræðslu öryggisvarða er staðið. Sum fyrirtækjanna standa að skipulögðu námskeiðahaldi fyrir starfsfólk sem miðar að því að sérþjálfað í að sinna öryggisgæslu á þeim sviðum sem nefnd voru hér að ofan. Hér verður fjallað um námskeið sem Securitas hf., Securitas á Akureyri og Öryggismiðstöð Íslands halda fyrir öryggisverði.

#### Námskeið á vegum Securitas hf.

Í upphafi starfs fær öryggisvörður þjálfun. Fyrirtækið er kynnt og hvaða reglum er unnið eftir. Þjálfunin tekur mið af því starfi sem öryggisvörður er ráðinn til. Í staðbundinni gæslu þá fer þjálfunin t.d. fram á þeim stað sem unnið er á. Skipta má námskeiðunum/þjálfuninni í tvo meginþætti, það er grunnþjálfun og framhaldsþjálfun. (Securitas, 1998.)

*Grunnþjálfun:* (48-72 klst.)

- Kynning á fyrirtækinu, starfsreglum öryggisgæsludeildar og eðli starfsins (um 4 klst.).
- Starfsþjálfun á vettvangi og/eða í rútu (36-48 klst.).
- Skyndihjálparnámskeið í samvinnu við Rauða kross Íslands (6-16 klst.).
- Verkleg þjálfun starfsmanns í umsjá þjálfunarstjóra (um 12 klst.).
- Grunnatriði öryggis- og brunaviðvörðunarkerfa ásamt kynningu á reglum um framkomu öryggisvarða (4-6 klst.).

#### *Framhaldsþjálfun:*

- Kennsla í réttum viðbrögðum við eldsvoða, notkun slökkvitækja og eldvarnarfrágangi (um 4 klst.).
- Tækninámskeið, kennsla á hverskonar öryggiskerfi.
- Þjálfunarstjóri fer yfir störf öryggisvarðar tvisvar á ári til leiðbeiningar.
- Öryggisverðir fara til upprifjunar á námskeið í skyndihjálpar og eldvörnum að jafnaði einu sinni á ári.
- Vaktstjóri veitir öryggisverði daglega leiðbeiningu, stuðning og aðhald í starfi.
- Tækninámskeið fyrir öryggisverði í farandgæslu eru haldin vikulega, þar sem m.a. er kennt á nýjan búnað (1-2 klst.).

Viðhorfskönnun var gerð meðal starfsfólks hjá Securitas (Securitas, 1997). Þar kemur fram að starfsfólki í gæsludeild (sem nú er öryggisgæsludeild) fannst mikilvægt að yfirmenn bregðist vel við og afgreiði mál, að áhöld og tæki séu í góðu ástandi, að hafa þekkingu á vaktstað og kerfum á vaktstað og að geta almennt uppfyllt kröfur til starfsins. Mestrar ánægju gætti með að búa við atvinnuöryggi og að vinna hjá Securitas, að hafa þekkingu á vaktstað, hafa fast verkefni, fá aðstoð frá samstarfsfólki og að yfirmenn séu vingjarnlegir. Mest óánægja reyndist vera með skort á þjálfun í sjálfsvörn, að yfirmenn bregðist vel við og afgreiði mál og fréttamiðlun innan deildarinnar.

#### **Námskeið á vegum Securitas Akureyri.**

Samkvæmt viðtali við framkvæmdastjóra fá öryggisverðir 40 klst. námskeið í upphafi starfs þar sem í meginatriðum er farið yfir eftirtalin atriði sem eru kennd af starfsfólki fyrirtækisins eða í samvinnu við aðra:

- Bráðahjálpar/skyndihjálpar.
- Notkun handslökkvitækja.
- Virkni öryggiskerfa, kennt af tæknideild fyrirtækisins, bæði um innbrot og brunavörn.
- Starf öryggisvarðar og hvernig hann ber sig að í starfi sínu.
- Viðbrögð við óeðlilegu ástandi og samskipti við stjórnstöð og aðra við slíkar aðstæður.

Upprifjunarnámskeið eru haldin tvisvar til þrisvar á ári eftir því sem hentar þar sem farið er yfir ný atriði eða tæki sem notuð eru.

Einnig fara öryggisverðir á stoðnámskeið sem eru haldin af öðrum aðilum, s.s. hjá Eimskip í sambandi við gámaeftirlit og gámaaflestur. Eins dags skyndihjálparnámskeið er haldið árlega af sjúkraflutningamönnum Slökkviliðsins á Akureyri en það byggir á skyndihjálparnámskeiði Rauða kross Íslands.

## **Þjálfun hjá Öryggismiðstöð Íslands.**

Samkvæmt viðtali við Reyni Ólafsson hjá Öryggismiðstöðinni fer starfsþjálfun nýráðinna fram innan fyrirtækisins. Einn starfsmaður er ábyrgur fyrir þjálfun öryggisvarða. Nýráðnir öryggisverðir fá starfsþjálfun hjá eldri starfsmönnum auk þess sem þeir fara á 8 klst. skyndihjálparnámskeið sem Rauði kross Íslands heldur og er sérstaklega sniðið að þörfum fyrirtækisins. Einnig hafa starfsmenn farið á 4 klst. upprifjunarnámskeið í skyndihjálpi.

### **19.7.2.3 Lög og reglugerðir um öryggisþjónustu**

Skv. lögum um öryggisþjónustu nr. 58/1997 þarf leyfishafi að vera 25 ára, lögráða og hafa haft forráð á búi sínu síðastliðin fimm ár, auk þess að vera með hreint sakavottorð. Starfsfólk leyfishafa þarf að vera 18 ára.

Í reglugerð nr. 340/1997 um öryggisþjónustu segir í 4. gr. að leyfishafi eigi að sjá til þess að starfsmaður sem sinnir öryggisþjónustu fái nauðsynlega fræðslu til að hann geti sinnt starfinu með viðunandi hætti. Starfsmaður leyfishafa á einnig að hafa fengið viðeigandi fræðslu um hjálpi í viðlögum.

Í reglugerð nr. 570/1996 um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar í fimmta kafla er kveðið á um hvaða kröfur öryggisfyrirtæki þurfa að uppfylla svo vaktstöð neyðarsímsvörunar geti veitt þjónustu.

### **19.7.3 Rannsókn á störfum öryggisvarða**

Í rannsókninni færnikröfur starfa (Gerður G. Óskarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 2000) er starf öryggisvarða sagt felast í því að annast gæslu á fyrirtækjum eða híbýlum til varnar þjófnaði, vatnsskaða, eldi, skemmdarverkum eða óboðnum gestum. Ítarleg lýsing á starfi öryggisvarða er eftirfarandi:

- starfar staðbundið, þ.e. við gæslu í einu fyrirtæki, við fjargæslu, þ.e. á stjórnstöð eða við farandgæslu;
- hefur eftirlit með mannaferðum og öryggis- og rekstrarbúnaði, t.d. tölvum, frystum og ýmiss konar vélbúnaði;
- bregst við boðum sem berast frá neyðarhnöppum fyrir sjúklinga og eldri borgara eða öryggiskerfum og metur hvort kalla eigi til lögreglu, slökkvilið eða sjúkrabíl;
- annast verðmætaflutninga fyrir viðskiptavinum;
- gætir ýmissa öryggisatriða á viðkomandi stöðum, s.s. að dyr, gluggar og hlið séu vandlega lokað, slökkt eða kveikt sé á vélum eftir atvikum, skrúfað fyrir gastæki og hvergi leynist leki eða glóð;
- starfar stundum í stórum verslunarsamstæðum og bregst þá við þeim vandamálum sem upp koma, t.d. búðarhnupli, týndum börnum og slysum á fólki;
- sinnir stundum neyðarsímsvörun fyrir önnur fyrirtæki;
- sinnir stundum rýrnunareftirliti í verslunum, einkum á álagstímum.

- Öryggisvörður á stjórnstöð hefur yfirumsjón með gæslu.

### **Viðhorf öryggisvarða til menntunar**

Niðurstöður Gerðar G. Óskarsdóttur og Hildar Bjarkar Svavarsdóttur (2000) benda til að um 35% öryggisvarða telji sig fá of litla leiðsögn í upphafi starfs. Þar kemur einnig orðrétt fram:

„Spurt var um námskeið sem öryggisverðir hefðu mestan áhuga á að sækja í tengslum við starf sitt. Tækniþekking á öryggiskerfum og um tækjabúnað voru algengustu óskanámskeiðin, svo kom skyndihjálpi en færri vildu námskeið í tölvum, sjálfsvörn og samskiptum.

Þegar yfirmenn voru spurðir hvers konar námskeið þeir vildu senda starfsmenn sína á þá voru þau nokkuð samhljóða óskum starfsmannanna sjálfra, s.s. tækninámskeið, skyndihjálpi, meðferð slökkvitækja en yfirmenn minntust þó oft á námskeið í samskiptum og einn vildi fá erlendan fyrirlesara til að fræða starfsmenn um öryggisgæslu.

Allir yfirmenn öryggisvarða sem rætt var við mátu það svo að þeir myndu fela nýjum starfsmanni sömu verkefni og áður en þegar spurt var um kröfur til nýrra starfsmanna vildu sumir yfirmenn gera meiri kröfur um persónulega eiginleika, s.s. stundvísi, ábyrgð, eftirtektarsemi og lipurð í umgengni við aðra.

Meirihluti yfirmanna spáði því að innan næstu 5 ára myndi starf af þessu tagi krefjast meiri menntunar en hingað til hefur tíðkast, helst væri það menntun í tækjabúnaði öryggiskerfa, tungumálum og tölvum. Nær allir yfirmenn töldu æskilegt að starfið krefðist meiri menntunar en nú er, sumir vildu sjá starfsbraut innan framhaldsskóla."

## Heimildir

- Almannavarnir ríkisins (1994). *Samkomulag um heildarskipulag hjálparliðs almanna-  
varna*.
- Almannavarnir ríkisins (1998). *Hjálparlið Almannavarna. Skrá yfir vettvangsstjóra,  
verkefnisstjóra, flokksstjóra*. Reykjavík: Almannavarnir ríkisins.
- Almannavarnir ríkisins. Heimasíða 27.06.2000 [www.avrik.is](http://www.avrik.is)
- Áfengislög 1998 nr. 75 15. júní.
- Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar (2000) *Námsskrá fyrir veturinn  
2000-2001*. Reykjavík: Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar
- Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar (1999). *Leit er neyðarástand!  
Handbók í leitarstjórnun*. Reykjavík: Björgunarskóli Slysavarnafélagsins  
Landsbjargar
- Bráðamengunarnefnd (1997). *Viðbúnaður við bráðum mengunaróhöppum á sjó.  
Gagnaskrá*. Reykjavík: Umhverfisstofnun.
- Brunamálaskólinn (2000a). *Starfsemi 1994 til 2000*. Ráðstefna Hótel Loftleiðum 27.  
og 28. apríl 2000.
- Brunamálaskólinn (2000b). *Slökkviliðsmaður III. Námsvísir - Uppkast*. [Óútgefið  
handrit].
- Brunamálaskólinn (1998). *Eldvarnareftirlitsnámskeið. Námsvísir*.
- Brunamálaskólinn (1998). *Slökkviliðsmaður I Atvinnuslökkviliðsmenn. Námsvísir*.
- Brunamálaskólinn (1998). *Slökkviliðsmaður I. Áfangakerfi fyrir hlutastarfandi.  
Námsvísir*.
- Brunamálaskólinn (1998). *Slökkviliðsmaður II. Námsvísir*.
- Brunamálastofnun ríkisins (1999). *Almennar leiðbeiningar um val og notkun eiturefna  
búninga*. Reykjavík: Brunamálastofnun ríkisins.
- Brunamálastofnun ríkisins (1987). *Reglugerðir um reykköfun og reykköfunarbúnað og  
um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna*. Reykjavík: Brunamálastofnun ríkisins.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1997). *Lögreglulögin ásamt greinargerð*. Reykjavík:  
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Einar S. Arnalds (1993). *Stýrimannaskólinn í Reykjavík í 100 ár*. Reykjavík: Örn og  
Örlygur Bókaklúbbur hf.

- Gerður G. Óskarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir (2000). *Rannsókn á færnikröfum starfa. Samantekt um 3 störf: Fangavörður, Hafnarvörður og Öryggisvörður*. Reykjavík: Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands.
- Gerður G. Óskarsdóttir og Valdís Eyja Pálsdóttir (1997). *Færnikröfur starfa. Umsjónarmaður bygginga - húsvörður*. Reykjavík: Sammennt.
- Guðmundur Gíslason (2000). Gögn sem Guðmundur Gíslason, skrifstofu fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, sendi SBÖL um nám fangavarða á Íslandi: Um Fangavarðaskóla ríkisins dagsett 31.08.200 og Punktur um Fangavarðaskólann dagsett 30.11.1999. [Óbirt]
- Flugmálastjórn Íslands. ATS skóli (2000). *Flugumferðarstjórn. Kynning á námi og starfi flugumferðarstjóra á Íslandi*. Reykjavík: Flugmálastjórn Íslands.
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. *Námskeið fyrir húsverði og umsjónarmenn fasteigna*. Ýmis gögn sem SBÖL fékk.
- Hallur Árnason (2000). *Mengunaróhöpp 1999. Samantekt*. Reykjavík: Reykjavíkurohöfn.
- Hollustuvernd ríkisins. Heimasíða [www.hollver.is](http://www.hollver.is).
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. 1980 nr. 46 28. maí.
- Lög um almannavarnir. 1962 nr. 94 29. desember.
- Lög um atvinnuréttindi skipstjórnamanna á íslenskum skipum. 1984 nr. 112 31. desember.
- Lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélvarða á íslenskum skipum.
- Lög um brunavarnir og brunamál 1992 nr. 41 27. maí.
- Lög um brunavarnir nr. 75/2000 23. maí.
- Lög um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.
- Lög um breytingu á lögum um tilkynningaskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1997, með síðari breytingum. 1999 nr. 39 19. mars.
- Lög um breytingu á lögum nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum, nr. 28 18. mars 1999.
- Lög um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 83 27. maí 1997 (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.).
- Lög um fangelsi og fangavist 1998 nr. 48 19. maí.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir 1998 nr. 7 12. mars.

Lög um köfun. 1996 nr. 31 2. apríl

Lög um Landhelgisgæslu Íslands. 1967 nr. 25 22. apríl.

Lög um loftferðir nr. 60/1998.

Lög um lögskráningu sjómanna. 1987 nr. 43 30. mars.

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. 1996 nr. 70 11. júní.

Lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. *Stj. tíð. A, nr. 34/1985.*

Lög um tilkynningaskyldu íslenskra skipa 1997 nr. 40 13. maí.

Lög um varnir gegn mengun sjávar 1986 nr. 32 5. maí.

Lög um öryggisþjónustu 1997 nr. 58 22. maí.

Lögreglulög 1996 nr. 90 13. júní.

Lögregluskóli ríkisins. *Kynningarbæklingur vorið 2000.* Reykjavík: Lögregluskóli ríkisins.

Rauði kross Íslands *Skyndihjálpar og björgun fyrir sundstaði.* Reykjavík: Rauði kross Íslands.

Rauði kross Íslands (1999). *Kennsluskrá Sjúkraflutningaskólinn 1999-2000.* Reykjavík: Rauði kross Íslands f.h. Sjúkraflutningaskólans.

Rauði kross Íslands (2000). Sjúkraflutningaskólinn. [[www.redcross.is](http://www.redcross.is)].

Rauði kross Íslands. Bæklingur um námskeið á vegum Rauða kross Íslands sem lá fyrir í júní 2000.

Rauði kross Íslands. (2000b). *Neyðarvarnir. Fjöldahjálpar. Námssefni í neyðarvarnarnámskeiði.* Reykjavík: Rauði kross Íslands.

Reglugerð nr. 116 9. febrúar 1996 fyrir almannavarnaráð.

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 128/1997 um hafnaríkiseftirlit nr. 97/1999.

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 504/1986, um menntun réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna nr. 39/1989.

Reglugerð um breytingu á reglum um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands, nr. 207 16. maí 1990, nr. 119/1995.

Reglugerð um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar nr. 570/1996.

Reglugerð um menntun fangavarða og skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður nr. 304/2000.

Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa. Stjtið. B, nr. 294/1995.

Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna nr. 504/1986.

Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna. Stjtið. B, nr. 195/1994.

Reglugerð um fræðslu og þjálfun í brunavörnum og slökkvistarfi á vegum einkaaðila nr. 196/1994.

Reglugerð um hafnarrikiseftirlit nr. 128/1997.

Reglugerð um kafarastörf nr. 88/1989.

Reglugerð um Lögregluskóla ríkisins nr. 90/1997.

Reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999.

Reglugerð um sjúkraflutninga nr. 503/1986.

Reglugerð um skipan hjálparliðs almannavarna nr. 107/1969.

Reglugerð um skirteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands nr. 418/1999.

Reglugerð um starfsemi Flugmálastjórnar Íslands nr. 441/1997.

Reglugerð um tilkynningaskyldu íslenskra skipa nr. 255/1979.

Reglugerð um tilkynningaskyldu skipa sem flytja hættulegan varning nr. 710/1998.

Reglugerð um Tollskóla ríkisins, veitingu í fastar tollstöður o.fl. nr. 85/1983.

Reglugerð nr. 85/1983, um Tollskóla ríkisins, veitingu í fastar tollstöður o.fl., sbr. reglugerð nr. 73/1986 um breytingu á henni.

Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun sjávar nr. 465/1998.

Reglugerð um öryggisþjónustu nr. 340/1997.

Reglur um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands nr. 207/1990.

Reglur um slysavarnir í höfnum nr. 247/2000.

Samband íslenskra sveitarfélaga, Hollustuvernd ríkisins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Vinnueftirlit ríkisins, Slysavarnafélag Íslands, mennta-

málaráðuneytið (1999). *Reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Samningur um skipulag og umsjón menntunar sjúkraflutningamanna milli Rauða kross Íslands annars vegar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hins vegar, 30. september 1996.

Securitas (1997). Fréttir. *Fréttabréf Securitas 1. tbl. 1997*.

Securitas (1998). *Starfsmannahandbók Securitas*.

Siglingastofnun (1998). *Siglingamál Vitamál. Lög um Siglingastofnun Íslands. Lög um skráningu skipa. Lög um skipamælingar. Lög um eftirlit með skipum. Lög um vitamál. Lög um leiðsögu skipa. Lög um köfun. Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélvarða á íslenskum skipum. Lög um áhafnir íslenskra kaupskipa. Lög um lögskráningu sjómanna. Siglingalög*. Reykjavík: Siglingastofnun Íslands.

Siglingastofnun Íslands (2000). *Ársskýrsla Siglingastofnunar Íslands 1999*. Kópavogi: Siglingastofnun Íslands.

Siglingamálastofnun. Heimasíða 15.05.2000 [www.sigling.is](http://www.sigling.is).

Slysavarnaskóli sjómanna. Námslýsing á hafnaröryggisnámskeiði (gögn send SBÖL í september 2000).

Sjúkraflutningaráð Landlæknis (1999). *Námsskrá í sjúkraflutningum á Íslandi*. Reykjavík: Sjúkraflutningaráð Landlæknis.

Skýrsla nefndar umhverfissráðuneytisins um varnir og viðbrögð við mengunar-óhöppum á landi, ásamt viðaukum (1997).

Starfsreglur um öryggisfræðslu sjómanna nr. 323/1988.

Stýrimannaskólinn Reykjavík (1996). *Námskeið. Fjarskipti. GMDSS. ARPA. IMDG. GPS. Lyffakista. MAC - SEA. PC. 30 rúml. réttindanám. AVO*. Reykjavík: Stýrimannaskólinn í Reykjavík.

Tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum.

Tollskóli ríkisins (óbirt handrit). Fræðslustefna og markmið Tollskóla ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins. Heimasíða 30.06.2000 [www.ver.is](http://www.ver.is).

Vinnueftirlit ríkisins (1999a). *Ársskýrsla 1999*. Reykjavík: Vinnueftirlit ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins (1999b). Námskeið á vegum Vinnueftirlits ríkisins veturinn 1999-2000. *Vinnuvernd. Fréttabréf*.